


Beiting úrræða í
barnaverndarmálum, mörkin
milli stuðnings og þvingunar og
ákvörðunarferlið.

Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn

Anni G. Haugen

BARNAVERNDARSTOFA Ritroð 1



2004

Beiting úrræða
í barnaverndarmálum,
mörkin milli stuðnings og þvingunar
og ákvörðunarferlið.

Hlutur Íslands í norrænni
samanburðarrannsókn

Beiting úrræða
í barnaverndarmálum,
mörkin milli stuðnings og þvingunar
og ákvörðunarferlið.

Hlutur Íslands í norrænni
samanburðarrannsókn

Ritröð 1

Höfundur
Anni G. Haugen

Barnaverndarstofa
2004

*Norræn samanburðarrannsókn ...
2004 Barnaverndarstofa*

*Umbrot og prentun: Gutenberg
Ábyrgðarmaður: Bragi Guðbrandsson*

*Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530 2600
Bréfasími: 530 2601
Netfang: bvs@bvs.is
Veffang: www.bvs.is*

Efnisyfirlit

Samantekt og niðurstöður	1
1. kafli Barnavernd og rannsóknir	5
1.1 Grunnhugmyndir í íslenskum barnaverndarlögum.	5
1.2 Almenn um barnavernd.	6
1.3 Íslenskar rannsóknir á sviði barnaverndar	10
1.4 Fyrri rannsóknir um barnavernd á Norðurlöndum	11
2. kafli Tilurð rannsóknarinnar	12
2.1 Rannsóknarspurningar.	12
2.1.1 Fyrri hluti	13
2.1.2 Síðari hluti	14
2.2 Aðferðafræðin.	14
2.2.1 Beiting úrræða	14
2.2.2 Ákvarðanaferlið í þvingunarmálum	16
2.3 Úrtökin og einkenni þeirra	17
2.4 Þátttakendur.	18
2.5 Staða rannsakandans	18
2.6 Þýðing rannsóknarinnar fyrir barnaverndarstarf	19
3. kafli Almennar niðurstöður - óháðar einstökum málum	21
3.1 Skilgreiningar á barnaverndarmálum	21
3.2 Mismunandi mat starfsmanna á þörf fyrir vistun	24
3.3 Jákvæðir þættir	28
3.4 Neikvæðir þættir	30
3.5 Málsmeðferð	33
3.6 Sýnileiki barnsins	37
3.7 Sýnileiki foreldranna	37

3.8	Tengsl	39
3.9	Tilkynningar og mat á þeim	39
3.10	Könnun mála	42
3.11	Úrræði	43
3.12	Samvinna	46
3.13	Reynsla starfsmanna	52
4.	kafli Mat á einstökum málum	55
4.1	Pétur og Páll	55
4.1.1	Þörf á vistun utan heimilis	56
4.1.2	Mat starfsmanna	56
4.1.3	Stuðningsúrræði	57
4.1.4	Niðurstöður úr umræðunni	58
4.1.5	Sýnin á börnin	58
4.1.6	Sýnin á foreldrana	59
4.1.7	Sérstaða í máli Péturs og Páls	59
4.2	Friðrik	60
4.2.1	Þörf á vistun utan heimilis	61
4.2.2	Mat starfsmanna	61
4.2.3	Stuðningsúrræði	62
4.2.4	Niðurstöður úr viðtölum	63
4.2.5	Sýnin á Friðrik	63
4.2.6	Sýnin á foreldrana	64
4.2.7	Sérstaða í máli Friðriks	64
4.2.8	Úrræði	67
4.3	Lísa	67
4.3.1	Nýtt fósturheimili eða móðir	68
4.3.2	Mat starfsmanna	68
4.3.3	Stuðningsúrræði	69
4.3.4	Niðurstöður úr umræðunni	69
4.3.5	Sýnin á Lísu	69
4.3.6	Sýnin á foreldrana	71
4.3.7	Sérstaða í máli Lísu	75
4.4	Eiríkur	77
4.4.1	Þörf á vistun utan heimilis	78
4.4.2	Mat starfsmanna	78
4.4.3	Áherslur sem fram koma á eyðublöðum	79
4.4.4	Stuðningsúrræði	80

4.4.5	Niðurstöður úr umræðunni	80
4.4.6	Sýnin á Eirík	80
4.4.7	Sýnin á foreldrana	82
4.4.8	Sérstaða málsins	84
4.4.9	Tilkynningar	86
4.5	Kristín	86
4.5.1	Þörf á vistun utan heimilis	87
4.5.2	Mat starfsmanna	87
4.5.3	Stuðningsúrræði	88
4.5.4	Niðurstöður úr umræðunni	88
4.5.5	Sýnin á Kristínu	88
4.5.6	Sýnin á foreldrana	90
4.5.7	Sérstaða í máli Kristínar	92
5. kafli	Viðtöl við formenn nefndanna	93
5.1	Skipan barnaverndarmála	93
5.2	Mál sem barnaverndarnefndir fjalla um	95
5.3	Málsmeðferðin	99
5.4	Fundir barnaverndarnefnda	102
5.5	Nokkrar vangaveltur formannanna	105
5.6	Barnaverndarráð	105
6. kafli	Umræður	108
6. 1	Áhersla á vistun eykst eftir því sem vandi barnsins vex og verður langvarandi	108
6.2	Mismunandi mat starfsmanna á vali stuðningsúrræða	109
6.3	Sýnileiki barnsins	112
6.4	Starfið miðar að foreldrunum	113
6.5	Úrræðin og þekkingin á reynslunni af þeim	115
6.6	Trú starfsmanna á að ná samvinnu við foreldra um nauðsynleg úrræði	116
6.7	Ákvörðun og skipulag	117
6.8	Ábendingar	119
Viðauki		120
Heimildir		142

Formáli

Í þessari skýrslu er að finna íslensku niðurstöðurnar úr samnorrænni rannsókn um beitingu úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvarðanaferlið. Auk Íslands tóku Noregur og Danmörk þátt í rannsókninni og niðurstöður þeirra landa verða gefnar út í hvoru landi fyrir sig. Danska skýrslan kom út þegar árið 2002 og nefnist „Tærskler for anbringelse. En vignetundersøgelse om socialforvaltningernes vurderinger i børnesager“. Norska skýrslan mun birtast haustið 2004. Jafnframt verður gefin út sameiginleg norræn skýrsla, þar sem auk þess að segja stuttlega frá niðurstöðum hvers lands um sig, verða bornir saman ákveðnir þættir til að leita svara við rannsóknarspurningunum, til að undirstrika atriði sem eru lík og ólík og fjallað um mögulegar ástæður fyrir því. Norræna skýrslan verður gefin út haustið 2004.

Frumkvæðið að rannsókninni tók Turid Vogt Grinde, sálfræðingur, hjá Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA) og hefur hún leitt starfið. Samstarfsmaður hennar í Noregi var Vigdís Bunkholt, sálfræðingur. Danski hluti rannsóknarinnar var unnin á vegum Socialforskningsinstituttet af Tine Egelund, rannsakanda og Signe Andréen Thomsen. Fyrir hönd Íslands tók undirrituð þátt í þessu samstarfi fyrir hönd Barnaverndarstofu. Norræna ráðherranefndin styrkti rannsóknina.

Forsendur íslenska hluta rannsóknarinnar var þátttaka starfsmanna nokkurra barnaverndarnefnda og formanna þeirra, auk Barnaverndarráðs. Allir þeir sem leitað var til tóku beiðni um þátttöku vel og lýstu sig reiðubúna til að eyða tíma og kröftum í þetta verkefni. Umræðurnar sem sköpuðust og vangavelturnar kringum ólík vandamál og spurningar sem rædd voru urðu gefandi og

leiddu til frekari hugleiðinga um barnaverndarstarfið. Á öllum þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni eyddi stór hluti starfsmanna heilum vinnudegi í verkefnið og voru virkir og áhugasamir. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki geta orðið. Sama er að segja um formenn nefndanna sem allir voru reiðubúnir að hitta mig og ræða um ákvarðanatöku í barnaverndarmálum. Öllum þessum aðilum eru færðar innilegar þakkir.

Ýmsir aðrir hafa veitt ómetanlega hjálp og stuðning við framkvæmd rannsóknarinnar og skulu nokkrir þeirra nefndir hér. Við undirbúning og framkvæmd viðtalanna við starfsmenn var Guðný Björk Eydal, lektor í félagsráðgjöf við HÍ ómetanleg hjálp. Hún las einnig yfir handrit og kom með mikilvægar og gagnlegar ábendingar og það sama gerði Ingebjörg Broddadóttir, deildarstjóri í Félagsmálaráðuneytinu.

Rannsóknin er unnin á þremur árum, að mestu í starfi mínu á Barnaverndarstofu. Ég vil þakka yfirmanni mínum, Braga Guðbrandssyni, fyrir að fá tækifæri til að vinna að jafn viðamiklu verkefni, sem hefur tekið tíma og orku frá öðrum verkefnum. Samstarfsmönnum mínum þakka ég einnig þolinmæðina. Samstarfsaðilum mínum við rannsóknina, þeim Turid Vogt Grinde, Vigdis Bunkholt og Tine Egelund vil ég þakka fyrir endalausar frjóar umræður um barnavernd. Síðast en ekki síst vil ég þakka konu minni, Margréti Arnljótsdóttur, sem hefur verið óþreytandi í að hvetja mig áfram, gagnrýna og hrósa þegar þörf hefur verið á.

Anni G. Haugen

Samantekt og niðurstöður

Árið 2000 var óskað eftir þátttöku Íslendinga í norrænni rannsókn um barnaverndarmál. Annars vegar var markmiðið að skoða og fá skýrari mynd af því hvað það er sem ræður því að starfsmenn leggja áherslu á að styðja barn áfram hjá foreldrum sínum eða leggja til að barnið fari að heiman. Hvað gerist í þessu ákvarðanaferli og er hægt að sjá hvað það er sem ræður? Hins vegar átti í rannsókninni að skoða og bera saman eins og hægt er þau kerfi sem taka endanlega ákvörðun í barnaverndarmálum. Barnaverndarstofa ákvað að taka þátt í þessu samstarfi með Norðmönnum og Dönum og lagði til þess fjármagn, tíma og krafta eins starfsmanns og hófst starfið vorið 2001. Við vinnslu rannsóknarinnar fengust ekki eingöngu upplýsingar um þau atriði sem nefnd eru hér að framan heldur einnig um ólíka þætti barnaverndarstarfsins og vanga-veltna og hugmynda starfsmanna. Því er í íslensku niðurstöðunum fjallað um fleiri þætti en þá sem rannsóknarspurningarnar miðuðu að og er það von mín að það geti orðið starfsmönnum hvatning til frekari umræðu um barnaverndarstarf og geti nýst í stöðugri viðleitni við að gera barnaverndarstarf markvissara.

Rannsóknin byggist á 5 tilbúnum málum (dæmisögum) sem starfsmenn á 5 stöðum á landinu fjölluðu um. 4 málanna voru í þremur þáttum, þannig að vandinn var minnstur í fyrsta hlutanum en fór svo stigvaxandi. Málin voru öll dæmigerð barnaverndarmál, þar sem reyndi á greiningu og mat starfsmanna. Þá var rætt við formenn þessara fimm nefnda og þeir spurðir út í skipulag starfsins og hvernig ákvörðunarferlið væri. Málin er að finna í viðauka á bls. 122.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

Áhersla er lögð á að börnin fari af heimilinu þegar vandinn vex eða er orðinn langvarandi

Tillögur um að börn fái stuðning utan heimilis koma þegar börnin eru orðin eldri og vandinn meiri og langvarandi. Helstu rökin fyrir því að börnin eigi að fara af heimili sínu eru: stuðningur sem veittur hefur verið hefur ekki skilað árangri, foreldrar ráða ekki við vandann og börnin þurfa að komast í annað umhverfi og kynnast öðrum aðstæðum. Þegar verið er að fjalla um yngri börnin er hugmyndin að þau fari í fóstur en hins vegar er oftast lagt til að eldri börn fari á stofnun.

Mismunandi mat starfsmanna á þörf fyrir vistun

Mat starfsmanna á því hvort rétt sé að leggja til vistun utan heimilis er mismunandi, einnig innan sömu skrifstofu. Dæmi um það er að einn starfsmaður leggur höfuðáherslu á að styðja barnið heima á meðan annar telur rétt að barnið fari í fóstur eða á meðferðarheimili.

Lítið rætt við yngri börn

Starfsmenn tala almennt ekki um að ræða við börnin sjálf. Í þeim tilvikum sem það er gert er það oftast á þeim nótum að útskýra eigi eitthvað fyrir barninu eða gera því grein fyrir einhverju, ekki að tala við það til að fá upplýsingar og hugmyndir að því hvað best sé að gera. Þessu er öfugt farið þegar fjallað er um ungling, þá leggja starfsmenn áherslu á að ræða við hann og fá fram skoðanir hans og óskir.

Starfið miðar að foreldrunum

Í umræðum um málin er megináhersla lögð á foreldrana og þeirra vandamál. Stuðningsúrræðin sem lögð er áhersla á virðast að nokkru ráðast af því hvort foreldrar njóti samúðar starfsmanna án þess að ákveðið mat á getu og hæfni foreldris til að sinna uppeldishlutverkinu liggi fyrir.

Trú á úrræðum barnaverndar

Starfsmenn hafa almennt trú á að þau úrræði sem barnaverndarnefnd hefur og getur lagt til og aðkoma barnaverndar geti stuðlað að jákvæðum breytingum fyrir barnið. Ekki kemur fram hvort starfsmenn byggi þessa trú sína á niðurstöðum rannsókna eða hvort þeir gangi fyrst og fremst út frá reynslu og þeirri von að stuðningurinn muni skila árangri.

Áhersla á samvinnu

Mikil og almenn trú er á því að samvinna muni nást við foreldra um þau úrræði sem nauðsynleg eru talin og starfsmenn telja mikilvægt að eyða miklum tíma og vinnu í að ná þessari samvinnu. Þannig virðist öll hugsun um þvingun vera fjarlæg.

Ólíkt skipulag barnaverndarmála

Það ólíka skipulag sem ríkir í sveitarfélögum á skipulagi barnaverndarmála þýðir að verklag barnaverndarmála verður mismunandi. Aðkoma barnaverndarnefnda að fjárlagagerð og uppbyggingu úrræða í málaflokknum er oftast mjög lítið.

1. kafli

Barnavernd og rannsóknir

1.1 Grunnhugmyndir í íslenskum barnaverndarlögum

Segja má að grunnhugmyndirnar í íslensku barnaverndarlögum byggja á því að börn eigi rétt á sérstakri vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Þessi sjónarmið er að finna í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna svo og í ýmsum öðrum mannréttindayfirlýsingum.

Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum eftir því sem best hentar hag barnanna og þörfum, og þeir skulu sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni. Lögð er áhersla á að þeir beiti umræðum og leiðbeiningum í uppeldisstarfi og ekki líkamlegum refsingum.

Öll börn skulu búa við viðunandi aðstæður og barnaverndarnefnd ber ábyrgð á því að aðstæður einstakra barna sem yfirvöld hafa afskipti af séu þannig. Börn í sérstökum vanda skulu fá nauðsynlega aðstoð. Hér er annars vegar átt við börn sem þolendur vanrækslu og ofbeldis og hins vegar börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu með eigin háttsemi.

Til að ná markmiðum laganna skal barnaverndarnefnd stuðla að því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Fjölskylda barnsins gegnir þannig mikilvægu hlutverki í öllu starfi barnaverndarnefndanna sem miðar að því að skapa þær aðstæður innan fjölskyldu að umönnun og aðbúnaður barnsins verði viðunandi. Í þessu felst jafnframt það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu allajafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu og að stöðugleiki ríki í uppvexti þeirra. Meginreglur í barnaverndarstarfi er m.a. að finna í frumvarpi til barnaverndarlaga, og eru:

- Ætíð skal beita úrræðum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Þetta þýðir meðal annars að barnið hefur sjálfstæðan rétt og hagsmunir þess skulu skipa öndvegi.
- Ef hagsmunir barnsins stangast á við hagsmuni annarra, skulu hagsmunir barnsins ráða.
- Börn eiga að njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska og taka ber tillit til sjónarmiða þeirra og leita eftir þeim eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir.
- Stuðla ber að stöðugleika í uppvexti barna og barnaverndarstarfið skal miða að því að sem minnst röskun verði á lífi barns.
- Leitast skal við að hafa góða samvinnu við börn og foreldra þeirra og sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.
- Lögð skal áhersla á góða samvinnu við aðrar nefndir, stofnanir og samstarfsaðila.
- Ávallt skal beita vægustu úrræðunum fyrst og aðeins gripið til íþyngjandi ráðstafana ef markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.
- Gæta skal fyllsta trúnaðar um hagi og aðstæður barna, foreldra og annarra sem tengjast barnaverndarmáli.

1.2 Almennt um barnavernd

Almenn umræða um barnavernd og það sem í henni felst hefur verið lítil hér á landi. Fyrstu barnaverndarlögin voru samþykkt hér á landi árið 1932, allnokkru eftir að nágrannahjóðir okkar höfðu samþykkt svipuð lög (Norðmenn samþykktu t.d. fyrstir þjóða barnaverndarlög árið 1896). Lögin voru síðan endurskoðuð og ný lög samþykkt árin 1947, 1966, 1992 og veigamiklar breytingar gerðar á þeim árið 1995. Núgildandi lög eru frá 2002.

Þörfin fyrir skipulagt starf til verndar börnum óx með stækkun borgarsamfélagsins. Ýmis frjáls félagasamtök höfðu á þeim tíma farið að helga sig mál-efnum barna og í opinberri umræðu má sjá dæmi þess að áhyggjur af börnum, umönnun þeirra, aðbúnaði og ekki síst hegðun verða meira áberandi. Árið 1903 var t.d. stofnað málfundafélag með það að markmiði að koma fátækum og umkomulitlum börnum úr höfuðstaðnum í sveit og þremur árum síðar var stofnaður barnauppeldissjóður af Thorvaldsensfélaginu til að koma á fót uppeldisstofnun fyrir fátæk börn (Félagsmálaráðuneytið, 1942). Árið 1911 var kosin nefnd í bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að gera tillögur um hvernig bæri að stemma stigu við útivist barna á kvöldin (Guðjón Friðriksson, 1994). Þessi

umræða snerist að miklu leyti um börn fátækra foreldra en var jafnframt lituð af hugmyndum um hið hreina og heilnæma líf í sveitum landsins.

Á síðari helmingi 20. aldar varð töluverð uppbygging á félagslegri þjónustu um allt land. Í Reykjavík samþykkti borgarstjórn stofnun Félagsmálaráðs árið 1967 og stofnuð var sérstök skrifstofa sem m.a. fór með framfærslu- og barnaverndarmál. Í framhaldi af þessu voru félagsmálastofnanir settar á fót í fleiri sveitarfélögum og víðast hvar voru málefni barnaverndar hluti þeirra verkefna sem þar var sinnt. Barnaverndin varð þannig hluti af félagsþjónustunni í flestum sveitarfélögum, enda er heimild fyrir því í lögum að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu (7. gr. 1. nr. 58/1992 og 14. gr. 1. nr. 80/2002). Smám saman komu á vettvang fagmenn með sérþekkingu á sviði félagsráðgjafar, barnaverndar og sálfræði og starfið tók að breytast frá því að vera álitid góðgerða- og ölmusustarf yfir í markvissara starf sem byggði á lögum og reglugerðum og gerði kröfu um sérhæfða þekkingu og beitingu hennar.

Í fyrstu íslensku lögunum um barnavernd frá 1932 var gerð krafa um að barnaverndarnefnd skyldi vera til staðar í öllum kaupstöðum landsins. Utan kaupstaða skyldu skólanefndir vinna störf barnaverndarnefnda (1. gr. 1. nr. 43/1932). Í lögunum frá 1966 er kveðið á um að barnaverndarnefndir skuli vera í hverjum kaupstað og hverjum hreppi landsins en jafnframt heimilað að vera með sameiginlega barnaverndarnefnd í mjög fámennum hreppum (4. gr. 1. nr. 53/1966). Kringum 1990 var lögð aukin áhersla á sameiningu minni sveitarfélaga og jafnframt að sveitarfélög sameinuðust um ákveðna þjónustu, svo sem barnavernd. Á árunum 1989 til 2001 fækkaði barnaverndarnefndunum úr 213 í 56 (Barnaverndarráð 1988 og 1989, Barnaverndarstofa 2002).

Íbúafjöldi að baki hveirrar barnaverndarnefndar er mjög mismunandi. Árið 2001 höfðu 19 nefndir færri en 1000 íbúa á bak við sig og þar af voru 4 nefndir með færri en 100 íbúa að baki. 26 nefndir sinntu eingöngu barnavernd á meðan 30 nefndir báru jafnframt ábyrgð á öðrum málaflokkum (Barnaverndarstofa, 2002).

Sú heimild sem sveitarfélög hafa til að samnýta faglært starfsfólk innan ólíkra málaflokka, svo sem félagsþjónustu og barnaverndar, getur skipt miklu máli á smærri stöðum, þar sem umfang starfsins innan eins málaflokks getur verið

takmarkað auk þess sem hægt er að byggja upp markvissari og fjölbreyttari þjónustu. Fastir starfsmenn barnaverndarnefnda árið 2001 voru 96 í 75,6 stöðugildum en 62% nefndanna voru með starfsmenn (Barnaverndarstofa, 2002). Flestir þeirra sinntu þó einnig öðrum málaflokkum svo sem félagslegri þjónustu. Nefndir með færri en 500 íbúa að baki sér höfðu ekki ráðið sérhæft starfsfólk heldur réðu oft á tíðum til sín starfsmenn til að sinna einstökum málum sem upp komu. Í öðrum tilvikum voru það nefndarmenn sjálfir, sem oftast en ekki höfðu enga sérstaka menntun á þessu sviði, sem sinntu málunum.

Sveitarfélögin hafa valið að fara ólíkar leiðir í uppbyggingu og þróun barnaverndarstarfs. Annars vegar sést sú þróun að sveitarfélög slái æ fleiri málaflokkum saman og stofni utan um þá skrifstofu með sérhæfðu starfsfólki. Þannig er nú starfandi á Ísafirði „skóla og félagsþjónustu“ og í Garðabæ starfar „fjölskylduráð“. Þegar byggja átti upp þjónustu í Grafarvogi á sínum tíma var ákveðið að samþætta alla þjónustu við fjölskyldur og einstaklinga sem annars staðar í borginni kom frá ólíkum stöðum eins og félagsþjónustunni, fræðslumiðstöð, leikskólum Reykjavíkur og íþrótt- og tómstundaráði. Svipað kerfi hefur nú verið tekið upp í öðrum borgarhluta. Samtímis þessu hefur Reykjavíkurborg skilið öll „þyngri“ barnaverndarmálin frá almennu félagsþjónustunni í borgarhlutunum og stofnað sérstaka barnaverndarskrifstofu. Þannig varð til ákveðin aðgreining félags- og barnaverndarmála sem var ætlað að skýra betur eftir hvaða lögum verið er að vinna hverju sinni og hvaða heimildir og skyldur hvíla á starfsmönnum og nefndum.

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi hvað varðar uppbyggingu úrræða og umræðu um barnavernd, en í mörgum öðrum sveitarfélögum er að finna mikið og markvisst barnaverndarstarf sem sinnt er af metnaði.

Samkvæmt breytingum sem gerðar voru árið 1995 á lögunum um vernd barna og ungmenna frá 1992 var sérstakri ríkisstofnun, Barnaverndarstofu, komið á fót. Stofnunni er ætlað að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og annast daglega stjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarstofa hefur m.a. lagt áherslu á að öðlast betri yfirsýn yfir barnaverndarstarf í landinu. Barnaverndarmálin hafa verið skilgreind betur og reynt er að skapa samhæfðari vinnubrögð, m.a. með útgáfu handbókar og námskeiða- og ráðstefnuhaldi á sviði barnaverndar. Ársskýrsla um störf barnaverndarnefndanna er nú gefin út reglulega. Þar má finna upplýsingar um

fjölda barna sem nefndirnar hafa afskipti af, helstu úrræði sem notuð eru o.fl. Jafnframt hefur verið unnið að uppbyggingu á stofnunum og stuðlað að breyttum vinnubrögðum, svo sem þegar grunur vaknar um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi o.fl.

Á síðustu árum hefur umfang barnaverndarstarfsins aukist umtalsvert. Nefndirnar fengu 1501 tilkynningu árið 1997 en árið 2001 hafði tilkynningum fjölgað í 4075. Aukningin stafar að hluta til af því að skráning er orðin markvissari og samræmdari en einnig má ætla að meðvitund bæði opinberra aðila og einstaklinga um tilkynningarskylduna og möguleika barnaverndarnefnda til að aðstoða börn og/eða fjölskyldur sé meiri. Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun tilkynninga hefur ráðstöfunum barnaverndarnefnda er varða vistun barna utan heimilis ekki fjölgað að sama skapi. Fjöldi þeirra barna sem dvaldi utan heimilis vegna ráðstafana barnaverndarnefnda árið 1997 var 409 en 461 árið 2001. Takmarkaður fjöldi pláss á meðferðarheimilum ræður nokkuð möguleikum á vistunum, og er vafalaust ein ástæða þess að fjöldi vistana utan heimilis hefur ekki aukist meir, en eftirspurn eftir plássum er mikil. Árið 1997 bárust Barnaverndarstofu 77 umsóknir um pláss á meðferðarheimilum en 191 árið 2001. Það sama gildir um umsóknir um fósturheimili, en þeim fjölgaði úr 34 árið 1997 í 51 árið 2001. Aukningin nær aðeins til tímabundins fósturs, því umsóknum um fósturheimili fyrir börn í varanlegt fóstur hefur fækkað (Barnaverndarstofa, 2002). Með hliðsjón af þeirri miklu fjölgun sem orðið hefur á tilkynningum verður að gera því skóna, að barnaverndarnefndir leggi nú hlutfallslega meiri áherslu á að styðja börnin og fjölskyldur þeirra heima, og að ákveðin uppbygging hafi orðið á þeim úrræðum sem eru í boði hjá sveitarfélögum. Barnaverndarstarfið er að langmestu leyti unnið í nánú samstarfi við foreldra sem sést m.a. á því að aðeins 12 nefndir felldu úrskurð árið 2001, þ.e. tóku ákvörðun sem fól í sér þvingun gegn foreldri og/eða barni.

Þann 1. júní 2002 tóku ný barnaverndarlög gildi. Helstu breytingar eru þær að hluti frumúrskurðarvaldsins er nú fært til dómstóla og börn sem orðin eru 15 ára eru sjálfstæðir aðilar að málum er þau varða. Samkvæmt þessum lögum er gert ráð fyrir að minnst 1500 íbúar séu að baki hverri barnaverndarnefnd, sem þýðir að barnaverndarnefndum á enn eftir að fækka. Jafnhliða þessu hafa æ fleiri barnaverndarnefndir ráðið sér fasta starfsmenn til að sinna málaflóknum. Á síðustu árum hefur opinber umræða um barnavernd og einstök úrræði aukist. Umræðan hefur einkum snúist um skort á úrræðum, kynferðisofbeldi gegn börnum eða einstök barnaverndarmál, frekar en um grundvallar-

atriði barnaverndar svo sem hvers konar barnavernd er æskileg og hvenær er eðlilegt að hið opinbera grípi inn í aðstæður barna.

1.3 Íslenskar rannsóknir á sviði barnaverndar

Þrátt fyrir að margir hafi lagt stund á ólíkar rannsóknir um börn, hegðun þeirra, fjölskyldumál og fleira, þá eru rannsóknir á sviði barnaverndar fáar. Þær rannsóknir sem fyrir liggja frá því á síðustu áratugum eru fyrst og fremst gerðar af fólki sem unnið hefur að barnaverndarstarfi eða á stofnunum sem sinna þessu starfi. Má þar nefna rannsóknir á fósturráðstöfunum sem gerð var af Sigríði Jónsdóttur, félagsfræðingi (1993), doktorsritgerð Guðrúnar Kristinsdóttur, prófessors við Kennaraháskóla Íslands, er fjallar um barnavernd og sérfræðilpróun (1991) og doktorsritgerð Freyðísar Freysteinsdóttur, lektors í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, um áhættuþætti endurtekinnar vanrækslu og ofbeldis barna (2004). Með aukinni áherslu á rannsóknir í námi félagsráðgjafa við Háskóla Íslands, framhaldsnámi félagsráðgjafa og námi í barnavernd, sem haldið var á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands, hefur rannsóknnum einnig fjölgað nokkuð. Rannsóknir þessar eru fæstar viðamiklar en veita ákveðna innsýn í það starf sem unnið er, og eru gagnlegar við að leggja mat á ríkjandi hugmyndafræði og vinnulag. Á vegum Barnaverndarstofu hefur verið gerð viðamikil rannsókn á högum fósturbarna og er sú rannsókn tvískipt. Gallup sá um viðhorfsrannsókn þar sem rætt var við 53 fósturbörn sem sem fædd voru á árunum 1972-1984. Þá hefur dr. Guðrún Kristinsdóttir tekið viðtöl við 30 fósturbörn til að kanna líðan þeirra og afdrif og munu niðurstöður hennar liggja fyrir 2004. Hjá Barnaverndarstofu hefur verið leitast við að gera úttekt á starfi meðferðarheimila með það að markmiði að sjá hvernig dvöl á meðferðarheimili gagnast þeim börnum sem þar hafa dvalið.

Barnaverndaryfirvöld taka á hverju ári stórar og alvarlegar ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á líf fjölda barna og fjölskyldna þeirra. Meðal fagmanna er mikil umræða um úrræði og þá fyrst og fremst skort á þeim. En hvernig reynast þau úrræði sem eru til staðar? Gagnast það börnum að fá persónulegan ráðgjafa? Hvaða áhrif hefur það á barnið og fjölskyldulífið allt, þegar barnaverndaryfirvöld hefja könnun og óska eftir samstarfi um að breyta aðstæðum hjá fjölskyldunni? Hvaða áhrif hefur það á barn að dveljast á meðferðarheimili, stundum jafnvel fleiri en einu, og síðan fara á fósturheimili? Allt eru þetta spurningar sem mikilvægt er að fá svör við með rannsóknnum og aukinni þekkingu sem af þeim leiðir.

1.4 Fyrri rannsóknir um barnavernd á Norðurlöndum

Árið 2001 ákvað Barnaverndarstofa að taka þátt í norrænni samanburðarrannsókn á beitingu úrræða í barnaverndarmálum. Áður höfðu verið gerðar tvær norrænar rannsóknir á þessu sviði. Fyrri rannsóknin var gerð af Turid Vogt Grinde og nefnist „Barn og barnevern i Norden. Samfunnets respektive familiens ansvar for barna” þar sem m.a. var skoðað á hvern hátt Norðurlöndin hafa byggt upp barnaverndarkerfið, málsmeðferð og úrræði (Grinde, 1989). Ísland var með í þessari rannsókn að takmörkuðu leyti, enda voru á þeim tíma litlar upplýsingar til um barnaverndarstarf á landinu sem heild. Niðurstöður rannsóknarinnar eru því ekki að öllu leyti dæmigerðar fyrir Ísland. Engu að síður sýndi þessi rannsókn m.a., að þrátt fyrir svipuð lög og uppbyggingu á þjónustu, voru viðhorfin ólík varðandi atriði eins og friðhelgi einkalífsins og ábyrgð foreldra á börnum fjölskyldunnar, hvers konar vandamál það voru sem leiddu til afskipta barnaverndaryfirvalda og hvað best væri fyrir barnið. Afleiðingin af þessu mismunandi mati var ólík forgangsöröðun á verkefnum innan barnaverndar.

Hin rannsóknin var gerð af Anne-Dorthe Hestbæk og kallast „Tvangsanbringelser i Norden. En komparativ beskrivelse af de nordiske landes lovgivning” (Hestbæk, 1998). Eins og í fyrri rannsókninni var þátttaka Íslands takmörkuð. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom m.a. fram að mikill munur er á því milli landanna hve oft barnaverndaryfirvöld vista börn utan heimilis, í hve miklum mæli þvingun er beitt og hvernig þvingun er skilgreind, og hvers konar úrræði eru notuð þegar börnum er komið fyrir utan heimilis. Báðar þessar rannsóknir sýndu að þrátt fyrir löggjöf sem er að mörgu leyti lík, verður barnaverndarstarfið frábrugðið vegna þess að hugmyndafræðin, viðmiðin og viðhorf þjóðanna gagnvart börnum og barnavernd eru ólík.

2. Kafli

Tilurð rannsóknarinnar

Frumkvæði að þessari rannsókn átti Turid Vogt Grinde, sálfræðingur og rannsakandi hjá Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA). Gert var ráð fyrir því að byggja á þeim rannsóknum sem fyrir voru um norrænt barnaverndarstarf og skoða nánar þætti í sjálfu vinnuferlinu og ákvarðanatökunni. Hugmyndin var kynnt á fundi með hópi barnaverndarstarfsmanna og fræðimanna á Norðurlöndum. Vorið 2001 varð ljóst að Danmörk, Noregur og Ísland vildu vera með í þessari rannsókn og fékkst styrkur í verkefnið frá Norrænu ráðherranefndinni að upphæð danskar krónur 882.000,- til að mæta kostnaði vegna fundarhalda til að samhæfa starfið og til útgáfu á sameiginlegri norrænni skýrslu. Að auki var gert ráð fyrir að hvert land gæfi út skýrslu um eigin niðurstöður. Áætlaður tími fyrir rannsóknina var þrjú ár.

Stjórnandi rannsóknarinnar var Turid Vogt Grinde en einnig vann Vigdís Bunkholt, sálfræðingur, að norska hluta rannsóknarinnar. Frá Socialforskningsinstituttet í Danmörku komu Tine Egelund, rannsakandi, og Signe Andréen Thomsen og frá Barnaverndarstofu Anni G. Haugen, félagsráðgjafi. Guðný Björk Eydal, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, tók þátt í upplýsingaöflun í fyrri hluta rannsóknarinnar á Íslandi.

2.1 Rannsóknarspurningar

Í fyrri norrænu samanburðarrannsóknunum sem gerðar hafa verið á þessu sviði hefur komið í ljós að sá munur sem er á hugmyndafræði, venjum og viðhorfum í hinum einstöku löndum hefur áhrif á barnaverndarstarfið og þau úrræði er gripið er til. Lítið er hins vegar vitað um hvaða þættir það eru hjá barninu sjálfu og foreldrum þess sem starfsmenn leggja áherslu á þegar verið

er að meta stöðu fjölskyldunnar og mögulegan stuðning, en engar slíkar rannsóknir eru fyrirbyggjandi hér á landi. Með því að skoða þetta mat, viðhorf, rök og vangaveltur og bera saman á milli þessara þriggja landa fæst skýrari mynd af „þjóðareinkennum“. Einnig er þá unnt að skoða hvaða afleiðingar hin ólíka sýn í þessum þremur löndum hefur á starfið.

Með þátttöku í rannsókninni gefst líka tækifæri til að safna upplýsingum um íslenskt barnaverndarstarf og um leið fæst ákveðin mynd af því sem e.t.v. einkennir barnaverndarstarf hér á landi. Markmiðið var að afla þekkingar á þáttum eins og hvað það er sem starfsmenn leggja áherslu á í mati sínu, hvaða úrræði eru talin gagnast börnum og fjölskyldum, hvort munur sé á því hvernig staða barna er metin og hvaða möguleikar á aðstoð eru fyrir hendi á einstökum stöðum á landinu. Einnig var lögð áhersla á að skrá niður upplýsingar um málsmeðferð hjá nefndunum sjálfum og það sem nefndirnar leggja áherslu á við umfjöllun mála.

2.1.1 Fyrri hluti

Rannsóknin er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn og sá veigameiri fjallar um beitingu úrræða og mörkin milli stuðnings sem veittur er heima og stuðnings utan heimilis. Hér er fyrst og fremst verið að skoða tilvik, þar sem ekki liggur í augum uppi hver besta lausnin væri fyrir barnið, og flokkast þessi tilvik undir þau „jaðarmál“ sem barnaverndarstarfsmenn eru svo oft að fást við. Það að taka barn af heimili og skilja það frá foreldrum er stór ákvörðun, sem getur haft í för með sér afdrifaríkar og ævilangar afleiðingar fyrir barnið sjálft og foreldra þess, auk þess sem hún er kostnaðarsöm. Sú ákvörðun að taka barn ekki af heimili getur einnig haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið, og leitt til þess að það búi áfram við óviðunandi aðstæður og skaddist varanlega. Það er því eðlilegt að ákveðinn efi geti komið upp í hugum starfsmanna um hvað sé best fyrir barnið núna og til framtíðar. En hvenær telja starfsmenn rétt að styðja barnið heima og hvenær er lögð áhersla á að barnið hljóti stuðning utan heimilis? Hvar liggja þessi hárfínu mörk og er hægt að sjá hvað það er sem hefur mest áhrif á hvaða úrræðum er beitt? Og ef rétt er talið að styðja barnið utan heimilis, er þá lagt til að það verði gert í trássi við vilja foreldra og/eða barns? Er munur á því sem við sjáum og teljum vera vandamál í þessum þremur löndum? Hvenær er litið á barnið og fjölskylduna sjálfa sem svo frábrugðna því sem almennt gerist í samfélaginu að áhyggjur vakna og barnaverndarafskipti hefjast? Hversu hár er þröskuldurinn þegar vandamál eru annars vegar og hvenær kemur að afskiptum – og er þessi þröskuldur e.t.v. litaður

af menningu, siðum og venjum hvers lands? Hvenær er „nóg komið“ af stuðningsúrræðum og þörf á að leggja til aðrar og alvarlegri aðgerðir á borð við að taka barnið af heimilinu?

2.1.2 Síðari hluti

Í síðari hluta rannsóknarinnar er sjálft ákvörðunarferlið hjá barnaverndarnefndunum skoðað. Annars vegar er stutt lýsing á kerfinu sjálfu og því hvernig þvingunarákvarðanir eru teknar í hverju landi fyrir sig. Þessi kerfi eru ólík og því ekki hægt að gera neinn beinan samanburð. Í Danmörku er það „børne- og unge-udvalget“ sem fer með þetta hlutverk en Norðmenn hafa hins vegar „fylkesnemnder“ sem sinna því. Eins og áður hefur komið fram tóku ný barnaverndarlög gildi á Íslandi á meðan unnið var að rannsókninni og flestar þvingunarákvarðanir hafa verið færðar frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Öll öflun upplýsinga og úrvinnsla þeirra miðast þó við barnaverndarlögin frá 1992.

Reynt var að fá mynd af því hvernig sjálf ákvörðunin um þvingun var tekin hjá nefndunum, hvaða gögn og upplýsingar lágu til grundvallar, hvort aflað hefði verið frekari gagna og hvort nefndirnar töldu almennt málin nógu vel undirbúin þegar komið var að því að taka ákvörðun um þvingun.

Spurningarnar sem lagðar voru til grundvallar í rannsókninni voru:

Hvaða rök og forsendur leggja starfsmenn áherslu á þegar þeir meta hvort þörfum barns verði mætt með því styðja barnið heima eða hvort nauðsynlegt verði að taka barnið af heimili?

Hvernig er málsmeðferðin og ákvörðunarferlið hjá þeim sem taka ákvarðanir um þvingun?

2.2 Aðferðafræðin

2.2.1 Beiting úrræða

Fyrri rannsóknarspurningin felur í sér að skoða sjálft vinnuferli starfsmanna í málum þar sem vaknað geta spurningar um hvort réttara sé að styðja barnið heima eða taka það af heimilinu og styðja það annars staðar. Í daglegu starfi

sínu eru starfsmenn að mestu leyti að sinna málum sem varða vanrækslu, þar sem augljós, aðkallandi hætta er ekki fyrir hendi. Starfið byggir því mikið á mati starfsmannsins á því hvað sé best fyrir barnið, nokkuð sem getur verið háð bæði innri þáttum og eiginleikum barnsins og ytri aðstæðum, og svörin því ekki augljós. Þessi mál eru því ólík tilvikum þar sem barn er í yfirvofandi hættu og því oftast auðveldara að sjá hvað gera þarf.

Gagna var aflað með eigindlegum aðferðum. Búin voru til 5 mál (dæmisögur), sem voru þýdd og notuð í öllum löndunum og sem lýsa aðstæðum sem iðulega koma upp í barnaverndarvinnu. Málin varða tvíbura sem búa við ákveðna vanrækslu, unglings sem er ofbeldishneigður, barn í fóstri sem bregst, dreng sem býr hjá þroskaheftri móður og stúlku sem býr hjá móður sem drekkur. Málin er að finna í viðauka á bls. 122. Að einu máli undanskildu er þeim skipt niður í þrjú þrep, þannig að vandamálin fara stigvaxandi eftir því sem börnin eldast. Þátttakendur á hverjum stað fengu hver og einn skriflegar upplýsingar um eitt mál í einu og svöruðu spurningum skriflega eftir hvert þrep. Jafnframt merktu þeir við á línu sem gefa átti til kynna hversu hlynntir þeir væru þeirri hugmynd að styðja barnið heima eða taka það út af heimilinu. Línan gefur einnig mynd af því hvernig mat starfsmanna breytist eftir því sem vandamálin þróast og þyngjast. Þegar þessu var lokið ræddi hópurinn ásamt rannsakanda um málið, til að fá skýrari mynd af því og kanna betur þær vangaveltur og hugmyndir sem starfsmenn höfðu, og var umræðan tekin upp á band. Þannig var farið í hvert mál fyrir sig. Við úrvinnslu gagna voru umræður skráðar nákvæmlega. Söfnun gagna tók einn vinnudag á hverjum stað og fór fram frá 14. september til 19. október 2001.

Hér ber að undirstrika að tilbúin mál eins og þau sem hér voru notuð geta aldrei gefið nákvæmlega sömu mynd af starfinu og raunveruleg mál, sem starfsmenn sinna undir miklu álagi, þar sem óvænt atvik í lífi barnsins eða foreldranna geta skyndilega breytt gangi málsins. Einnig ber að hafa í huga að þátttakendur komu frá einungis fimm stöðum á landinu og því er ekki hægt að alhæfa út frá þeim niðurstöðum sem hér koma fram.

Guðný Björk Eydal, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, tók þátt í þessum hluta rannsóknarinnar. Hún las málin yfir áður en gagnaöflun hófst, var með í heimsóknunum á alla þá staði sem tóku þátt í rannsókninni, veitti mikilvægan stuðning og hafði sitt til mála að leggja í umræðum eftir hverja heimsókn.

2.2.2 Ákvarðanaferlið í þvingunarmálum

Síðari hluti rannsóknarinnar varðar ákvarðanaferlið í þvingunarmálum, þ.e. hvernig þeir, sem taka ákvörðun um þvingun, meta ólíka þætti barnaverndarmála. Framkvæmd þessa þáttar var mun erfiðari, þar sem skipulag barnaverndarmála er ólíkt í þessum þremur löndum. Í Noregi hafa öll þvingunarmál verið hjá „fylkisnefndum“ frá því 1992 og eru 12 slíkar nefndir í landinu. Formaður „fylkisnefndarinnar“ er dómari, og við meðferð þvingunarmála sitja auk hans 2 sérfræðingar og 2 leikmenn í nefndinni. Ákvörðunum „fylkisnefnda“ er síðan unnt að áfrýja til dómstóla. Í Danmörku er barnaverndarkerfið á margan hátt svipað og hér. Þar eru sveitarfélögin 275 að tölu og hefur hvert þeirra sína barnaverndarnefnd, „børne og unge-udvalget“ sem m.a. getur tekið ákvarðanir um þvinganir. Í nefndinni sitja þrír fulltrúar sem sveitarstjórnarmenn velja úr sínum röðum og einn þeirra er jafnframt formaður, en að auki sitja þar héraðsdómari og sálfræðingur. Hægt er að áfrýja ákvörðunum nefndanna til sérstakrar málskotsnefndar og þaðan fara málin fyrir dómstóla.

Vegna þess hve skipulagið er ólíkt er erfitt að bera það saman. Hins vegar er leitast við að lýsa hverju kerfi fyrir sig, skýra hver það er sem tekur ákvarðanir og hvernig þær eru teknar, um leið og skoðað er hve sýnilegt barnið sjálft verður í þessu ferli og hvort það taki sjálft þátt í því. Í öllum löndunum var leitað eftir tölfræðilegum gögnum, svo sem um fjölda úrskurða, hve mörgum málum er áfrýjað o.fl. Í Noregi var auk þess rætt við nokkra formenn fylkisnefnda og þeir spurðir um ákvarðanatöku í síðustu 5 málum sem þeir hafa fengist við. Í Danmörku var rætt við formann í málskotsnefnd.

Vegna þeirra breytinga sem væntanlegar voru með tilkomu nýrra laga 1. júní 2002, þótti áhugavert að safna upplýsingum um ólík atriði ákvarðanaferlisins eins og það var í tíð laganna, sem giltu þegar gagnöflun fór fram. Þessar upplýsingar geta síðar orðið gagnlegar þegar skoðaðar verða þær breytingar sem nýtt fyrirkomulag hefur.

Stuðst var við spurningalista sem saminn var í Noregi, en sem hafði verið endurbættur og staðfærður. Spurningarnar voru lagðar fyrir formenn 5 barnaverndarnefnda og formann Barnaverndarráðs. Samtölin voru tekin upp á band og svörin unnin út frá þeim. Viðtölin fóru fram frá 22. mars til 16. apríl 2002 og tóku um tvo tíma hvert. Eftirfarandi atriði voru skoðuð sérstaklega:

1. Hvaða gögn eru lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um þvingun? Hversu mikið vægi hafa skýrslur barnaverndarstarfsmanna? Eru fengnar skýrslur frá öðrum sérfræðingum og hvert er þá vægi þeirra? Hvaða rök skipta mestu máli í ákvarðanatökunni?
 2. Tók barnið sjálft einhvern þátt í ákvörðuninni og þá hvernig? Hverjir ræddu við barnið? Var því skipaður talsmaður?
 3. Hver kynnti málið fyrir nefndinni og á hvern hátt? Hverjir mættu hjá nefndinni (starfsmenn, foreldrar, barnið, aðrir)?
 4. Hversu langan tíma notaði nefndin í umfjöllun og ákvörðun?
 5. Hvernig er nefndin skipuð (kyn, menntun og aldur nefndarmanna)?
- Spurningalistann er að finna í heild sinni í viðauka á bls. 140.

2.3 Úrtökin og einkenni þeirra

Sú mismunandi áhersla sem lögð hefur verið á uppbyggingu barnaverndarstarfs í einstökum sveitarfélögum landsins og sú mismikla reynsla sem nefndir og starfsmenn hafa af þvingunarmálum, gerði það að verkum að aðeins var hægt að velja úr litlum hluta nefndanna sem starfandi voru. Markmið rannsóknarinnar var að skoða vinnubrögð þeirra þegar sú spurning vaknar hvort taka eigi barn af heimili, og þá ef til vill gegn vilja foreldra og/eða barns, og því þurftu þær nefndir, sem valdar voru, að hafa ákveðna reynslu af þvingunarmálum. Einnig var gert ráð fyrir að hægt væri að ræða við starfsmenn saman og því var nauðsynlegt að fleiri en einn starfsmaður starfaði fyrir nefndina. Loks var reynt að fá mynd af barnaverndarstarfi á ólíkum stöðum, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og því var ákveðin landfræðileg dreifing nauðsynleg.

Íbúafjöldi að baki nefndanna sem þátt tóku í rannsókninni var mjög mismunandi og það sama var að segja um lífshætti, atvinnuvegi og íbúasamsetningu. Fjöldi starfsmanna á hverjum stað var einnig mjög mismikill. Þetta þýðir m.a. að starfsmenn sem þátt tóku, höfðu mismikla möguleika á að leita faglegs stuðnings í sínu daglegu starfi, þar sem sá stuðningur takmarkast eðlilega við fjölda þeirra samstarfsmanna sem þeir hafa aðgang að. Sama er að segja um reynslu af vinnu við ólík vandamál. Eðli málsins samkvæmt er málafjöldinn á fámennum stöðum minni, og þar fæst því ekki sama reynsla og þekking á ólíkum málaflokkum og á stærri stöðunum. Á móti kemur að mun auðveldara er að hafa yfirsýn yfir þau úrræði og þá möguleika sem eru fyrir hendi, og á minnstu stöðunum hafa starfsmenn oft mikla vitneskju um stöðu íbúanna og einstakra fjölskyldna þar sem barnaverndarstarfsmaðurinn hefur mörg hlut-

verk, bæði í starfi sínu og einkalífi. Hann situr t.d. í nemendaverndarráði eða tekur þátt í öðru starfi þar sem börn og unglingar koma við sögu. Það er því hugsanlega auðveldara í minni samfélögunum, að byggja upp úrræði fyrir hvert barn í ljósi þeirrar þekkingar sem liggur fyrir um fjölskylduna og tengsl hennar við samfélagið og að bjóða aðstoð fyrir.

Með fyrrnefndar forsendur í huga var leitað til framkvæmdastjóra 5 nefnda og óskað eftir þátttöku þeirra. Svör voru alls staðar jákvæð. Tvær nefndanna starfa á höfuðborgarsvæðinu, tvær eru á meðalstórum stöðum úti á landi og ein á litlum stað. Á einum stað unnu starfsmenn eingöngu að barnaverndarmálum en starfsmenn hinna staðanna sinntu jafnframt félagsþjónustu.

2.4 Þátttakendur

Alls tóku 22 starfsmenn þátt í fyrri hluta rannsóknarinnar. Stöðunum var í sjálfsveld sett hversu margir starfsmenn tækju þátt og voru þeir á bilinu 2–6. Karlmenirnir voru 2, konurnar 20. Meðalaldur starfsmannanna var 41,8 ár og þeir voru á aldrinum 27–51 árs. Starfsreynsla þeirra sem þátt tóku var nokkuð misjöfn, eða frá ½ ári og upp í 18 ár. Meðaltími í barnaverndarstarfi var rúm 7 ár. Flestir þátttakenda, eða 14, voru félagsráðgjafar, en aðrir höfðu menntun á sviði uppeldisfræði, sálarfræði, lögfræði, guðfræði eða stjórnunar. 11 þátttakendur höfðu framhaldsmenntun og allir höfðu sótt fjölda námskeiða á þessu sviði. Stjórnendur tóku þátt í rannsókninni á fjórum staðanna, enda er barnaverndarstarfið hluti af þeirra daglegu vinnu, ýmist beint eða með þátttöku í ákvarðanatöku um val úrræða. 11 þátttakendur höfðu viðbótarmenntun sem nýttist í starfi, svo sem á sviði barnaverndar, fjölskyldumeðferðar, stjórnunar o.fl.

Til að fá upplýsingar um sjálft ákvarðanaferlið í seinni hluta rannsóknarinnar var rætt við formenn þeirra nefnda sem tóku þátt í fyrri hluta rannsóknarinnar auk formanns Barnaverndarráðs. Einn formannanna óskaði eftir að hafa með sér framkvæmdastjóra og lögfræðing og hjá Barnaverndarráði var rætt við formann og framkvæmdastjóra saman. Þrír formannanna voru konur og tveir karlar. Formaður Barnaverndarráðs var kona.

2.5 Staða rannsakandans

Rannsakendurnir í Noregi og Danmörku vinna allir á rannsóknarstofnunum

eða tengjast þeim. Þeir sinna ekki daglegu barnaverndarstarfi og eru ekki hluti af því kerfi. Þessu er ólíkt farið á Íslandi. Barnaverndarstofa er sú stofnun hér á landi sem þátt tekur í þessari rannsókn og ég, sem stýrði rannsókninni, er starfsmaður stofunnar. Barnaverndarstofa hefur skýrt hlutverk í barnaverndarstarfi og starfsmenn hennar tilheyra þar af leiðandi starfsumhverfi þeirra er sinna barnaverndarmálum. Stofan er ákveðið yfirvald, gefur út leiðbeiningar um starfshætti og túlkun lagagreina, samtímis því að hafa eftirlit með starfi nefndanna.

Íslenski rannsakandinn hafði því aðra stöðu en erlendu rannsakendurnir og ætla má að það hafi getað haft áhrif á þau svör og þá umræðu sem fram fór. Þar má nefna þætti eins og það, að þátttakendur kunna fremur að hafa lagt áherslu á að svara „rétt“ en að svara út frá raunveruleikanum eða hika við að láta í ljós sjónarmið og skoðanir sem væru óhefðbundnar eða óljósar. Á hinn bóginn þekkir íslenski rannsakandinn barnaverndarstarf mjög vel, og hafði þannig góðar forsendur til að setja fram spurningar og taka þátt í umræðunni um málin.

2.6 Þýðing rannsóknarinnar fyrir barnaverndarstarf

Eins og fram hefur komið hér að framan eru ekki til rannsóknir sem sýna hvernig ákvarðanataka í barnaverndarmálum er tekin, hvaða áherslur starfsmenn hafa í starfi sínu og hvað það er sem veldur því að eitt úrræði er valið frekar en annað. Starf barnaverndarnefnda á landinu er líka mismunandi. Víða eru fáir eða jafnvel alls engir faglærðir starfsmenn á svæðinu, og mjög misjafnt hve mikið er gert til að leita úrræða. Á sama hátt eru aðstæður barnanna sjálfra og fjölskyldna þeirra ólíkar hvað varðar atvinnu, félagsleg úrræði, möguleika til menntunar, heilsugæslu o.fl. Þó að þessi rannsókn beinist eingöngu að stöðum þar sem starfar fagfólk með ákveðna reynslu af „þungum“ barnaverndarmálum, var leitast við að skoða hvort munur sé á því hvernig staða barna er metin og möguleika þeirra á að fá hjálp, eftir því hvar þau eru á landinu. Það er von höfundar að þessi rannsókn geti varpað einhverju ljósi á þessa þætti. Niðurstöðurnar geta því veitt vísbendingu um hvaða forsendur starfsmenn telja að þurfi að liggja fyrir áður en þeir leggja til að barnið verði vistað utan heimilis, og hvaða úrræði eru talin geta nýst börnunum í þeim málum sem fjallað var um. Um leið gefa niðurstöðurnar ákveðnar vísbendingar um áherslur í uppbyggingu þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þá má einnig gera því skóna að rannsóknin geti orðið til að efla umræðu um

barnaverndarstarfið. Loks er vonast til að niðurstöðurnar geti veitt mikilvægar leiðbeiningar varðandi fræðslu- og menntunarstarf fyrir þá starfsmenn sem sinna þessu vandasama starfi.

Síðari hluti rannsóknarinnar, sem fjallar um sjálft ákvarðanaferlið, þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að safna saman upplýsingum um hvernig ákvarðanir voru teknar og hvað talið var að þyrfti að liggja til grundvallar í því kerfi sem var við lýði þegar upplýsingaöflun fór fram. Með tilkomu nýrra barnaverndarlaga árið 2002 og flutningi flestra ákvarðana um þvingun frá barnaverndarnefndunum og yfir til dómstóla varð mikilvæg breyting á hlutverki nefndanna. Ljóst er að fulltrúar í barnaverndarnefndum voru flestir sáttir við þessa lagabreytingu og fannst starf nefndanna verða auðveldara þegar ákvarðanavaldið liggur annars staðar, enda voru þeir í flestum tilvikum leikmenn. Engu að síður höfðu nefndirnar sjálfar haft þetta vald mjög lengi og víðast hvar hefur verið viðhöfð mjög ákveðin málsmeðferð. Upplýsingum um þennan þátt barnaverndarstarfsins, svo sem helstu áherslur nefndanna, hvaða kröfur þær gerðu til starfsmanna sinna o.fl., hafði þó ekki verið safnað saman fyrir. Þær niðurstöður sem fengust í þessari rannsókn munu því annars vegar gefa upplýsingar um málsmeðferðina, en geta einnig orðið ákveðinn grunnur sem nýta má til að meta breytingar sem orðið hafa í ákvarðanatöku eftir að dómstólum var falið að taka þvingunarákvarðanir.

3. kafli

Almennar niðurstöður – óháðar einstökum málum

Áður en fjallað er um niðurstöður í einstökum málum þykir rétt að skoða niðurstöður sem komu fram í bæði skriflegum svörum þátttakenda og umræðum í fleiri málum og voru ekki bundnar við ákveðin vandamál eða aðstæður.

3.1 Skilgreiningar á barnaverndarmálum

Í þeim tilvikum sem barn er beitt ofbeldi, líkamlegu eða andlegu, eða það er í hættu vegna hegðunar forsjáraðila eða sjálfs sín eru barnaverndarstarfsmenn almennt meðvitaðir um að um barnaverndarmál sé að ræða og vinna þurfi málið í samræmi við það. Þau mál sem rannsóknin byggir á eru hins vegar allt mál sem geta orkað tvímælis, að minnsta kosti til að byrja með, og varða flest vanrækslu. Upplýsingarnar sem starfsmenn fá í byrjun geta bent til þess að þetta séu mál sem séu á mörkum þess að vera barnaverndarmál. Málin „þyngjast“ á seinni stigum og vandamálin verða augljósari og langvinnari og það verður ljóst að barnaverndarnefnd beri að veita stuðning.

Nokkurt ósamræmi er í niðurstöðunum varðandi það hvort starfsmenn meti málin sem barnaverndarmál eða ekki, eftir því hvort skoðaðar eru skriflegar niðurstöður úr málunum eða litið á umræðurnar. Þegar starfsmenn gefa skrifleg svör um hvert mál er það aðeins í einu tilviki að mál er ekki talið barnaverndarmál í upphafi (Friðrik). Í umræðunum koma fram miklu meiri vangaveltur um hvort hér sé ávallt um barnaverndarmál að ræða. Ástæðan fyrir þessu getur verið að starfsmennirnir voru beðnir um að taka þátt í rannsókn um barnavernd og því liggur beint við að skilgreina málin sem slík. Í umræðunni gefast hins vegar meiri möguleikar á vangaveltum og ítarlegri sjónar-

miðum sem endurspeglar vinnubrögðin og þær hugmyndir sem starfsmenn gera sér. Þar kemur m.a. fram að oft er óljóst hvenær mál eru barnaverndarmál og þá hvers vegna – hvaða forsendur það eru sem þurfa að liggja til grundvallar.

„Maður metur hvort þetta er könnun samkvæmt barnaverndarlögum eða hvort þetta sé bara greining og stuðningur sem ætti að leggja upp með, því fólk er svo illa upplýst, það veit ekkert stundum hvað það getur fengið.“

Á öðrum stað voru vangavelturnar eftirfarandi:

Starfsm. I

„Fleiri upplýsingar gætu hugsanlega leitt til þess að þetta væri bara þúra stuðningsmál.“

Starfsm. II

„En það er barnaverndarmál líka.“

Starfsm. I

„Já, en sko, þú þarft ekki að setja það kannski í þann farveg, það er hægt að fá heimaþjónustu. Allavega lít ég á það þannig.“

Í þessari síðustu athugasemd kemur fram spurning um hvort „þurfi“ að setja málið barnaverndarfarveg. Því má spyrja hvort starfsmenn telji sig geta hafið ákveðna könnun í máli án þess að um barnaverndarmál sé að ræða og þá á hvaða lagagrundi. Einnig vaknar sú spurning hvort starfsmenn hiki við að skilgreina mál sem barnaverndarmál. Ef svo er, hvers vegna og hvað þýðir það fyrir málaflokkinn?

Hjá öðrum starfsmanni er afstaðan skýrari og talað um að erfitt geti verið að vinna þetta ef málið er ekki skilgreint sem barnaverndarmál.

„Þú aflar ekki upplýsinga nema fara í könnun.“

Þarna er um mismunandi skilning starfsmanna á sömu skrifstofu að ræða um hvað er barnaverndarmál. Hvergi kom fram að ákveðnar skilgreiningar eða

vinnureglur væru til staðar um hvað barnaverndarmál væri. Starfsmenn töldu sig þó víðast hafa ákveðnari heimildir í barnaverndarmálum, bæði um könnun mála og úrræði, en í málum sem unnin eru á grundvelli félagsþjónustulaga þar sem heimildirnar og skyldurnar vantar.

Starfsm.:

„Ég skrifa nú reyndar í fyrsta hlutanum að ég myndi líta á þetta sem tilkynningu, mér finnst ekki annað vera hægt.“

Spyrill:

„Af hverju finnst þér það?“

Starfsm.:

„Ja, bara, það er engin leið að vinna þetta öðruvísi.“

Í málinu sem hófst á því að móðir leitaði hjálpar (Friðrik) voru starfsmenn á þeim stað, þar sem er aðgreind barnaverndar- og félagsþjónusta, flestir þeirrar skoðunar í umræðunni, að hér væri ekki um barnaverndarmál að ræða, heldur ætti móðirin að snúa sér beint til þeirra sem veita félagslega þjónustu. Þá verður að gera ráð fyrir að skilgreiningin á því hvort og þá hvaða hjálp verði veitt, verði í höndum móðurinnar sjálfar og fylgi þannig viðhorfum eins og að „vera þar sem skjólstæðingurinn/notandinn er“. Það að móðirin skilgreini vandann sjálf og biðji um aðstoð er jákvætt og gefur fyrirheit um samstarf. Hins vegar er ljóst að erfitt getur orðið að beina sjónum að yngri börnunum í fjölskyldunni, sem skv. frásögn móðurinnar virðast búa við heimilisaðstæður sem litast af ofbeldi og getur þannig bent til að endurskilgreina þurfi þann vanda sem hún lýsir. Sjónarmið starfsmanna í þessu máli varðandi það hvort hefja ætti könnun á málum yngri barnanna eða eingöngu taka á þeim vanda sem móðirin sagði frá, var mjög mismunandi.

„Maður getur ekki horft framhjá hinum börnunum. Þau eru náttúrulega í sömu hættu og vanda og Friðrik“.

„Ja, það yrði að láta reyna á það með þetta samband. Ef móðir gæfi kost á því yrðu aðstæður yngri barnanna kann- aðar – þetta er orðið svo blandað“.

Það að málið hafi ekki verið tilkynnt áður og sé ekki þekkt þegar móðir kemur og biður um hjálp, virðist hjá sumum starfsmönnum ýta undir þá skoðun að hér sé ekki um barnaverndarmál að ræða.

„Þú veist þetta er bara mamma sem er að leita hjálpar og vill fá stuðning, tilbúin í hvað sem er, maður gefur sér það. Skóli hefur aldrei tilkynnt eða neinn annar þrátt fyrir þessa hegðun. Ef þetta væri símtal, þá myndi maður segja: Hvar býrðu? Þú ættir að hringja og panta viðtal þarna [á borgarhlutaskrifstofu].“

Hvernig beri að skilgreina barnaverndarmál, og hvað það er sem aðgreinir barnaverndarmál frá öðrum málum, virtist dálítið óljóst hjá hluta starfsmanna. Á öllum stöðunum nema einum voru barnaverndarmálin eitt af fleiri verkefnum starfsmanna sem einnig höfðu með höndum fjárhagsaðstoð, almenna ráðgjöf og fleira. Starfsmenn eru því vanir að vinna eftir ólíkum lögum að ólíkum verkefnum. Þessi mismunandi lög veita ólíkar heimildir og skyldur og því skiptir miklu að starfsmenn viti ávallt eftir hvaða lögum þeir eru að vinna og hvers vegna. Þetta er ekki síður mikilvægt fyrir fjölskyldurnar sem eiga rétt á að vita hvort hér sé verið að veita stuðning á grundvelli þeirra eigin beiðni og að þeir geti því hafnað þeim stuðningi sem boðinn er ef þeir telja hann rangan, ekki skila árangri eða óhentugan af öðrum ástæðum. Ef aðstoðin er veitt á grundvelli barnaverndarlaga er staðan hins vegar önnur, þá geta og eiga starfsmenn að veita stuðning sem byggist á þeim niðurstöðum sem könnun málsins hefur leitt til, og leita allra leiða til að aðstæður barnsins og umönnun breytist.

3.2 Mismunandi mat starfsmanna á þörf fyrir vistun

Eitt af því sem er áberandi í niðurstöðum rannsóknarinnar er á hve ólíkan hátt starfsmenn meta þörf barnsins fyrir vistun utan heimilis. Afleiðingin er sú að stuðningsaðgerðir eru afar ólíkar og sömuleiðis árangurinn fyrir barnið og fjölskyldu þess. Við undirbúning rannsóknarinnar var gert ráð fyrir að matið gæti verið mismunandi milli staða en það kom á óvart að sjá að matið var líka mjög ólíkt milli starfsmanna innan sömu skrifstofu.

Í öðrum þáttum málanna kemur einnig fram að starfsmenn hafa ólíka skoðun og mat á þörfinni fyrir aðstoð. Þetta kemur fram í allri umræðu um málið, allt

frá því að rætt er um hvort hér sé um barnaverndarmál að ræða eða ekki, hvort og þá hvernig eigi að fara af stað með könnun, hvort og á hver hátt eigi að tryggja að sjónarmið barnanna komi fram og til hvaða stuðningsúrræða skuli grípa. Rökin sem notuð eru fyrir ákveðnum aðgerðum eru mjög breytileg og einnig geta sömu rökin leitt til algjörlega ólíkra niðurstaðna, eins og t.d. varðandi barn sem hefur sterk tengsl við foreldri. Þar telja sumir starfsmenn tengslin ákveðin rök fyrir því að barnið eigi að fara í fóstur, á meðan aðrir telja þau rök fyrir því að barnið verði áfram hjá foreldri.

Það að hér var um jaðarmál að ræða, þar sem börnin voru ekki í bráðri hættu skýrir að miklu leyti það að starfsmenn hafa í mörgum tilvikum ólíka skoðun á því hversu alvarlegar aðstæður barnanna eru. Engu að síður eru hér vísbendingar um að það getur skipt barnið og fjölskyldu þess miklu máli hvaða starfsmaður fer með mál þess. Ef starfsmaður A færi með málið gætu barnið og fjölskylda þess fengið mikinn og öflugan stuðning heim en hins vegar myndi starfsmaður B leggja alla áherslu á að barnið færi út af heimilinu.

Fyrstu skrefin

Ef litið er nánar á þessar niðurstöður út frá þeim svörum sem fengust varðandi hvert einstakt mál, sést þetta ólíka mat skýrar. Eftir lýsingu á málinu var spurt hvort starfsmaður teldi að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af málinu og hann beðinn að merkja við A, B, C eða D.

- A. Þetta er ekki mál sem krefst rannsóknar eða aðgerða af hálfu barnaverndarnefndar núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort hér sé um barnaverndarmál að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun, með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Tafla I: Skilgreiningar og val á aðgerðum

Mál	1. hluti máls					2. hluti máls				
	A	B	C	D	Annað	A	B	C	D	Annað
Pétur og Páll		9	13				2	11	7	2 C+D
Friðrik	1	4	14	2	1 C+D		1	3	17	1 B+C
Eiríkur			20	1	1 C+D		6	13	2 C+D	
Kristín		1	18	2	1 B+C			6	12	4 C+D


Máli Lísu er sleppt hér vegna þess að vandinn snýst um annað og málið er aðeins í einum hluta.

Þátttakendur voru 22, en í tveimur tilvikum svöruðu þeir ekki þessum spurningum. 9 starfsmenn telja sig þurfa meiri upplýsingar til að sjá hvort um barnaverndarmál sé að ræða í máli tvíburanna á meðan 13 vilja hefja könnun strax. Langflestir vilja hefja könnun strax í máli drengs sem býr hjá þroska-skertri móður og stúlku sem býr hjá móður sem drekkur. Í máli unglingsins (Friðrik) er dreifing svaranna mest. Í öðrum hlutanum telja flestir starfsmenn þörf á aðgerðum strax í máli allra barnanna nema tvíburanna sem búa við van-rækslu, og þar leggur stærsti hluti starfsmanna til að gripið sé til aðgerða strax í máli unglingsins, á meðan einn starfsmaður vill afla frekari upplýsinga til að meta hvort hér sé um barnaverndarmál að ræða.

Eins og hér sést er í talsvert mörgum tilvikum (12) merkt við fleiri en eitt svar í fyrstu tveim hlutum, sumir telja t.d. rétt að hefja könnun og grípa til aðgerða strax. Þessi tilvik dreifast á 5 starfsmenn og í 9 tilvikum er um að ræða starfsmenn á sama stað. Þessi sami staður var einkennandi fyrir mikla umræðu um greiningu og að vita meira um stöðu barna og foreldra. Því má gera ráð fyrir að hér sé að hluta talin þörf á að fá frekari upplýsingar til að gefa ákveðið svar frekar en að um óöryggi starfsmanna sé að ræða.

Þörf á vistun

Það að taka barn af heimili og koma því fyrir á fósturheimili eða stofnun er alvarleg og afdrifarík ákvörðun fyrir barnið og fjölskyldu þess. Barnaverndar-lögin gera ráð fyrir að þegar gripið er til slíks ráðs sé barnið annað hvort í yfir-vofandi hættu eða að vægari úrræði á heimili barnsins hafi ekki skilað árangri og aðstæður barnsins séu því orðnar mjög alvarlegar. Hér er litið nánar á hvernig starfsmenn meta alvarleika málsins út frá þessu sjónarhorni, þ.e. hvort taka þurfi barnið af heimilinu eða ekki. Skoðuð voru skrifleg svör þátttakenda í 3. hluta málanna og athugað hvar merkt var við á línunni sem sést hér að neðan. Línan er alls staðar jafn löng og svörin mæld í cm. 1 merkir að starfs-menn meta þörf á vistun mikla, þ.e. þeir merkja við nálægt hægri armi línunnar en 4 að lögd sé áhersla á stuðning á heimilinu, þ.e. merkt er við nálægt vinstri armi. Fjöldi starfsmanna var 22 og nokkrir velja að merkja ekki við á línunni.



Tafla II: Þörf á vistun utan heimilis

	Pétur og Páll	Friðrik	Eiríkur	Kristín
1	2	12	4	3
2	4	5	2	10
3	9	2	3	5
4	4	1	10	3

Eins og í töflu I er máli Lísu sleppt.

Hér sést að í máli Péturs og Páls telja 2 starfsmenn það vera alvarlegast, þ.e. að mest ástæða sé til að styðja þá utan heimilis, en 4 telja það minnst alvarlegt. Flestir eru sammála um að þörf á vistun utan heimilis sé mest í máli Friðriks, en þó eru þrír starfsmenn sem telja það næstminnst eða minnst alvarlegt út frá þessu sjónarhorni. 4 starfsmenn álíta mál Eiríks alvarlegast en 10 meta það minnst alvarlegt, þ.e. telja minnsta ástæðu til að vista hann utan heimilis. Í máli Eiríks kom einnig fram að 4 þátttakendur töldu meiri þörf á vistun fyrir Eirík utan heimilis í 2. hluta málsins, og í umræðunum kom fram að það væri orðið of seint í 3. hluta.

Úrræði sem gripið er til

Ef lítið er á til hvaða úrræða starfsmenn vilja grípa til að styðja barnið og fjölskylduna sést aftur á hve ólíkan hátt starfsmenn meta hvað gagnast muni barninu best. Í þriðja hluta málsins á svarblöðunum voru þeir spurðir að því til hvaða aðgerða þeir vildu grípa:

A: stuðningsúrræði á heimilin; B: vistun utan heimilis með samþykki sbr. 21. gr. og C: leggja til forsjárviptingu.

Tafla III: Val á stuðningsúrræðum – 3. hluti

Mál	A	B	C	Annað
Pétur og Páll	10	7	1	3A+B 1B+C
Friðrik	1	16		4A+B
Eiríkur	10	6	1	3A+B 1B+C
Kristín	4	11	4	1A+B 1A+BC 1B+C

Í þremur málum vilja nokkrir starfsmenn styðja barnið heima en fáeinir leggja til forsjárviptingu. Flestir starfsmenn vilja ná samvinnu um að börnin fari að

heiman. Það að enginn leggur til forsjársviptingu í máli Friðriks, sem þó af flestum er talinn hafa mesta þörf fyrir vistun, má trúlega túlka þannig að starfsmenn séu þess fullvissir að þeir nái samstarfi við móður Friðriks um að vista hann utan heimilis, enda kom hún sjálf og bað um hjálp.¹ Allmargir starfsmenn virtust eiga erfitt með að velja einn möguleika og merktu t.d. við A+B og í viðræðum og/eða texta kom fram að í nokkrum tilvikum myndu þeir leggja til forsjársviptingu ef ekki næðist samvinna við foreldra um að barnið færi að heiman.

Þetta ólíka mat starfsmanna á úrræðum kemur einnig fram í máli Lísu, en í skriflegu svari við spurningu á eyðublaðinu segja 13 starfsmenn að hún eigi að fara aftur til móður sinnar, 4 segja að hún eigi að fara til nýrra fósturforeldra og 5 svara ekki.

Sumir starfsmenn eru meðvitaðir um þetta ólíka mat og afleiðingar þess.

„Nei – ég þegi bara, af því ég finn að ég er svo extrem. Það er kannski meira einkennandi fyrir það að ég er búin að vera svo stutt hérna og kem annars staðar frá [frá öðru landi]. Þar eru allt aðrar áherslur. Ég finn að mér hrys hugur við hvað þið viljið ganga langt og hve hratt. Og það getur vel verið að það sé vitlaust mat hjá mér. Ég er bara að hugsa um réttaröryggi þessa fólks og hvað við getum leyft okkur sem útsendarar yfirvaldsins. Og mitt mat er svo langt frá því sem við erum að tala um hérna og ég veit ekki hvort ég á að vera með í þessu.“

3.3 Jákvæðir þættir

Þegar farið er yfir umræðuna í hópunum eftir hvert mál sést að almennt fór ekki mikið fyrir jákvæðri umræðu um börnin og foreldrana. Mun oftast var horft á neikvæðu þættina og afleiðingar þeirra og talsverður tími notaður til að ræða vandamálin sjálf og það sem vantaði á að börnin nytu þeirrar umönnunar sem talið var að þau þyrftu. Jákvæðir þættir urðu því yfirleitt gagnstæða þess

¹ Hér ber að hafa í huga að starfsmenn eru að vinna eftir barnaverndarlögum nr. 58/1992 þar sem barnið sjálf var ekki aðili að máli og litið á að samstarf væri í máli ef foreldrar og starfsmenn voru sammála – óháð vilja og óskum barnsins.

sem rætt var um sem neikvætt. Í nokkur skipti var þó rætt um mikilvægi þess að leita að styrkleikum í fjölskyldunni og hvernig mætti nýta þá til að styðja barnið. Ætla má að sú mikla áhersla sem lögð er á greiningu barnanna og fjölskyldnanna geti líka stuðlað að því að meira sé horft á og unnið með styrkleika barna og fjölskyldna í raunveruleikanum en fram kom í þessum umræðum. Atriði sem almennt voru talin jákvæð, óháð málunum sjálfum, má flokka niður í eftirfarandi:

Að biðja um hjálp

Það að foreldrar komi sjálfir og biðji um hjálp fyrir börnin sín var metið sem mjög jákvætt. Það var talið merki um að foreldrar sæju vandann og væru þar af leiðandi tilbúnir til samstarfs og vonin um jákvæðar breytingar væri því meiri. Þetta kom skýrast fram í máli Friðriks, þar sem móðir hans kemur og óskar eftir hjálp með drenginn, um leið og hún segir frá ofbeldi á heimilinu.

Möguleikar á breytingum

Sýnin á fjölskyldurnar og börnin fór að talsverðu leyti eftir því hvort starfsmenn töldu umönnunaraðila barnsins hafa möguleika á að taka á móti hjálp og aðstoð og geta þannig breytt umönnun barnsins. Ef starfsmenn töldu breytingar mögulegar varð það útgangspunkturinn í vinnunni. Sem dæmi má nefna foreldra sem vanrækja börnin sín (mál Péturs og Páls) þar sem einn starfsmaður orðaði þetta svona:

„Það kemur ekkert fram um þessa foreldra sem bendir til þess að þau geti ekki breyst. Þetta er ekki geðveikt fólk, þau eru ekki þroskaskert, maðurinn drekkur, konan vanrækir börnin sín af einhverjum ástæðum. Það hlýtur að vera eðlilegt að byrja á því að reyna að hjálpa þeim að breyta sér“.

Flestir töldu einnig móðurina sem drakk mikið (Kristín) eiga góða möguleika á að takast á við sinn neysluvanda og sinna barninu sínu betur í framhaldi af því. Í hennar tilfelli væri það „vonin um að fólk rétti sig við“ og að jafnan væri meiri möguleiki á að hjálpa alkóhólista en þroskaskertri móður.

Að þykja vænt um barnið sitt

Allmargir starfsmenn nefndu mikilvægi þess að þykja vænt um barnið sitt. Þannig var væntumþykjan talin einn jákvæðasti þátturinn hjá móður, sem vildi fá barnið sitt til sín á ný þegar fósturheimilið gafst upp (Lísa). Það sama kom

einnig skýrt fram í máli drengsins sem bjó hjá þroskaskertu móðurinni (Eiríkur).

Samstarfsvilji

Eitt af því sem talið var jákvæðast í öllum málunum og skipti mestu máli upp á möguleikana til að hjálpa barninu var samstarfsvilji foreldranna. Í öllum málunum kom skýrt fram að starfsmenn gengu út frá því að þeir gætu náð samstarfi við foreldra um þær aðgerðir sem heppilegastar teldust fyrir barnið. Starfsmenn notuðu orð og setningar eins og „*að kanna hvort foreldrar séu tilbúnir í samvinnu*“, „*að vilja takast á við vandann*“ og „*að sýna góðan vilja*“ þegar þeir töluðu um á hvern hátt þeir vildu nálgast fjölskylduna.

Umhverfi sem styður

Það að barnið og/eða fjölskyldan hafi stuðning frá fleirum í umhverfinu en foreldri/foreldrum þótti mikilvægt og jákvætt. Þannig var litið á það sem jákvætt að faðir ætlaði að styðja móður sem vildi fá barnið sitt aftur til sín (Lísa). Í máli unglingsins (Friðrik) komu ítrekað fram vangaveltur um hvernig umhverfi hans og mögulegt stuðningsnet liti út og sama gildi um börnin í öllum hinum málunum. Greinilegt var að starfsmenn voru vanir að horfa á líf barnanna út frá stærri einingu en eingöngu út frá fjölskyldu og heimili barnsins.

Barnið er duglegt

Almennt var ekki horft á getu og styrkleika barnanna. Undantekning var þó Kristín þar sem það var af allmörgum talið jákvætt hvað hún stóð sig vel og var dugleg. Um leið var sett neikvætt merki við það þar sem það þótti takmarka möguleika starfsmannsins til að veita stuðning, þar sem barnið sýndi ekki vanrækslueinkenni.

Stöðugleiki

Það að þeir sem sinna barninu sýni ákveðinn stöðugleika er talið skipta miklu máli fyrir barnið. Það að barn hafi verið í sama skóla, foreldrar hafi stundað vinnu, að aðstæður foreldra hafi verið stöðugar í einhvern tíma eða þeir haldið sig frá neyslu um skeið var talið jákvætt og geta stuðlað að öryggi barnsins.

3.4 Neikvæðir þættir

Í allri umræðu voru neikvæðir þættir í fari foreldra meira áberandi en þeir

jákvæðu. Starfsmenn virtust vanir því að ræða mál barnanna og fjölskyldna þeirra út frá þeim neikvæðu þáttum sem eru jú ástæður þess að barnaverndar-afskipti hefjast. Hið mikla vægi sem umræðan um neikvæða þætti fær í rannsókninni er að sumu leyti skiljanlegt, því málin snerust vissulega um vanda- mál og verkefnið var að finna leiðir til að taka á þeim. Það vekur þó upp spurn- ingar um hvaða sjónarhorn er valið þegar málefni fjölskyldna eru til umræðu. Hversu vakandi eru starfsmenn fyrir því að skoða styrkleikana sem barnið og fjölskyldan búa yfir? Hvernig er hægt að nýta styrkleikana þegar skoðað er á hvern hátt er mögulegt að breyta aðstæðum og bæta aðbúnað barnanna? Í einu tilviki nefndi starfsmaður að foreldrar Péturs og Páls væru bara uppteknir af neikvæðum hliðum barnanna: „... foreldrarnir einblína á neikvæðu hlið- arnar“. Spyrja má hvort hið sama gildi um starfsmenn þegar þeir fjalla um málefni fjölskyldnanna.

Hér á eftir fara nokkur atriði sem talin voru neikvæð og gefa vísbendingu um alvarleika málsins.

Foreldrar hafa litla innsýn í vandann og sjá ekki vanda barnsins

Það að foreldrar skuli, að mati starfsmanna, ekki hafa innsýn í vanda barnsins er talið mjög neikvætt og alvarlegt. Þetta kemur skýrast fram í umræðum um vanrækslu (Pétur og Páll) þar sem þessi viðhorf eru fléttuð saman við skil- greiningu á vanrækslu.

„Mér finnst skína í gegn svo mikil vanræksla, t.d. í sam- bandi við heyrnartækin, að þeir hafi ekki þörf fyrir heyrn- artæki og svo endar það á að þeir eru málhaltir og hugtaka- þekking er slök.“

Það að hafa litla innsýn í vandann er nátengt því að sjá ekki þarfir barnsins (eins og þörfina fyrir heyrnartæki) og að geta ekki sett þær í forgang. Umræðan ber þá gjarnan nokkurn keim af ákveðinni vandlætingu og nei- kvæðu mati og viðhorfi til foreldranna. Þessi viðhorf komu skýrt fram í öllum málunum, nema í máli unglingsins (Friðrik).

Neikvæðni varðandi samstarf

Samstarf er lykilhugtak hjá barnaverndarstarfsmönnum og ef foreldrar eru neikvæðir gagnvart því, er það talið minnka möguleika á að ná fram jákvæðum breytingum fyrir barnið. Það að foreldrar hafni aðstoð eða séu beinlínis nei-

kvæðir gagnvart því að vinna með starfsmönnum er jafnframt talið vera merki um að þeir sjái ekki vandann eða afneiti honum.

Neikvæðni gagnvart samstarfi snýr ekki eingöngu að starfsmönnum barnaverndarnefnda heldur einnig að samstarfi við aðra aðila sem sinna börnunum, svo sem ungbarnaeftirlit, leikskóla eða skóla. Þannig er það talið mjög mikilvægt að mæta á foreldrafundi, fara eftir leiðbeiningum starfsmanna leikskólanna o.s.frv. Það að foreldrar hafi ekki sinnt þessu var ýmist talið vísbending um vanda sem foreldrar vilji ekki horfast í augu við eða að þeir hafi eitthvað að fela.

Að hafna barninu

Í nokkrum málanna var mikil og heit umræða um hversu erfitt og sárt það væri fyrir börnin að vera hafnað. Dæmi sem nefnd voru sem höfnun voru að barn hefði farið í fóstur og einnig að fósturforeldrar töldu sig ekki geta haft fósturbarn hjá sér lengur. Það voru einnig talin rök í máli barns sem átti þroskaskerta móður, að barnið myndi upplifa það sem höfnun móður að vera sett í fóstur og því betra að styðja barnið áfram hjá móður. Rætt var um það sem ákveðna höfnun að unglíngur hefði búið hjá föður um tíma og skapaði umræður um upplifun unglingsins sjálfs. Þannig virtist það ekki skipta höfuðmáli hvort foreldri sjálf hefði snúið baki við barninu eða hvort barnaverndarnefndir hefðu tekið ákvörðun um að barnið færi í fóstur, starfsmenn töldu að barnið upplifði sára og erfiða höfnun.

Tengslaleysi

Það að vera ekki í tengslum við barnið er talið mjög alvarlegt. Almennt er mikið talað um tengsl og þar sem starfsmenn meta að foreldri sé ekki í tengslum við barn sitt, telja þeir ástæðu til alvarlegrar íhlutunar. Á sama hátt þykir mikilvægt að viðhalda góðum tengslum (Lísa, fósturforeldrar og kynforeldrar, Eiríkur og móðir hans). Í málum þar sem börnin bjuggu eingöngu hjá mæðrum urðu miklar vangaveltur um tengsl barnanna við feður sína og talið mikilvægt að skoða þann þátt og styrkja.

Ofbeldi hjá fullorðnum

Það að hafa beitt ofbeldi eða geta mögulega beitt því virtist geta skipt miklu máli þegar meta átti hvort hefja ætti könnun eða ekki. Þannig var ekki gert ráð fyrir þátttöku stjúpa unglingsins (Friðrik) þegar ræða átti leiðir og stuðning, heldur snerist umræðan um á hvern hátt hægt væri að styðja móðurina til að skilja við hann þar sem hann var talinn ofbeldisfullur. Á sama hátt var barn

þroskaskertu móðurinnar (Eiríkur) talið vera í ákveðinni hættu og vitnað í rannsóknir þar sem fram kemur að ofbeldi sé ákveðinn áhættuþáttur hjá þroskaskertum foreldrum þegar umönnun barna er annars vegar. Athyglisvert var að umræðan um unglínginn og ofbeldi hans gagnvart öðrum var með allt öðrum formerkjum, þar sem litið var á unglínginn sem fórnarlamb sem þyrfti að komast í meðferð.

Fyrri afskipti hafa ekki skilað árangri

Það að málið hafi verið lengi til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum og stuðningur ekki skilað árangri telja starfsmenn ótvírætt merki um alvarleika og að grípa þurfi til þyngri úrræða, eins og þess að koma barninu að heiman. Í málunum sem voru til umræðu var á sumum stöðum talið ótrúverðugt að mál eins og mál unglíngsins (Friðrik) hefði ekki komið til barnaverndaryfirvalda fyrr og því hefði það ekki þurft að verða eins alvarlegt og raun bar vitni.

„Eins það hvort fyrri stuðningsúrræði hafa borið árangur eða ekki. Ef þau hafa ekki borið árangur, þá er kannski líklegra að maður fari yfir í þvingun heldur en ef þau hafa kannski borið árangur einhvern tíma.“

Litlir möguleikar til breytinga

Það að litlar líkur séu á að foreldri takist að breyta umönnunarhæfni sinni eða viðhorfum til barnsins er álitíð neikvætt, og að þá séu minni möguleikar á að veita stuðning. Þetta er skýrast í máli þroskaskertu móðurinnar (Eiríkur) þar sem annars vegar kemur skýrt fram að hún er talin hafa litla möguleika á að takast á við þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að sinna barninu, en hins vegar vekur þessi fötlun (getuleysi) mikla samúð.

3.5 Málsmeðferð

Meiri áhersla lögð á lagaumhverfið en þarfir barnanna

Á einum stað varð töluverð umræða um þær breyttu kröfur sem farið er að gera til vinnslu barnaverndarmála. Starfsmenn töldu aukin afskipti lögfræðinga leiða til þess að stöðugt meiri tími starfsmanna færi í að svara erindum þeirra og útbúa gögn fyrir þá. Að mati starfshópsins verður vægi málanna fremur á óskum og „rétti“ foreldranna en þörfum og rétti barnanna sjálfra. Starfsmenn virtust óöruggir varðandi þessa nálgun og ekki búnir að finna leiðir til að halda fram hlut barnanna í þessu ferli. Ákveðin hræðsla kom

einnig fram um að tilfellum af þessu tagi myndi fjölga eftir að þvingunarmál færðust yfir til dómstóla.

Lögin, heimildir, óskir

Meðvitund og þekking á barnaverndarlögunum og þeim heimildum sem þar er að finna er yfirleitt nokkuð góð. Þó kom skýrt fram að í sumum tilvikum vöktu aðstæður barnanna sterkar tilfinningar og hluti starfsmanna vildi ræða málin út frá eigin réttlætiskennd og tilfinningum, án þess að máta þær við lögin og þær heimildir sem þau veita. Þessir starfsmenn voru almennt óánægðir með þá möguleika sem þeim fannst þeir hafa til íhlutunar og erfitt að vinna í þessum málaflokki. Þessi ólíku viðhorf komu skýrast fram á einum stað en var þó einnig að finna á fleiri stöðum.

Starfsm. I:

„Mér finnst ástandið alvarlegt af því sem ég les hér, eftir að barnaverndarstarfsmaður fer inn á heimilið og hann kemur aftur með þessar upplýsingar. Mér finnst þetta alvarlegt fyrir börnin, mér finnst engin spurning, það þarf að þvinga þau.“

Starfsm. II:

„Ég held að við höfum ekki lagalegar forsendur. Það er ekki drykkja þarna, það er ekki vanræksla sem við fáum samkvæmt þessum upplýsingum í byrjun. Það yrði þá að koma í ljós. Við erum ekki með upplýsingar um að þau skilji þau eftir þannig að þau séu í hættu eða annað sem réttlætir svona úrskurð. Ég sé ekki miðað við þessar grunnupplýsingar að við værum með úrskurðardæmi.“

Þegar starfsmenn voru að velta fyrir sér stuðningi eða mögulegri þvingun komu stundum fram vangaveltur um hvort barnaverndarnefnd myndi samþykkja tillögur starfsmanna. Þessar vangaveltur, virtust geta haft áhrif á hvort tillaga um þvingun væri lögð fram eða hvort tillögurnar væru gerðar út frá þeim atriðum sem talið var að nefndin myndi samþykkja. Spyrja má hvort þessar vangaveltur geti stundum leitt til þess að starfsmenn leggi til úrræði sem þeir, út frá sínu faglega mati, þekkingu sinni á aðstæðum barnanna og vinnslu málsins, eru sannfærðir um að muni í raun ekki leiða til þeirra breytinga sem þeir telja nauðsynlegar fyrir barnið.

Ósamræmi milli vilja starfsmanna og ákvarðana nefnda

Almennt virtist samstarf starfsmanna við barnaverndarnefndina gott og starfsmenn virtust treysta og nýta sér barnaverndarfundi til að fá skýrari mynd af málinu eða til að fá ákveðna niðurstöðu. Þetta var þó ekki algilt og dæmi voru um að starfsmönnum þætti skilningur nefndarinnar á alvarleika málanna og mögulegum afleiðinga þeirra afar takmarkaður.

„Mér finnst við svolítið máttlausar hér. Þó maður fari með mál fyrir nefndina, þá samþykkir nefndin ekki að þeir verði teknir út af heimilinu, þannig að það er eiginlega gagnslaust að reyna það. Það er einhvern veginn svona tónninn. Af því að nú er ég ný hér og svolítið aggressív í þessum málum finnst mér þetta og ég læt alveg heyra hvað mér finnst. Mér finnst þetta svo mikið tutl og tilgangslaust. Og það er ekki hægt að fara með neitt fyrir þessa nefnd af því að nefndin bara blæs það af alltaf – alveg sama hvað maður reynir.“

Hlutverk nefndar

Hjá þeim nefndum sem þátt tóku í rannsókninni var verkaskipting milli barnaverndarnefnda og starfsmanna nokkuð ólík. Á sumum stöðum fjölluðu nefndirnar sjálfar nær eingöngu um mál ef það var spurning um mögulega þvingun eða málin talin mjög alverleg. Annars staðar eru öll mál lögð fyrir nefndina, þannig að nefndin tekur þátt í að móta stefnuna alveg frá upphafi – þ.e. frá því að tekin er ákvörðun um að kanna mál. Ekki voru til skýrar leiðbeiningar á þessum fimm stöðum um hvernig verklagið skyldi vera, heldur virtist það byggjast á venjum og almennum skilgreiningum eins og þvingun eða alvarleika mála (ekki kom fram hvort til væru skilgreiningar á því hvenær mál teljast alvarleg). Þá virtust mál stundum lögð fyrir nefnd til að veita þeim aukinn þunga, þ.e. til að undirstrika alvarleikann fyrir fjölskyldunni og freista þess að ná samstarfi.

„Við lítum svo á að þá [þegar mál er lagt fyrir nefnd] sé það ekki lengur á okkar [starfsmannanna] ábyrgð að láta þetta ganga svona. Við erum kannski hætтар að hafa fókusinn á því hvort það sé raunhæft að láta þetta ganga svona. Þá fáum við álit nefndarinnar á því hvort við eigum að halda

áfram á þessari braut eða fara út í einhverjar aðrar aðgerðir.“

Á minni stöðum virtust barnaverndarfundirnir einnig hafa það hlutverk að skýra ákvarðanaferlið fyrir fjölskyldunni og sýna að vinnslan og ákvarðanir lægju ekki hjá þeim starfsmanni sem mest væri í sambandi við fjölskylduna heldur hjá nefndinni. Með því að boða foreldra á fund nefndarinnar þar sem málið er rætt, töldu margir starfsmenn að nefndin sjálf yrði sýnileg og þá einnig sú staðreynd að það er í raun ekki starfsmaðurinn sem hefur hið endanlega vald. Málið er þá talið færast frá starfsmanninum og yfir á nefndina, sem aftur getur leitt til þess að fjölskyldan viti betur hvar hún stendur, reiðin beinist að nefndinni og fjölskyldunni reynist auðveldara að vera í samskiptum við starfsmanninn.

„Þegar þetta er kynnt fyrir nefnd, þá er þetta ekki starfsmaður versus foreldri. Foreldrið upplifir þetta þá ekki sem einhverja persónulega árás frá starfsmanni heldur sé þá ágreiningur við nefnd – þetta sé þá bara orðið eitthvað lög-bundið.“

Ekki eru til neinar innlendar rannsóknir um upplifun fjölskyldnanna í þessu ferli, eða hvort þær geri mikinn greinarmun á þeim ákvörðunum sem þeim finnst koma frá starfsmönnum og því sem nefndin ákveður. Spurning er hvort fjölskyldunni geti fundist hún vera enn valdaminni og að möguleikar hennar til að mótmæla eða koma fram með eigin hugmyndir og skoðanir verði enn minni þegar hún mætir á fund fjölmennrar nefndar heldur en þegar hún er eingöngu í samskiptum við starfsmann?

Mjög mismunandi var að mati starfsmanna hvenær foreldrum er gefið tækifæri til að mæta á fund nefndarinnar, hvort þeim sé alltaf boðið að mæta, hvort þeir þurfi sjálfir að biðja um það og ef svo er, hvort það sé þá ætíð leyft. Þó kom fram að ef spurning er um að beita þvingun, þá er foreldrum ætíð boðið að koma og lýsa sínum sjónarmiðum og óskum.

„Þá [ef foreldrar vilja ekki samvinnu] myndum við leyfa fólkinu að mæta fyrir nefndina og reyna allt sem við getum til að fá fólk til að skilja.“

3.6 Sýnileiki barnsins

Eitt af því sem áhugavert þótti að skoða gegnum viðtölin við starfsmenn var það hversu sýnilegt barnið sjálft væri í umræðunni og á hvern hátt starfsmenn vildu draga fram stöðu þess í vangaveltum sínum um stuðning.

Í viðtölunum kom almennt fram skýr sýn á börnin og þarfir þeirra. Þetta var þó dálítið misjafnt og virtist fara nokkuð eftir þeim vandamálum sem kölluðu á afskipti. Þar sem mikil samúð var ríkjandi í garð foreldra voru minni vangaveltur um þarfir barnsins. Þannig beindu starfsmenn sjónum sínum að fósturbarni sem fósturforeldrar geta ekki lengur haft hjá sér (Lísa) og unglingi sem farinn er að beita ofbeldi (Friðrik). Það sama var að segja um barn sem býr hjá móður með áfengisvanda (Kristín) þar sem einn starfsmaður orðaði það sem svo að enginn vandi væri að sjá börnin í svona málum, þ.e. málum þar sem foreldrar eru í neyslu. Í máli barnsins sem átti þroskaskerta móður (Eiríkur) varð barnið hins vegar ekki mjög sýnilegt og umræðan varð almenn og snerist um börn þroskaskertra foreldra – fyrst og fremst út frá fötlun og takmörkunum foreldranna.

Þegar spurt var á hvern hátt starfsmenn myndu láta börnin sjást í dagnótum eða greinargerðum og hvernig þeir myndu láta skoðanir þeirra koma fram, voru ólíkar leiðir valdar. Starfsmenn vildu fara á heimilið og sjá hvernig börnin væru í samskiptum við foreldra sína, óska eftir að gerðar yrðu sálfræðithuganir, fá skýrslur úr skóla eða leikskóla, skipa börnunum talsmenn eða láta þau/foreldrana mæta fyrir barnaverndarnefnd. Einstaka starfsmaður vildi sjálfur tala við barnið, en þá var það gjarnan orðað eins og „...ég myndi útskýra fyrir barninu“. Almennt var þó viðhorfið það að láta aðra (aðallega sálfræðinga) tala við börnin eða fá skýrslur frá öðrum sem þekktu þau, svo sem kennurum og leikskólakennurum. Á einum stað var þetta orðað svo:

„Já, það er sálfræðingurinn, þá karlkyns sálfræðingur, skilurðu? Þessi tólf ára vill kannski ekki endilega tala við einhverjar kerlingar eins og okkur“.

3.7 Sýnileiki foreldranna

Umræða starfsmanna snerist oftast mikið um foreldra barnanna og þá fyrst og fremst annmarka þeirra og vangetu til að sinna börnunum og uppfylla þarfir

þeirra. Undantekningar voru foreldrar unglingsins (Friðrik) sem fengu litla umfjöllun, heldur var þar rætt um vandann út frá barninu sjálfu og hegðun þess en ekki út frá umönnun. Alls staðar var það fyrsti liður í könnun að tala við foreldra, fá frá þeim upplýsingar og heyra þeirra afstöðu. Sú mikla áhersla sem lögð var á samvinnu undirstrikar enn frekar að foreldrarnir, sjónarmið þeirra og vandi fá mikla athygli í allri umræðu um málin. Greinilegt var að starfsmenn litu svo á að til að breyta högum barnsins þyrfti að hjálpa foreldrunum til að takast á við sinn vanda.

Hin ólíku vandamál virtust vekja ólíkar tilfinningar hjá starfsmönnum. Þannig varð umræðan um móðurina sem drakk (Kristín) og foreldrana sem ekki sáu þarfir barnanna (Pétur og Páll) lituð af vandlætingu og neikvæðni, á meðan móðir fósturbarnsins (Lísa) og þroskaskerta móðirin (Eiríkur) nutu mikils skilnings og samúðar.

Segja má að þau mál sem lögð voru til grundvallar þessari rannsókn hafi gefið því undir fótinn að horfa meira á mæðurnar en feðurna eða foreldrana báða saman. Þannig er það móðir unglingsins Friðriks sem leitar eftir aðstoð fyrir barn úr fyrra sambandi, foreldrar Lísu og Kristínar búa ekki saman og ekkert er minnst á föður Eiríks. Það er því að sumu leyti skiljanlegt að umræðan snerist í miklum mæli um mæðurnar, þeirra getu og möguleika til að annast börnin. Þá miklu áherslu sem starfsmenn lögðu á mæðurnar má túlka þannig að ábyrgðin á börnunum væri fyrst og fremst þeirra, það voru þær sem þurfti að meta og kröfur voru gerðar til þeirra um að búa börnunum betri aðstæður.

Karlmönnum var mætt með ákveðnum fyrirvara. Talin var ástæða til að skoða aðstæður hjá föður Friðriks og föður Kristínar var tekið með ákveðnum fyrirvara, fyrst og fremst vegna þess að hann hafði ekki sótt um forsjá barnsins og því ekki talinn hafa barist fyrir henni. Í máli Lísu er aldrei rætt um föður nema sem hluta af móður, þ.e. sem stuðningsaðila hennar, en ekki sem beinan stuðning við barnið. Í máli tvíburanna var öll umræða um föðurinn með neikvæðum formerkjum, hann hafði ekki áhuga á börnunum, hann var talinn rekka drekka, vera með bjórvömb og fleira í þeim dúr.

Eini karlmaðurinn í einum hópnum velti upp spurningunni um föður Eiríks og hvort gera ætti tilraun til að leita hann uppi.

3.8 Tengsl

Tengsl barnanna við foreldra sína voru talin skipta miklu máli Þetta kom skýrast í ljós í máli fósturbarnsins (Lísa) þar sem starfsmenn ræddu mikið um möguleg tengsl þess við móður og við fósturforeldra. Í umræðunni var lögð áhersla á þörfina á sálfræðilegu mati til að sjá þessi tengsl betur og að tengslin gætu ráðið miklu um hvaða úrræði yrði valið fyrir hana.

„Þetta er orðið 5½ ár sem hún er búin að vera þarna í burtu, hún virðist ekki hafa verið tengd þeim og ég svo sem veit ekki út frá þessu hversu óregluleg umgengnin var.“

Tengsl eru einnig mikið rædd í máli barnsins sem býr hjá þroskaskertu móðurinni (Eiríkur). Þar verða það sterk rök í málinu að þegar hann er orðinn 10 ára séu tengsl við móður svo sterk að þá sé ekki forsvaranlegt að koma honum í fóstur. Jafnhliða kemur fram það sjónarmið að þau tengsl sem þá hafi myndast séu ekki endilega jákvæð.

Það eru ekki eingöngu tengslin milli foreldra og barna sem talin eru skipta máli heldur einnig milli fósturforeldra og fósturbarna. Samtímis er bent á að það geti verið erfitt fyrir barnið að tengjast nýju fólki.

„Það segir nú kannski eitthvað um að maður geti aldrei alveg tryggt það að það myndist einhver svona tilfinningaleg tengsl þegar barn fer í fóstur.“

3.9 Tilkynningar og mat á þeim

Nokkrar umræður og vangaveltur urðu um tilkynningar og þá um leið hvenær og hvernig barnaverndarskipti hefjast. Helstu atriði sem lágu starfsmönnum á hjarta voru:

Tilkynningar berast ekki

Í barnaverndarlögunum sem voru í gildi þegar gagnasöfnun fór fram voru þrjár greinar sem kváðu á um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda. Það var í fyrsta lagi tilkynningarskylda almennings, í öðru lagi tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og loks tilkynningarskylda lögreglu. Ekki voru gerðar miklar breytingar á þessum ákvæðum í núgildandi lögum. Barna-

verndarnefndir hafa talsvert unnið að því að kynna tilkynningarskylduna á liðnum árum, en í þessari rannsókn var greinilega víða pirringur út í önnur kerfi sem ekki voru talin sinna þessari skyldu sinni. Víða kom fram að tilkynningar berist seint.

„Það að önnur kerfi láta hjá líða að tilkynna, þrátt fyrir að þeir sjái vandann, þýðir að við [barnaverndarstarfsmenn] sitjum uppi með vandann.“

Sterk sjónarmið komu fram um að neikvæð ímynd barnaverndarnefnda væri oft ríkjandi hjá fagfólki sem aftur leiddi til tregðu við að tilkynna, þannig að tilkynningarnar kæmu seint eða alls ekki. Flestar samstarfsstofnanir barnaverndarstarfsmanna voru taldar upp í þessari umræðu, þó að nokkur munur væri á milli staða.

„Fagstéttirnar bregðast alveg í þessu, maður getur rífið í hár sitt.“

Þegar tilkynningar berast seint er það að mati starfsmanns oftast merki um að sá sem tilkynnir er kominn í þrot með hvað gera eigi, eins og t.d. skólinn. Vandinn hefur verið langvarandi, sem um leið þýðir að tilkynnandinn hefur orðið lítið þol fyrir frekari erfiðleikum og jafnvel barninu sjálfu. Margir starfsmanna töldu sjaldgæft að stofnanir eins og ungbarnaeftirlit tilkynni til barnaverndarnefndar og ef það gerist, er vandamálið mjög alvarlegt. Samstarfið við t.d. ungbarnaeftirlit er oftast þannig að barnaverndarstarfsmenn hafa frumkvæði að því að hafa samband og eru þá að óska eftir upplýsingum í tengslum við könnun ákveðinna mála. Þó kemur fyrir að ungbarnaeftirlit hafi frumkvæði að því að óska eftir stuðningi fyrir börn og fjölskyldur en óski um leið eftir því að það verði ekki barnaverndarmál.

Umræðan á minnsta staðnum sem tók þátt í rannsókninni var þó með nokkuð öðrum blæ. Þar töldu starfsmenn almennt að þeir hefðu fengið að vita af öllum málunum fyrr. Þessa skoðun sína byggðu starfsmenn á því að auðvelt væri að hafa yfirsýn á minni stöðum og að þar sem ekki væru margir skólar, leikskólar og heilsugæslustöðvar á svæðinu, væri samstarfið auðveldara og boðleiðirnar styttri. Einnig var lögð áhersla á að þjónusta barnaverndarnefndarinnar á staðnum væri vel kynnt, almennt væri vitað um hana og hún hefði ekki á sér svo neikvæðan stimpil.

Mat - alvarleiki tilkynninga

Nokkrar vangaveltur voru um hvort það væri tilkynning þegar móðir kemur og biður um hjálp. Í málinu sem hefst þannig er það skoðun fáeinna starfsmanna að móðirin eigi að leita á annan stað til að óska eftir þessum stuðningi og það sé því ekki tilkynning sem krefjist könnunar og formlegrar afgreiðslu. Í huga starfsmanna hafa tilkynningar ólíkt vægi eftir því hvaðan þær koma. Tilkynningu frá dagmömmu þarf að skoða og meta svo framhaldið, en tilkynning frá ungbarnaefirliti hefur meiri þunga, þar sem starfsmenn gera ráð fyrir að búið sé að reyna stuðningsaðgerðir áður en haft er samband við barnaverndaryfirvöld.

Efasemdir starfsmanna

Á einum stað komu fram vangaveltur um hvort ætíð væri rétt að tilkynna mál til barnaverndarnefndar þar sem það var talið vera svo afdrifaríkt fyrir fjölskylduna.

„Mér fannst þegar ég var eiginlega hinum megin við borðið, þegar ég var að vinna í skóla, þó að þetta hafi nú verið eldri börn þar; þá sá maður oft svona mikla vanrækslu, en taldi samt að það væri ekki ástæða til að tilkynna það sem barnaverndarmál, heldur langaði svo til að setja það inn í kerfið og að fjölskyldan fengi stuðning. – Og að úrræði yrðu sett inn á þetta heimili.“

Hér virðist sama hikið og sumir samstarfsaðilar eru ásakaðir um, þ.e. hræðslu við að setja mál í þann farveg sem barnaverndarlög gera ráð fyrir. Þetta viðhorf er í mikilli andstöðu við skoðanir starfsmanna á einum staðnum sem töldu að með því að skilgreina barnavernd vítt, kynna starfið og möguleika á stuðningi vel, þá gengi starfið betur og hræðslan og tortryggnin minnkaði, bæði hjá foreldrum og samstarfsaðilum.

Tilkynningar um ófædd börn

Í barnaverndarlögunum frá 1992 var ekkert ákvæði um tilkynningarskyldu vegna ófæddra barna. Barnaverndarnefndir höfðu þó í reynd oft á tíðum hafið ákveðnar stuðningsaðgerðir við ófrískar mæður, sérstaklega ef mæðurnar áttu við alvarlegan geðsjúkdóm að stríða eða voru þroskaskertar. Með hliðsjón af þessu var í máli barnsins sem átti þroskaskerta móður (Eiríkur) spurt hvort

starfsmenn fengju tilkynningar um ófædd börn í tilvikum þar sem móðir er þroskaskert. Á fjórum stöðum af fimm var svarið já. Það var þó undirstrikað að tilkynningarnar varða ekki eingöngu þroskaskerta foreldra, heldur einnig foreldra í neyslu, eða þegar þroskaskertir foreldrar eru að eignast sitt annað barn. Í framhaldi af slíkum tilkynningum hefst svo stundum samstarf milli væntanlegrar móður, heilsugæslu og barnaverndarnefndar um stuðning strax á meðgöngu.

3.10 Könnun mála

Þátttakendur voru ekki spurðir um hvernig þeir myndu ganga fram við könnun málsins. Engu að síður er áhugavert að skoða hvað nefnt var í umræðunni um atriði sem þeir lögðu áherslu á að yrðu könnuð án þess þó að hér sé hægt að draga almennar niðurstöður af því.

Ekki var talað um að unnið væri eftir skipulegu ferli við könnun máls. Svo virðist sem starfsmenn meti könnun hvers einstaks máls fyrir sig og hvað það er sem þá skiptir máli, þannig að það er breytilegt hvar leitað er upplýsinga hverju sinni. Þó var ætíð minnst á að tala við foreldrana – að minnsta kosti mæðurnar. Nokkrar efasemdir voru um það hvort ræða ætti við föður sem ekki bjó með barni sínu (Kristín) og bæði stjúpí og faðir unglingsins (Friðrik) voru fjarlægir í umræðunni. Ekki virtist sjálfgert að rætt væri við börnin.

„... mikilvægt að gera könnun og það sé kannski talað við barnið eða einhvern úr fjölskyldunni, reynt að fá sem gleggsta mynd af þessu.“

Starfsmenn lögðu áherslu á að fá greiningu fyrir bæði börnin og foreldrana. Þá var átt við atriði eins og greindar-, tengsla- og persónuleikapróf á foreldrum, greiningu á barni, greiningar- og kennsluvistun fyrir barn og foreldra, og sálfræðigreiningu. Í umræðunni var almennt litið svo á að þessi vinna yrði unnin af öðrum en barnaverndarstarfsmanninum. Á einum stað varð mikil umræða um að barnaverndarstarfsmenn, sem eru aðallega félagsráðgjafar, skorti tæki til að vinna markvissa greiningarvinnu og var vitnað í sálfræðinga í sambandi við það.

Aðrar leiðir sem nefndar voru í sjálfu könnunarferlinu voru að fara heim og

sjá barnið í sínu umhverfi með foreldrum, hlusta á hvernig foreldrar tala um barnið og fá upplýsingar um það frá öðrum.

Almennt var undirstrikað að könnun ætti að taka mið af því að skoða hvernig umönnun barnanna væri háttáð og aðbúnaði þeirra. Sjónum var þó að verulegu leyti beint að foreldrunum og vanda þeirra, en oftast út frá því hvernig vandi foreldranna hefði áhrif á umönnunargetu þeirra og öryggi barnanna.

3.11 Úrræði

Svarblöðin gefa kost á því að nefna ólík stuðningsúrræði sem talið er að geti gagnast þeim börnum og fjölskyldum sem verið er að ræða um í hverju máli. Athyglisvert er að sjá þann fjölda úrræða sem nefnd eru og beinast ýmist að börnunum einum, foreldrunum eða að börnum og foreldrum saman. Í þessu sambandi er þó vert að hafa í huga að í tilbúnum málum eins og hér um ræðir gæti verið freistandi að nefna stuðningsúrræði sem starfsmaður telur þurfa og vildi geta boðið upp á, án þess að það endurspegli endilega þann stuðning sem starfsmenn hafa tækifæri til að bjóða fjölskyldunum í raunveruleikanum.

Starfsmenn töldu bæði börnin og foreldrana þurfa stuðning. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda stuðningsúrræða annars vegar í skriflegum svörum, og hins vegar í umræðunni um hvert mál. Tekið skal fram að í þessari talningu voru greiningar og mat tekin með sem stuðningsúrræði þó að í reynd sé um að ræða hluta af könnun mála. Greiningin getur hins vegar verið svo náskyld stuðningi, eins og í þeim tilvikum þar sem rætt er um greiningar- og kennslu- vistun, að rétt þótti að taka hana með hér.

Tafla IV: Fjöldi stuðningsúrræða fyrir börnin

	Svarblöð	Umræða
Pétur og Páll	7	15
Friðrik	14	13
Lísa	2	0
Eiríkur	11	8
Kristín	6	2

Tafla V: Fjöldi stuðningsúrræða fyrir foreldra

	Svarblöð	Umræða
Pétur og Páll	16	16
Friðrik	11	3
Lísa	7	3
Eiríkur	10	7
Kristín	13	4

Eins og sjá má eru fleiri stuðningsúrræði miðuð við foreldrana og hæfni þeirra til að hugsa um börnin. Þetta átti við í þremur málanna þar sem fyrst og fremst var rætt um tilsjónarmann, ráðgjöf, PMT (Parent Management Training) og ólík meðferðartilboð. Stuðningur sem stungið var upp á fyrir barnið var: persónulegir ráðgjafar, stuðningsfjölskylda, sveitardvöl og meðferð. Þá var fóstur talið mikilvægt úrræði fyrir börnin, bæði varanlegt og tímabundið. Aðeins í máli unglingsins (Friðrik) og barnsins sem á þroskaskerta móður (Eiríkur) er rætt um fleiri úrræði fyrir börnin en foreldrana. Unglingurinn var talinn þurfa á stofnanadvöl að halda en þar sem starfsmenn hafa langa reynslu af því að biðtími eftir plássi á viðeigandi stað er oftast nær langur var lögð áhersla á að fjölskyldan fengi aðstoð til að hafa drenginn hjá sér á meðan beðið væri eftir plássi. Jafnframt var talið nauðsynlegt að unnið yrði með fjölskylduna alla þannig að hún væri í stakk búin til að veita drengnum það skjól og þá umönnun sem hann þarfnadist að lokinni meðferð. Þrátt fyrir að fram komi í umræðunni um fósturbarnið (Lísa) að fósturbörn eigi oft mjög erfiða reynslu að baki til viðbótar því að vera ekki hjá foreldrum sínum, er athyglisvert að sjá hve fá stuðningsúrræði beinast að fósturbarninu sjálfu (Lísa) á meðan foreldrar (og einnig fósturforeldrar) eru taldir í þörf fyrir stuðning. Það sama gildir um beinan stuðning við Kristínu sem býr hjá móður með áfengisvanda.

Í máli fósturbarnsins (Lísa) má sjá að aðeins tvisvar er rætt um stuðning við fósturforeldrana. Spyrja má hvort almennt sé meiri tregða til að veita fósturforeldrum stuðning og gengið út frá því að þeir bjargi sér frekar án aðstoðar en kynforeldrar. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að margir fósturforeldrar taka við börnum sem búin hafa við afar erfiðar aðstæður og þurfa flest mikla hjálp og aðstoð til að ná tókum á tilverunni.

„Ef þetta væru kynforeldrar sem myndu veikjast og þessi staða myndi koma, segjum að það væru ekki fóstur- heldur

kynforeldrar, þá værum við komin þarna hlaupandi til að bjóða stuðning.“

Eitt af því sem vakti athygli í skriflegum svörum og í umræðu um stuðningsúrræði var hversu almenn þau voru. Starfsmenn nefndu oft „*stuðning inn á heimilið*“ og „*eins mikinn stuðning og hægt er*“ án þess að skýra nánar hvað þeir ættu við eða setja tillögurnar í beint samhengi við þau vandamál sem fjallað var um.

Annað sem vekur athygli er hve mörg orð eru notuð um stuðningsúrræðin án þess þó að ljóst sé að allir viti hvað átt er við, hvort starfshópur á sama stað sé sammála um hvað felist í hinum einstöku stuðningsúrræðum eða hvort starfsmenn leggi ólíkan skilning í hugtökin. Ef þetta er skoðað nánar má sjá eftirfarandi hugtök notuð þar sem gera má ráð fyrir að átt sé við stuðning við foreldra; fjölskylduviðtöl, foreldrafærniþjálfun, PMT, foreldraráðgjöf, kennsluvistun, rannsóknar- og kennsluvistun, ráðgjöf, tengslameðferð fyrir foreldra og börn. Jafnframt er í umræðunni talað um greindar-, tengsla- og persónuleikapróf fyrir foreldra, mat á foreldrum, mat á getu foreldra, hjónaráðgjöf, samskipti foreldra og barna, sálfræðiviðtöl og uppeldisráðgjöf.

Eins og áður hefur komið fram var almennt gert ráð fyrir því að greining og mat færi fram hjá öðrum en barnaverndarstarfsmanninum. Starfsmenn lögðu mikla áherslu á að þetta mat yrði gert þannig að hægt væri að veita stuðning sem hentaði þörfum barns og foreldra og líklegur væri til að skila árangri. Greining hjá sérfræðingum er kostnaðarsöm og tímafrek og því er sett ákveðið spurningarmerki við það hvort slík greining, eins og óskað er eftir, sé ætíð gerð í raunveruleikanum, þar sem fjárhagsrammi og tímapressa þrengja meira að en í umræðum um ímynduð mál. Þá má einnig velta fyrir sér hvort slík greining og stuðningur í framhaldi af henni gæti ekki verið í höndum starfsmannanna sjálfra, sem oft á tíðum hafa verið í samskiptum við fjölskylduna lengi, þekkja hana vel og hafa upplýsingar frá öðrum um börnin og foreldrana.

Þær tillögur um stuðning sem lagðar voru fram, bæði á svarblöðum og í umræðu, virtust fyrst og fremst byggjast á eigin reynslu af árangri þeirra úrræða sem mælt var með, frekan en niðurstöðum rannsókna, enda litlar upplýsingar til á Íslandi um reynslu af þeim úrræðum sem í boði eru.

Á stærri stöðunum var almennt gengið út frá því að nýta úrræði sem voru til

staðar á meðan minni staðirnir voru tilbúnari til að skoða hvaða úrræði hægt vær að búa til fyrir hvert ákveðið barn og fjölskyldu þess. Nokkuð bar á ákveðinni óskhyggju hjá starfsmönnum varðandi úrræði. Sem dæmi má nefna að á nokkrum stöðum var nefnd rannsóknar- og kennsluvistun fyrir börnin, sem er úrræði sem ekki er til á stöðunum og sem erfitt er að byggja upp á faglegum grunni út frá einu barni.

Það hversu mörg úrræði eru nefnd vekur einnig upp spurninguna um hversu markvisst þau eru notuð. Ein leið til að skoða það er sú skriflega áætlun sem gera á að lokinni könnun og áður en úrræðum er beitt skv. barnaverndarlögum. Árið 2000 voru gerðar áætlanir í um 1/6 þeirra mála sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af (Barnaverndarstofa, 2001). Það hve sjaldan þessar áætlanir voru gerðar vekur upp spurningar um hve vel rökstudd notkun hvers einstaks úrræðis er og hvernig árangur þess er metinn. Það að búa til áætlun með barni og foreldrum er ákveðið tæki til að byggja upp samstarf, tryggja að skilningur á vandamáli og markmiði úrræða sé sá sami hjá barninu, foreldrinu og starfsmanni og að ákveðin sátt sé um á hvern hátt meta eigi árangur. Hjá þeim starfsmönnum sem þátt tóku í rannsókninni virtust þessi vinnubrögð ekki ætíð notuð. Það er nokkuð í samræmi við niðurstöðu danskrar rannsóknar á stuðningsaðgerðum þar sem kemur fram að börnin vita oft á tíðum ekki hvers vegna þau fá stuðning, eins og t.d. stuðningsfjölskyldu. Það hefur ekki verið rætt við þau þannig að þau skilji það og þau búa sér því sjálf til ákveðnar skýringar (Cristensen og Egelund, 2002)

Í umræðunni um stuðning komu á tveimur stöðum fram vangaveltur um kostnað. Ljóst er að núgildandi fyrirkomulag um að nefndirnar þurfi ekki að greiða fyrir stofnanadvöl á meðferðarheimilum ríkisins getur haft þau áhrif að fyrr er farið að ræða um að barnið eigi að fara á stofnun heldur en ella hefði orðið. Fósturráðstafanir og allan annan kostnað við stuðning, s.s. vegna fjölskyldumeðferðar (ef hún er ekki starfrækt á vegum nefndarinnar sjálfrar eða félagsþjónustunnar), stuðningsfjölskyldna o.s.frv., þarf nefndin að greiða. Þetta geta verið mjög dýr úrræði og fram kom nokkur tregða til að greiða t.d. sérfræðikostnað fyrir barn sem er í fóstri vegna þess að nefndin gæti ekki bæði greitt fósturforeldrunum og síðan tekið á sig viðbótarkostnað vegna barnsins.

3.12 Samvinna

Í barnaverndarlögum, Handbók Barnaverndarstofu og flestum fræðibókum

og greinum sem skrifaðar hafa verið á undanförunum árum er mikil áhersla lögð á að ná samvinnu við foreldra í barnaverndarmálum. Minna hefur verið skrifað um nauðsyn þess að ná einnig samvinnu við börnin, en það kann að breytast nú þegar æ fleiri rannsóknir miða að því að kanna vilja og álit barnanna sjálfra (Sandbæk, 2002). Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er einnig lögð meiri áhersla en áður á samvinnu við börnin og þau m.a. gerð að sjálfstæðum aðilum mála þegar þau hafa náð 15 ára aldri. Ástæður þess að svona mikil áhersla er lögð á samvinnu er margþætt. Sú grundvallarregla er gildandi að almennt sé börnum hollast að alast upp hjá foreldrum sínum og það að vinna með foreldrum að bættum hag barnanna tryggi bestan árangur. Lögð er áhersla á að fækka vistunum og tryggja betur samskipti barna, sem dveljast fjarri foreldrum sínum vegna afskipta barnaverndaryfirvalda, við foreldra sína og uppruna. Markmiðsgrein bæði fyrrverandi og núgildandi barnaverndarlaga undirstrikar þessi viðhorf þar sem fram kemur að barnaverndarnefnd beri að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar.

Samvinna við foreldra

Með hliðsjón af því sem sagt er hér að framan er ljóst að samvinna við foreldra er einn sterkasti þátturinn í barnaverndarstarfinu og mikið er lagt upp úr því að hún takist. Í þessari rannsókn kemur fram að samvinnan og krafan um hana beinist fyrst og fremst að mæðrunum. Það er móðirin sem er mest með börnin og þekkir þau best, það er hún sem starfsmaðurinn er í mestu sambandi við innan fjölskyldunnar og því er það hún sem veitir/getur veitt frekari aðgang að fjölskyldunni. Um leið og athyglin beinist að henni er einnig gerð til hennar sú krafa að hún breyti hegðun sinni þannig að hún sinni barninu á annan og þá betri hátt. Samvinnan verður fyrir vikið ekki eingöngu spurning um að vinna saman að ákveðinni lausn heldur getur hún einnig auðveldlega falið í sér ákveðið eftirlit með móðurinni og hennar hegðun og um leið verður það vald, sem barnaverndarnefndin hefur, mjög sýnilegt (Guðrún Kristinsdóttir, 1991).

Starfsmenn í þessari rannsókn telja sig í langflestum tilvikum geta náð samvinnu við foreldra og í upphafi máls virðast þeir ætíð ganga út frá því að það muni takast. Þeir leggja sig fram við að ná samvinnunni og tala um að sú vinna taki tíma.

„En við höfum náttúrulega teygt okkur rosalega langt til að ná samvinnu.“

„Það kostar mikla vinnu að vanda sig í þessum tengslum og þessari samvinnu.“

Í barnaverndarmálum er sjaldnast hægt að líta á málsmeðferð eða samvinnuna sem eina beina línu, þannig að þegar búið sé að ná samvinnunni, þá sé hún til staðar allt þar til málinu er lokið. Starfsmenn tala um, að oft þurfi lítið til svo að samvinnan eyðileggist, og þá þurfi að byrja upp á nýtt og reyna að endurskapa það traust sem nauðsynlegt er til að hægt sé að halda vinnunni áfram í sameiningu. Samvinnan verður því gjarnan leiðarljósið í starfinu, og þarfir barnanna kunna því e.t.v. að hverfa dálítið í skuggann. Í umræðunni um barn þroskaskertu móðurinnar (Eiríkur) var t.d. á einum stað rætt um að ná samvinnu við móðurina um að koma drengnum í fóstur gegn því að hún fengi mikla umgengni við hann. Gera má ráð fyrir því að í tilviki Eiríks sé umgengni við móður afar mikilvæg, en umræðan miðaðist fyrst og fremst við að þarna væri hægt að ná samvinnu um ákveðna lausn, ekki um hvað hentaði Eiríki og hans þörfum best.

Sú mikla trú sem starfsmenn hafa á að ná samvinnu við foreldra um úrræði nær ekki eingöngu til stuðnings inni á heimili heldur líka í þeim tilvikum sem talið er nauðsynlegt að barnið fari af heimilinu, hvort heldur sem er á meðferðarheimili eða í fóstur. Sú hugsun að e.t.v. þurfi að koma til þvingunar virðist í flestum tilvikum fjarlæg.

Á svarblöðunum var spurt nánar um hvort starfsmaður myndi velja sem ákveðna stuðningsaðgerð að taka barnið út af heimilinu skv. 21. gr. og þá í samvinnu við foreldra, eða gera tillögu um forsjársviptingu skv. 25. gr. l. nr. 58/1992.

Tafla VI: Vistun utan heimilis sem stuðningur eða forsjársvipting

Mál	21. gr.	25. gr.
Pétur og Páll	15	2
Friðrik	20	1
Eiríkur	12	2
Kristín	10	9

Hér kemur fram að mikill meirihluti starfsmanna vill freista þess að ná samstarfi við foreldra um að barnið fari út af heimilinu. Í afar fáum tilvikum vilja

starfsmenn leggja til forsjárviptingu. Í máli Kristínar vilja 5 af 9 starfsmönnum leggja til forsjárviptingu ef ekki næst samvinna. 5 starfsmenn velja að svara þessari spurningu ekki í máli Eiríks, en í umræðunni kom fram að mörgum starfsmönnum fannst erfitt að leggja til að hann færi út af heimilinu.

Hversu langt á samvinna að ganga? Í máli unglingsins (Friðrik) kom fram að það að móðirin kom sjálf og bað um hjálp fyrir drenginn myndi að líkindum þýða að hennar skilgreining á vandanum og ósk um aðstoð yrði leiðarljós í samstarfinu við hana. Dæmi eins og þetta eru vel þekkt úr starfi þar sem fjölskyldan er búin að glíma við vanda lengi og unglingurinn stundum orðinn blóraböggullinn, sá sem ber merki vandans og er kennt um. Í dæmi Friðriks nefndi móðir að eiginmaður hennar beitti hana ofbeldi og að á heimilinu væru einnig tvö yngri börn. Spurning er hvað gerist ef/þegar barnaverndarstarfsmaðurinn vill hefja sjálfstæða könnun á málinu og gera sitt eigið mat sem e.t.v. er ólíkt því mati sem fjölskyldan sjálf hefur á vandanum. Þetta gæti hæglega leitt til þess að barnaverndarstarfsmaðurinn myndi ekki eingöngu horfa á Friðrik og vandamál hans, og þannig ekki vera sammála skilgreiningu móðurinnar, heldur á fjölþættari vanda innan fjölskyldunnar. Það myndi krefjast þess að öll fjölskyldan tæki á málunum, t.d. með fjölskylduviðtölum eða öðru, í stað þess að unglingurinn yrði fjarlægður eins og stundum verður raunin (og starfsmenn lögðu flestir til í tilviki Friðriks). Næst samstarf við móður um það? Hvernig yrði samstarfi við eiginmann hennar háttað? Í umræðum um þetta töldu margir starfsmenn að í erli dagsins væri mjög auðvelt að fara að óskum móðurinnar og líta um leið framhjá öðrum erfiðleikum fjölskyldunnar sem e.t.v. tengjast vanda unglingsins.

Í rannsóknum hefur komið fram að eitt af því sem skiptir miklu máli, fyrir þá sem leita eftir aðstoð í kerfinu, er að hlustað sé á það sem þeir hafa að segja og að þeir séu teknir alvarlega (Sandbæk, 1995). Einn starfsmaður nefndi að ætíð væri byrjað þar sem skjólstæðingurinn væri, sem er eitt af þeim grundvallaratriðum sem kennd eru í félagsráðgjöf. Það að endurskilgreina vandann og fara að einblína meira á fjölskylduna kostar mikla vinnu og tíma hjá starfsmönnum sem eru önnur kafnir og ennfremur getur starfsmönnum fundist það vera í andstöðu við eigið verðmætamat og siðareglur.

„Já, það er mjög freistandi að gera það fyrir okkur [horfa á skilgreiningu foreldra á vandanum]. Ég meina þegar er nóg að gera, að vera þá ekki að tína sér til verkefni. Það er

ágætt ef foreldrarnir eru búnir að greina hver vandinn er, það er þetta ómögulega barn og það er bara ágætt að sækja um á Stuðlum.“

Í máli unglingsins (Friðrik) eru starfsmenn sammála um að hann eigi sjálfur í verulegum erfiðleikum og að mikilvægt sé að stoppa hann af. Áherslurnar í vinnu unglingsmála verða oft á tíðum aðrar en vinna með yngri börnin, því unglingsarnir eru sjálfir farnir að sýna ákveðin einkenni, eru árásgjarnir, komnir í neyslu og orðnir umhverfinu erfiðir.

„Stundum eru krakkarnir í erfiðleikum og þú sækir um pláss á meðferðarheimili að ósk foreldra. Það er skilnaður búinn að vera, breyttar aðstæður, flutningar og annað þvíumlikt og þau eru að bregðast við einhverju. En ef við förum að tala um ofbeldi á heimili og drykkju, svona eins og við myndum gera með litlu krakkana, þá held ég að margir foreldrarnir myndu nú bakka út og þá erum við komin inn á mikið viðkvæmara stig.“

„Þetta eru eiginlega svona þessi þekktu fjölskyldumynstur þar sem mann rennir grun í að barnið sé í blóraböggulshlutverki. Um leið og maður er kominn inn á slíka fjölskyldu eða hjónabönd, þá er maður kominn inn á jarðsprengjusvæði. Það þekkir maður.“

Þær umræður sem sköpuðust um samstarf vekja athygli á þeirri klemmu sem barnaverndarstarfsmenn eru oft í. Þeir leggja mikið á sig til að ná samstarfi við foreldra en þurfa jafnframt að hafa í huga hvað það er sem best þjónar hagsmunum barnsins. Engu að síður geta vaknað spurningar um hvort vinnan við að ná samvinnunni fái meira vægi í vinnslu málsins heldur en sýnin á þarfir barnsins. Dæmi um þetta var mál barnsins sem átti þroskaskertu móðurina (Eiríkur) þar sem stór hluti starfsmanna vildi styðja barnið heima því móðir hafði lýst sig samþykka því. Bæði í umræðunni og í skriflegum svörum virtist meira horft á hvað móðirin var tilbúin til samvinnu um frekar en þarfir barnsins eða raunverulega getu hennar til að sinna drengnum.

„Fókusinn er oft í samvinnu, að halda þessari samvinnu.“

Hafa ber í huga að það hlutverk sem barnaverndarnefndir hafa, að meta aðstæður barna og geta svipt foreldra forsjá (skv. barnaverndarlögunum frá 1992), gerir að mörgum stendur stuggur af þeim og starfi þeirra. Það að afskipti hefjast getur haft mikil áhrif innan fjölskyldunnar og skapað ótta. Valdastaða milli barnsins og fjölskyldunnar er mjög ólík og skiljanlegt að foreldrum finnist þeir ekki ætíð geta sagt sína raunverulegu skoðun ef hún er ekki sú sama og starfsmannsins. Þarna reynir mikið á færni starfsmanns á að skapa traust sem býður upp á raunverulega samvinnu, sem ekki litast af þvingun og spurning hvort það samþykki sem fæst fyrir ákveðnum aðgerðum sé alltaf raunverulegt. Mörkin milli samvinnu og þvingunar verða því stundum óljós. Á einum stað var rætt opinskátt um að beita ákveðnum þrýstingi til að ná fram samvinnu.

„Já, einhvern veginn tekst okkur að setjast ofan á fólkið og fá það til að samþykkja.“

Samvinna – forsjárhyggja

Öðru hvoru tók umræðan um samvinnu á sig ákveðna mynd forsjárhyggju. Þetta kann að tengjast því að barnaverndarstarfsmenn eru vanir því að hugsa í lausnum og hafa ber í huga að verkefni starfsmanna í rannsókninni var að gera grein fyrir hvernig þeir vildu vinna þau tilbúnu mál sem lögð voru fram. Þannig er skiljanlegt að um leið og farið var að skoða málin fóru þeir að huga að leiðum til hagstæðra breytinga fyrir barnið. Engu að síður vaknar spurning um hvort stundum sé farið of „hratt“, þ.e. að málið sé ekki nægilega kannað og ekki hlustað á skoðanir og vilja þeirra sem málið varðar. Í rannsókninni er áberandi hve fljótt starfsmenn hafa myndað sér skoðun á því hvað þeim finnst að foreldrarnir eigi að gera. Dæmi um þetta er t.d. í máli vanræktu tvíburanna (Pétur og Páll), þegar rætt er um föður og starfsmaður segir að það sem þurfi sé að „kippa honum í meðferð“.

Í umræðunni um Eirík, sem býr hjá þroskaskertri móður sinni, koma þessi sjónarmið einnig fram.

„Ég held að það sé alveg hægt að skapa þessu fólki ánægjulegt líf, það þarf ekki endilega að eiga börn frekar en bara heilbriggt fólk.“

Þegar fjallað er um foreldrana og það sem talið er að þeir þurfi að gera, eru gjarnan notuð orð eins og: „*Það er það sem mamman þarf*“ eða „*Maður myndi gera kröfu um áfengismeðferð*“, „*Segja henni að fara í meðferð og vera eins og manneskja...*“.

Samvinna við börnin

Sú mikla áhersla sem lögð er á samvinnu við foreldra (mæður) endurspeglast ekki í samvinnu við börnin. Um hana tala starfsmenn lítið, nema í tilviki Friðriks, sem er kominn á unglingsár. Þar er áhersla lögð á að vilji hans skipti máli og að ef hann er ekki sjálfur sáttur við að fara á meðferðarheimili sé vafasamt að leggja það til. Starfsmenn virðast hins vegar ekki líta á yngri börnin sem samstarfsaðila sem eru af alvöru með í samráði og samstarfi um lausnir.

Samvinna við aðra

Samstarfinu við aðra má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi er samstarf foreldra við þá aðila sem sinna börnum þeirra utan heimilis, svo sem á leikskóla eða í ung- barnaeftirliti. Sinni foreldrar ekki samstarfi við þessa aðila og fari þeir ekki eftir þeim leiðbeiningum og ráðum sem þar eru veitt, er það álitid merki um vanrækslu og skort á innsýn í þarfir barnsins (Pétur og Páll og Eiríkur).

Í öðru lagi er um að ræða samstarf barnaverndarstarfsmanns við þessar sömu stofnanir. Þetta samstarf er mikilvægt í allri vinnslu málsins, allt frá því að þessar stofnanir tilkynna til barnaverndarnefndar, á meðan könnun málsins fer fram og leita þarf eftir upplýsingum til stofnananna og þar til óskað er samstarfi um ákveðnar lausnir og mögulegan stuðning fyrir barnið.

Í málum sem starfsmenn fengu til úrlausnar kemur skýrt fram að tilkynningar sem koma frá fyrrnefndum stofnunum eru litnar alvarlegum augum. Það er gengið út frá því að starfsmenn þar séu búnir að reyna að leiðbeina foreldrum og/eða beita þeim stuðningi sem stofnunin sjálf ræður yfir, og að tilkynningin byggji á faglegu mati á því að þessar tilraunir hafi ekki borið nægjanlegan árangur fyrir barnið.

3.13 Reynsla starfsmanna

Í umræðunum var áberandi að málin leiddu til ólíkra viðbragða og tilfinninga hjá starfsmönnum. Skýrast var þetta í máli fósturbarnsins (Lísa) og máli drengsins sem átti þroskaskerta móður (Eiríkur) en í þeim málum voru starfs-

menn sérstaklega spurðir um hvaða áhrif svona mál hefðu á starfsmenn. Í hinum málunum var ekki sérstaklega spurt um þetta en engu að síður komu ákveðnar tilfinningar fram í umræðum starfsmanna. Sem dæmi má nefna að mikið bar á pírtingi í garð föður í máli vanræktu tvíburanna (Pétur og Páll) á meðan unglingurinn (Friðrik) var talinn vera fórnarlamb og vakti samúð.

Reynt var að skoða hvort þessar tilfinningar hefðu haft áhrif á það hvaða ákvörðun starfsmenn tóku. Þær vísbendingar sem fram komu benda til þess að sérstaklega í máli Eiríks hafi sú samúð sem móðirin fékk, haft þau áhrif að flestir starfsmenn vildu veita heimilinu stuðning í stað þess að koma Eiríki á fósturheimili.

„Þessir foreldrar geta ekki gert að því að þeir eru fæddir eitthvað skertir og maður hefur vissa meðaumkun með viðkomandi, maður gerir það. Þetta er eitthvað sem er ekki sjálfskapað, þeir eru bara svona gerðir og takmarkaðir.“

Á öllum stöðunum var almennt rætt um málefni barna þroskaskertra foreldra og fram komu vangaveltur um eigin vinnubrögð og viðhorf.

„Við höfum þá tilhneigingu til að vera umburðarlyndari, held ég sko.“

„Manni finnst líka að þessar konur, þær reyna svo mikið og þær reyna allt eins og þær geta. Þær eru ekki alltaf að bregðast eins og kannski neysluforeldrar.“

Nokkuð bar á ööryggi starfsmanna vegna þeirrar kröfu sem þeim finnst ríkjandi í þjóðfélaginu um að þroskaskertir foreldrar eigi að hafa börnin sín hjá sér.

„Það er mjög skýr umræða hér í þessu þjóðfélagi í dag, að þroskaskertir eiga rétt á að ala upp börnin sín. Það er ekki í lögum, en þessi þáttur er mjög ríkjandi í allri umræðu. Og ef þú segir eitthvað annað, þá ertu fordómafull. Það þarf að vera alveg ofboðslega skýrt frá einhverjum fagaðila sem er búinn að vera með viðkomandi í meðferð barnið er í hættu. Ef sá aðili er tilbúinn að segja það, þá getum við ekki horft

framhjá því, en ef hann er ekki tilbúinn að segja það, þá er hin umræðan sú sem heldur okkur dálítið fjötruðum.“

Í umræðu um mál fósturbarnsins (Lísa) kom fram mikil reiði í garð fósturforeldra sem eru taldir bregðast barninu.

„Það er búið að svipta fólk forsjá og við förum og finnum fólk sem er tilbúið að taka þessi börn til sjálfræðisaldurs og ætlar sér að annast þau og sjá um uppeldi þeirra. Síðan gerist eitthvað í lífi þeirra [fósturforeldra], ekkert okkar getur garanterað hvernig líf okkar verður. Að þau skuli geta skilað henni. Þau gera þetta meðvitað, að sækja um, taka að sér [fósturbarn] og svo að skila því.“

Í þessu máli var ekki unnt að sjá að þessi umræða og vangaveltur starfsmanna hefðu bein áhrif á þá ákvörðun sem starfsmenn tóku, heldur voru það aðrir þættir sem skiptu réðu úrslitum eins og staða móðurinnar og þeir erfiðleikar sem hugsanlega sköpuðust ef barnið færi á annað fósturheimili.

Í umræðunni um Kristínu, sem bjó hjá móður með áfengisvandamál, töldu margir starfsmenn að þetta væri í raun auðveldara mál en hin sem á undan voru, því þarna var hægt að benda á ákveðinn vanda sem ráða mætti bót á. Einn starfsmaður orðaði það svo að hann yrði „aggressívari“ í þannig málum. Vandinn er talinn liggja hjá móðurinni og hún á því bara að fara í meðferð. Á svarblöðum starfsmanna kemur einnig fram að mun fleiri telja nauðsynlegt að koma barninu burtu frá móðurinni en í máli Eiríks sem býr hjá þroskaskertri móður. Hér var þó áherslan á tímabundið fóstur á meðan móðir væri að ná tökum á sínum vanda. Einnig kom fram að vegna þess að þarna væri von um breytingu væri oft reynt að styðja foreldrana í langan tíma og málin væru lengi í vinnslu.

„Ég hugsa að við teygjum okkur eins lengi og við getum ef við teljum að það sé hægt, að þessir foreldrar eigi einhvern sjens.“

4. kafli

Mat á einstökum málum

Í þessum kafla er hvert mál skoðað sérstaklega út frá fyrri rannsóknarspurningu sem lagt var upp með. Við mat á gögnum voru annars vegar notuð svarblöð starfsmanna, sem þeir fylltu út í hverju máli. Hins vegar eru skoðaðar umræðurnar sem fram fóru eftir að svarblöðin höfðu verið fyllt út og þær notaðar til útfæra og lýsa nánar þeim sjónarmiðum sem fram komu.

4.1 Pétur og Páll

Málið snýst um eineggja tvíbura, Pétur og Pál. Þeir eru fæddir fyrir tímann og annar þeirra þurfti að vera í hitakassa. Meðgangan var erfið og móðirin þreytt eftir fæðinguna. Hún gat lítið verið hjá þeim, enda taldi hún að þeir yrðu hennar ekki varir. Ungbarnaeftirlitið hafði samband við barnaverndarnefnd þegar drengirnir voru ársgamli. Móðirin var þá þreytt, faðirinn sýndi börnunum lítinn áhuga og fjölskyldan hafði verið neikvæð í garð þeirrar aðstoðar sem ungbarnaeftirlitið hafði boðið upp á.

Þegar drengirnir eru 3ja ára hafa nágrannar samband við barnaverndarnefnd, drengirnir eru skítugir og virðast ráða sér mikið sjálfir, eru illa talandi og slást mikið. Mikil hróp og köll heyrast úr íbúðinni og foreldrarnir einblína á neikvæðar hliðar barnanna.

Þegar drengirnir eru 7 ára er haft samband frá skólanum. Þeim hafði verið útvegað leikskólaláss, en foreldrar sinntu ekki samstarfi þar og sáu heldur ekki til þess að annar drengurinn fengi heyrnartæki, sem talið var nauðsynlegt. Í skólanum eru þeir yfirgangssamir við önnur börn og mál- og hugtakabekking lítil. Þegar barnaverndarstarfsmaðurinn kemur í heimsókn á heimili barn-

anna er íbúðin í mikilli óreiðu og heimilisfaðirinn situr við bjórdrykkju. Báðir foreldrar benda á að drengirnir séu fæddir fyrir tímann og telja vanda þeirra stafa af því.

4.1.1 Þörf á vistun utan heimilis

Af þeim málum sem fjallað var um var þetta metið sem minnst alvarlegt, þ.e. fæstir vildu leggja til vistun utan heimilis. Allmargir starfsmenn virðast dálítið óöruggir og eiga erfitt með að gefa ákveðin svör. Ein möguleg skýring getur verið sú að hér sé um nokkuð dæmigert vanrækslumál að ræða, þar sem sumum fannst erfitt að finna eitthvað handfast til að takast á við. Önnur ástæða getur einnig verið að þetta mál var á öllum stöðunum lagt fyrir fyrst, þannig að starfsmenn kunna að hafa verið óöruggari með þetta verkefni en þau sem á eftir komu.

4.1.2 Mat starfsmanna

Langflestir vildu styðja fjölskylduna heima. Í 1. og 2. hlutanum telja allir að hefja þurfi könnun til að meta málið betur. Í 2. hlutanum telur 1/3 hluti starfsmanna að grípa þurfi til aðgerða strax. Í síðasta þættinum telja 7 að vista eigi börnin utan heimilis – þar af er einn sem telur forsendur til forsjársviptingar. Tveir starfsmenn svara því síðan að grípa þurfi til forsjársviptingar ef samstarf náist ekki.

Þrátt fyrir að stór hluti starfsmanna (9 af 22) segi að kanna þurfi málið í fyrsta hlutanum, áður en tekin er afstaða til hvort ástæða sé til að styðja fjölskylduna, er nokkurt óöryggi um hvort hér sé um barnaverndar- eða félagsþjónustumál að ræða. Þetta kemur skýrt fram á þeim stað þar sem eingöngu var unnið með barnaverndarmál, en var ekki bundið við hann. Þessi óvissa er ríkjandi jafnvel þó að þarna komi tilkynning frá ungbarnaeftirliti.

Starfsmenn lögðu áherslu á þörfina á greiningu, bæði varðandi getu foreldra og möguleika þeirra til að takast á við vandann, og eins vegna drengjanna og stöðu þeirra. Þessar áherslur komu alls staðar fram en voru þó mest áberandi á einum stað.

Aðaláherslan var á þá miklu vanrækslu sem starfsmenn töldu drengina hafa orðið fyrir. Til að rökstyðja það voru tekin dæmi eins og að þeir kynnu ekki félagsleg samskipti. Foreldrar voru ekki taldir hafa sett þarfir barnanna í forgang og börnin voru talin í hættu. Megináhersla var þó, eins og áður segir, lögð

á að halda fjölskyldunni saman með því að veita heimilinu frekari stuðning sem ekki var talinn fullreyndur svo og á að vekja foreldra til ábyrgðar.


Helstu rökin sem nefnd voru fyrir því að styðja börnin heima voru að mikilvægt væri fyrir börnin að alast upp hjá foreldrum, að styðja þyrfti fjölskylduna til að vera saman og aðstoða foreldrana í hlutverki sínu. Þá var einnig tekið fram að börnin yrðu ekki vistuð utan heimilis nema því aðeins að önnur úrræði dygðu ekki.

Þeir sem töldu ástæðu til að styðja börnin utan heimilis lögðu áherslu á atriði eins og að börnin fengju tækifæri til að kynnast uppbyggilegum aðstæðum og venjulegu heimilishaldi, að börnin fengju örvun og að bjarga þyrfti drengjunum.

Einn starfsmaður nefnir að grípa þurfi til forsjársviptingar ef grunur er um að börnin hafi skaðast varanlega og annar veltir upp þeirri spurningu hvenær telja megi að ástandið sé orðið of slæmt.

Víða í umræðunni kemur fram sjónarmið sem trúlega hefur mest áhrif tillögu um að styðja skuli þessa fjölskyldu heima, en það er trúin á að þessir foreldrar hafi möguleika á að taka við hjálp og breyta hegðun sinni og aðbúnaði barnanna.

Í lok hvers hluta málsins merktu starfsmenn við á línu þar sem annar endapunkturinn var stuðningur á heimili og hinn stuðningur utan heimilis. Hér að neðan sést meðaltal í fyrsta, öðrum og þriðja hluta málsins sem einnig gefur vísbindingu um hvernig mat starfsmanna breytist eftir því sem börnin eldast og meiri upplýsingar koma fram.



4.1.3 Stuðningsúrræði

Þau stuðningsúrræði sem nefnd voru tóku mið af því að styðja ætti fjölskyldu

2 1. hluti = 1,02 cm, 2. hluti = 2,5cm, 3. hluti = 5,1cm. Lengd línunnar er 9,2 cm.

una heima að undangenginni nákvæmri greiningu. Á svarblöðunum voru nefnd úrræði eins og: fjölskylduviðtöl, foreldrafærniþjálfun, foreldraráðgjöf, PMT (Parent Management Training), rannsóknar- og kennsluvistun og tengslameðferð. Greinilegt er að starfsmenn telja mikilvægast að styðja foreldrana og hjálpa þeim til að takast á við börnin á annan hátt, því nær allar þær stuðningsaðgerðir sem nefndar eru snúa fyrst og fremst að foreldrunum. Sá stuðningur og þær aðgerður sem snúa beint að börnunum varða fyrst og fremst greiningu og mat á stöðu þeirra og þroska.

Á svarblöðunum komu ekki fram hugmyndir um hvaða úrræði hægt væri að búa til fyrir börnin og fjölskyldur þeirra, heldur var tekið mið af þeim úrræðum sem til staðar voru á hverjum stað. Í öllum málunum kom líka upp umræða um skort á úrræðum.

4.1.4 Niðurstöður í umræðunni

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í umræðunni sem fram fór eftir að starfsmenn höfðu svarað ákveðnum spurningum skriflega.

4.1.5 Sýnin á börnin

Stærsti hluti starfsmanna hafði skýra sýn á drengina sem beindist sér í lagi að þeirri vanrækslu sem þeir voru taldir búa við og þeim neikvæðu upplýsingum sem fyrir lágu. Atriði sem talin voru merki um vanrækslu voru að drengirnir væru ekki orðnir talandi, foreldrar sinntu ekki þörf annars drengsins fyrir heyrnartæki, þeir væru mikið að slást og að þeir kynnu ekki félagsleg samskipti.

„Mér finnst skína í gegn svo mikil vanræksla, t.d. byrja með heyrnartækin. Hafa ekki þörf á heyrnartækjum og svo endar það á að mál- og hugtakaþekking er slök. Þeir hafa ekki heyrt og ekki verið talað við þá og þeir kunna ekki félagsleg samskipti.“

Í mati á því hvernig ætti að afla upplýsinga um stöðu drengjanna nefndu flestir að þeir myndu óska eftir skýrslum um þá og fá upplýsingar frá öðrum, s.s. ungbarnaeftirliti og leikskóla. Á þessu voru þó skiptar skoðanir eins og eftirfarandi dæmi sýna:

„Það að hafa sjálfur verið í samskiptum við barnið og foreldrana gerir að afstaða manns verður önnur en hjá þeim sem aðeins lesa um málið.“

„... með því að fara og vera þarna einhvers staðar nálægt þeim og sjá hegðun þeirra og hvernig foreldrarnir tala um þau og við þau. Eins og kemur líka fram, þá einblína foreldrarnir á neikvæðu hliðarnar.“

4.1.6 Sýnin á foreldrana

Í umræðunni beina starfsmenn athyglinni að foreldrunum. Á einum staðnum var talað um þá af miklum þunga og strax undirstrikað hve illa þeir væru í stakk búinir til að sinna börnunum. Þeim var lýst sem „getulitlum“, „vanhæfum“, „seinfærum“ og um þá sagt að þeir væru ekki tilbúnir til að horfast í augu við vandann.

Um leið var farið að benda á lausnir fyrir foreldra og hvað þeir ættu að gera. Þetta var gert strax í byrjun án þess að búið væri að ræða um könnun, að málið hefði verið metið og skoðað hvað foreldrar hefðu sjálfir viljað gera:

„... þannig að hann þarf að fara í meðferð, kallinn, svo þurfa þau að fara í hjónaráðgjöf og námskeið í uppeldisráðgjöf.“

Þrátt fyrir neikvæðar lýsingar á foreldrum var töluverður skilningur á stöðu móðurinnar og spurningar vöknudu um hvort hún væri e.t.v. haldin fæðingarþunglyndi í fyrsta hluta málsins. Í umræðunni varð staðalmynd af hlutverki kynjanna áberandi og neikvæðnin beindist að föðurnum sem drakk og sýndi börnunum ekki áhuga á meðan móðirin fékk samúð, og var talin þreytt eftir barnsburð og út af ábyrgðinni á börnunum. Talsverð viðurkenning var á því að erfitt væri að vera með tvö lítil börn og svona skilningslítinn mann.

4.1.7 Sérstaða í máli Péturs og Páls

Eitt eða tvö mál

Í barnaverndarstarfi er gert ráð fyrir að hvert barn sé sérstakt mál sem skoða þurfi út frá einstaklingsþörfum. Mikill meirihluti starfsmanna leit þó á Pétur og Pál sem eitt mál. Starfsmenn voru spurðir um þetta og í allmörgum tilvikum vakti spurningin undrun. Á flestum stöðum var þó bent á að ákveðin tilhneig-

ing gæti verið til að horfa á málefni tvíbura sem eitt mál og sömuleiðis mál systkina, sérstaklega ef þau væru nálægt hvort öðru í aldri.

„Ég held að það sé meiri hættu á að maður hugsi þá sem einn í tvíburaááálum heldur en í systkinamáálum. Og samt í systkinamáálum getur maður fallið mjög í þá gryfju að hugsa sér eitt mál.“

Í umræðunni var einnig fjallað um hvort starfsmönnum hætti meira til að hugsa um börnin sem eitt mál ef hegðun þeirra væri svipuð. Aðgreiningin væri frekar gerð út frá hegðuninni en meðvitaðri hugsun og markvissum vinnubrögðum um að hvert barn sé sjálfstætt mál sem kanna þurfi sérstaklega og gera sértækar áætlanir í framhaldi af því.

„Maður myndi meðhöndla þá sem tvo ólíka einstaklinga ef þeir hegðuðu sér öðruvísi.“

Þetta var þó ekki einhlítt og í einu tilviki var nefnt að það að foreldrarnir aðgreindu þá ekki væri einmitt ein birtingarmynd vanrækslunnar. Á þeim stöðum þar sem skráningarkerfi byggir á að hvert barn sé skráð sem sjálfstætt mál, var það talið hjálpa til við að aðgreina börnin og hugsa um ólíkar þarfir þeirra.

4.2 Friðrik

Friðrik er 12 ára þegar málið hefst með því að móðir hans leitar aðstoðar. Hann býr hjá henni og nýjum eiginmanni. Á heimilinu eru einnig tvö yngri systkini. Eiginmaðurinn beitir móðurina ofbeldi. Friðrik hefur alltaf átt í erfiðleikum, lendir oft í útistöðum við önnur börn, stundar skólann illa og honum gengur illa í námi. Hann var fluttur í annan skóla til að byrja upp á nýtt fyrir ári síðan.

Í öðrum hluta málsins er Friðrik fluttur til föður síns. Hann er með eldri krökkum, byrjaður að prófa vímuefni og stundar skólann illa. 13 ára ræðst hann á skólafélaga, er rekinn úr skóla og málið tilkynnt barnaverndarnefnd.

Í síðasta hluta málsins er Friðrik orðinn 15 ára. Ofbeldi af hans hendi hefur aukist, hann hefur misþyrmt eldri manni og málið er komið til lögreglu.

4.2.1 Þörf á vistun

Málið er metið sem mjög alvarlegt og mikil þörf talin á að koma Friðriki í meðferð utan heimilis. Af 22 starfsmönnum meta 12 þetta mál sem alvarlegast út frá mati á þörf á vistun og 5 telja það næstalvarlegast. Ástæðan er ofbeldið sem Friðrik sýnir, hann er talinn hættulegur sjálfum sér og öðrum, en einnig telja starfsmenn sig hafa stuttan tíma til að vinna þetta mál því Friðrik sé orðinn svo gamall. Það hversu langur biðtími getur verið eftir að fá pláss á meðferðarheimili fyrir börn með svipaðan vanda og Friðrik var starfsmönnum ofarlega í huga og ákveðin uppgjöf gerði vart við sig í umræðunni.

Í þessu máli er aldrei rætt um vanrækslu foreldra, heldur nær eingöngu horft á drenginn og hans háttalag.

4.2.2 Mat starfsmanna

Í 1. hlutanum telja 2/3 hlutar starfsmanna að hefja þurfi könnun strax með aðgerðir í huga á meðan hinir telja að afla þurfi fleiri upplýsinga, eða grípa til aðgerða strax. Einn starfsmaður telur að ekki sé um barnaverndarmál að ræða.

Í öðrum hlutanum er það mat langflestira (17 af 21) að grípa þurfi til aðgerða strax.

Í síðasta hlutanum vilja 16 starfsmenn vista barnið utan heimilis. Aðeins einn starfsmaður vill styðja það heima. Þrátt fyrir það hversu margir vilja vista barnið utan heimilis, leggur aðeins einn starfsmaður leggja til forsjársviptingu. Þetta er túlkað á þann veg að þeir telji sig vissa um að ná megi samstarfi við foreldra um vistunina, en í barnaverndarlögunum sem voru í gildi þegar upplýsingaöflun fór fram þurfti barnið sjálft ekki að samþykkja vistun.

Í fyrsta hlutanum var lögð áhersla á þörfina á greiningu fyrir barnið og fjölskylduna, að hér væri ekki aðeins um vanda barnsins að ræða heldur fjölskyldunnar allrar (ofbeldi stjúpa), að um langvarandi þróun væri að ræða og því vakti staða yngri systkina áhyggjur. Þá var einnig nefnt að nauðsynlegt væri að sækja um pláss á stofnun fyrir Friðrik.


Í öðrum hlutanum var athyglinni meira beint að Friðriki, hann var talinn orðinn hættulegur og áhersla lögð á að hann þyrfti að komast á stofnun bæði til að hann fengi greiningu en einnig til að stoppa hann af.

Rökin fyrir stuðningsúrræðum heima í þriðja hlutanum miðuðu að miklu leyti að því að veita stuðning inn á heimilið og sjá til þess að Friðrik færi á stofnun. Þar voru nefnd úrræði eins og að leiðbeina foreldrum í uppeldishlutverki á meðan verið væri að bíða eftir plássu á stofnun, hindra slæma þróun hjá systkinum, veita fjölskyldumeðferð og vinna að því að fjölskyldan gæti orðið athvarf eftir stofnanameðferð. Einnig voru nefnd úrræði eins og fjölskyldumeðferð og að aðstoða foreldra við að leita sér hjálpar.

Eins og áður segir taldi stærsti hluti starfsmanna rétt að Friðrik færi út af heimilinu. Helstu rökin voru: þörfin fyrir nákvæma greiningu á vanda hans, nýtt umhverfi, ástandið væri of alvarlegt til að hægt væri að hafa hann heima, hann væri hættulegur sér og öðrum, og að foreldrar réðu ekki við hlutverkið. Einnig var minnst á að drengurinn myndi þá kynnast heimili þar sem réttur hans væri virtur og honum væru sett mörk.

Við mat á málinu lögðu starfsmenn áherslu á að foreldrar hans væru ekki færir um að veita honum stuðning og að nauðsynlegt væri að styrkja þá til að takast á við það verkefni. Höfuðáherslan var þó lögð á vanda barnsins, það yrði að stöðva neyslu drengsins, hegðun hans væri ofbeldiskennð og tryggja þyrfti að hann byggi ekki sjálfur við ofbeldi.

20 starfsmenn af 22 vilja veita þennan stuðning skv. 21. gr. barnaverndarlagna (58/1992), og aðeins einn tekur fram að hann myndi leggja til þvingun ef samstarf næðist ekki.



4.2.3 Stuðningsúrræði

Þrátt fyrir þá miklu áherslu sem lögð var á að Friðrik færi á meðferðarheimili, var einnig lögð áhersla á alls kyns fjölskyldumeðferð og leiðbeiningar til foreldra hans. Talin var þörf á greiningu, sérstaklega þó á Friðrik og þau úrræði, sem sneru að honum beint, voru sálfræðiviðtöl, meðferð og vímuefnameðferð. Í umræðunni sjálfri fór mjög lítið fyrir hugmyndum um stuðningsúrræði fyrir

3 1. hluti = 2,54 cm, 2. hluti = 6,1 cm, 3. hluti = 7,9 cm. Lengd línunnar er 9,2 cm

foreldra hans, heldur var sjónum fyrst og fremst beint að Friðriki og þörf hans fyrir að komast burt.

4.2.4 Niðurstöður úr viðtölum

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í umræðunni sem fram fór eftir að starfsmenn höfðu svarað ákveðnum spurningum skriflega.

4.2.5 Sýnin á Friðrik

Einkennandi í umræðunni um Friðrik var sá skilningur sem hann fékk og að hann var fórnarlamb. Almennt var það álit starfsmanna að vandamálið væri heima og að honum hefði verið hafnað.

„Hann stendur fyrir utan þessa fjölskyldu. Hann tilheyrir ekki fjölskyldunni.“

Samtímis snýst umræðan um að hann sé orðinn hættulegur sjálfum sér og umhverfinu og kominn í neyslu. Afleiðingin er að starfsmenn telja að hann þurfi að komast í burtu og í meðferð.

„Strákurinn er ofbeldishneigður og örugglega erfiður í samskiptum.“

Aldur Friðriks í síðasta hlutanum vekur áhyggjur og það að minni möguleikar séu til að grípa inn í líf barnanna þegar þau eru orðin svona gömul:

„Barnið er að missa tíma – það er erfiðara að beita þvingun.“

Í umræðunni um hvernig Friðrik geti sjálfur komið sínum sjónarmiðum á framfæri, og þannig orðið sýnilegur í málinu, vildu flestir tala við Friðrik og heyra hans sjónarmið og hugmyndir. Nokkrir starfsmenn lögðu þó til að sálfræðingur talaði við hann. Þegar spurt var hvort honum yrði skipaður talsmaður urðu svörin ólík og nokkur hluti taldi réttast að barnaverndarstarfsmaðurinn sjálfur talaði máli barnsins. Ákveðið óöryggi virtist ráðandi um hvenær bæri að skipa barni talsmann og aðeins á einum stað kom fram að ákveðin stefna væri til um talsmenn. Þar var öllum börnum eldri en 12 ára skipaður talsmaður þegar mál þeirra voru til umfjöllunar hjá nefnd, þ.e. þegar ekki hafði náðst samstarf um úrræði. Á fyrri stigum málsins hefur barnið ekki talsmann.

„Ég spyr krakkana [hvort þau vilji talsmann] ef málið er að fara fyrir nefnd og útskýri hvað talsmaður er. Í mínum tilvikum þá hafa börnin þegið það.“

4.2.6 Sýnin á foreldrana

Starfsmenn voru margir fullir samúðar og skilnings á uppgjöf foreldranna í máli Friðriks. Allir starfsmenn þekktu svona mál, en á einum stað var tekið fram að þar væri Friðrik kvenkyns, þ.e. að flest mál af þessu tagi sem þeir hefðu haft til meðferðar hefðu fjallað um stelpur. Engar augljósar skýringar voru á þessari kynjaskiptingu. Sameiginlegur skilningur virtist vera á því að almennt sé það viðurkennt í samfélaginu að erfitt sé að eiga ungling og að það auðveldi foreldrum að leita eftir aðstoð.

Alls staðar var það talið jákvætt að móðir Friðriks bæði sjálf um hjálp. Hún fær líka mikla samúð, bæði vegna erfiðleikanna með Friðrik, en einnig vegna þess að hún segir frá því að sambýlismaður beiti ofbeldi. Hluti starfsmanna telur þörf á því að taka á þessum vanda og telur fullvíst að hún vilji sjálf losna úr þessu sambandi. Umræðan um sambýlismanninn, stjúpa Friðriks, er alls staðar mjög neikvæð. Hann er talinn vera ofbeldismaður og um hann eru notuð hugtök eins og „berjandinn“ og „bankarinn.“

Á öllum stöðunum er nokkur umræða um föður, vangaveltur og forvitni um aðstæður hans og þau tengsl sem þeir feðgar hafi. Talið er að styðja þurfi föðurinn og að mögulega sé rétt að hlúa að sambandi þeirra feðga.

4.2.7 Sérstaða í máli Friðriks

Þetta mál er sérstakt að því leyti að nær ekkert er minnst á mögulega vanrækslu gagnvart Friðriki heldur horft á hegðun hans og það á hvern hátt hægt sé að stöðva hana. Um leið er hann talinn vera fórnarlamb. Ólíkt umræðu um hin börnin var í þessi máli talið mikilvægt að tala við Friðrik og ná samvinnu við hann.

Sakhæfi

Í síðasta hluta þessa máls er Friðrik orðinn 15 ára gamall. Á öllum stöðum var spurt að því hvort þessi aldur breytti einhverju í vinnslu barnaverndarmálsins. Á tveimur stöðum var svarið strax að hann væri orðinn sakhæfur, en það ekki talið hafa nein áhrif á gang málsins.

„Það breytti nú engu hérna hjá mér. Jú, þetta breytir því að það er stundum sem maður getur talað svolítið við þá í yfirheyrslunni. Nú ertu orðinn sakhæfur. Mér finnst þeir stundum aðeins hrökkva við þegar maður ræðir hvað það þýðir að vera kominn á sakaskrá og eitthvað svoléiðis.“

„Mér finnst það líka gera meiri kröfu á okkur að stöðva þessa hegðun.“

Þannig hefur aldurinn fyrst og fremst þau áhrif í hugum starfsmanna að með hækkingu aldri verði málið erfiðara og meira aðkallandi, líklega vegna þess að það hefur varað lengi og erfiðara er að ráða við unglínginn. Þá kom líka fram sú skoðun að drengurinn væri að missa tíma, því eftir 18 ára aldur geta barnaverndaryfirvöld ekkert gert. Tilhugsunin um ákveðið samstarf við dómskerfið og lögreglu virtist starfsmönnum framandi og áhersla var lögð á að drengurinn þyrfti meðferð, ekki refsingu. Umræða um hin alvarlegu ofbeldisbrot sem Friðrik hefur framið fór ekki fram.

„Hef ekki hugsað út í að málið gæti farið fyrir dómstól.“

„Auðvitað þarf að bregðast við. En það þarf að bregðast við á einhvern uppbyggilegri hátt, með hjálp í huga, en ekki bara refsingu.“

Á öllum stöðunum töldu starfsmenn að samstarf við lögreglu væri fyrir hendi. Sú samvinna virðist þó aðallega vera í formi þess að fá upplýsingar um einstök mál, frekar en að um virkt, gagnkvæmt samstarf sé að ræða.

Staða yngri systkinanna

Strax í upphafi málsins kemur fram að hann á tvö yngri systkini sem búa á heimili móður og stjúpa. Til að fá betri mynd af því hvenær barnaverndarstarfsmenn byrja könnun að eigin frumkvæði, var spurt að því hvort starfsmenn myndu kanna hagi og aðstæður þeirra. Þetta var áhugavert því hér er um ákveðna klemmu starfsmanns að ræða. Annars vegar er spurning um að hlusta á móðurina sem kemur og biður um hjálp fyrir unglínginn – taka óskir hennar alvarlega og hlusta á það sem hún segir. Hins vegar er spurning um skyldu starfsmanns til að hefja könnun máls þegar rökstuddur grunur er um að barn búi við vanrækslu. Í þessu tilviki hafa komið fram upplýsingar um ofbeldi á heimilinu og þá um leið vaknar spurning um umönnun og líðan yngri barnanna.

Á fjórum stöðum vildu starfsmenn kanna aðstæður yngri barnanna. Á einum stað var athyglinni aðeins beint að Friðriki og ekki minnst á yngri börnin. Ástæðan getur verið sú að á sama stað voru starfsmenn mjög efins um að líta bæri á málið sem barnaverndarmál í upphafi, þar sem móðirin biður sjálf um hjálp og vildu meina að fjalla ætti um mál hennar annars staðar í kerfinu.

Í málum eins og þessum er spurning hvað það þýðir fyrir samvinnuna við móðurina, ef starfsmenn hætta að horfa fyrst og fremst á það vandamál sem hún sjálf kemur með, þ.e. mál Friðriks, og fara að beina sjónum sínum að yngri börnunum og fjölskyldunni allri. Í umræðunum kom fram að þrátt fyrir meðvitund starfsmanna um að yngri börn væru á heimilinu, þá væri oft auðveldara að horfa aðeins á það vandamál sem kynnt er (Friðrik) því þá er hægt að halda samvinnunni við fjölskylduna.

„Það þarf kjark til að fókusera á fjölskylduna ef hún er sjálf ekki tilbúin til þess.“

„Hægt að kaupa sér frið með því að ganga inn í óskir fjölskyldu.“

„Viðkvæmt að beina fókus inn í fjölskyldu þegar unglings-ingurinn er skilgreindur sem vandinn.“

Eins og áður er minnst á sjá starfsmenn hér ákveðna klemmu, þ.e. að halda samvinnu við foreldra með því að ganga inn í hennar skilgreiningu á vandamálinu, eða að skoða málið heildstætt og greina vandamálin sjálfstætt og vinna að hugmyndum að lausnum í framhaldi af því. Ef eingöngu er horft á vandamálið eins og það er kynnt og þess vegna einblínt á Friðrik til þess að halda samvinnunni, má spyrja hvort sú samvinna sé þá ekki á kostnað yngri barnanna, sem e.t.v. búa áfram við heimilisaðstæður sem litaðar eru af ofbeldi. Einn starfsmaður velti þessu upp með þessum orðum:

„Heldur maður trausti fjölskyldunnar ef maður gerir það sama og hún gerir sjálf, þ.e. fókuserar aðeins á barnið.“

Starfsmenn telja allir samvinnu við foreldra mikilvæga og leggja mikið upp úr því að halda henni. Krafa um samvinnu virðist þó stundum gera þá óörugga um hvar fókusinn í vinnunni eigi að vera og hvernig þeir geti tryggt hagsmuni barnsins.

„Krafan um samvinnu við foreldra getur gert það að verkum að erfitt er að standa með barninu.“

„Er hægt að gefast upp á samvinnu við foreldra og standa með barninu?“

4.2.8 Úrræði

Starfsmenn eru flestir á því að Friðrik þurfi að komast út úr fjölskyldunni og á meðferðarheimili. Þessar hugmyndir koma fram mjög snemma og enginn efi virðist vera í hugum starfsmanna um að meðferðarheimili sé jákvæð lausn, bæði fyrir Friðrik sjálfan og eins fyrir samfélagið.

„Ef hann færi á Háholt [langtímameðferðarheimili] yrði hann ekki hættulegur öðrum í samfélaginu.“

Flestir starfsmenn telja að hægt verði að ná samvinnu við foreldra um þau úrræði sem nauðsynleg eru talin. Hins vegar koma fram efasemdir um að það væri gagnlegt fyrir Friðrik ef samvinna næðist ekki og spurning yrði um að svipta foreldra hans forsjá þar sem hann er orðinn 15 ára.

Í umræðunni kom fram að í málum sem þessum telja starfsmenn að það að fá pláss fyrir barn á meðferðarheimili sé á margan hátt auðveld lausn. Annars vegar er farið að óskum foreldra, og stundum umhverfis, með því að unglíngnum er komið burtu. Hins vegar gefur það foreldrum ákveðna hvíld sem aftur eykur möguleikana á að koma með tillögur að úrræðum og stuðningi við fjölskylduna alla.

Í þessari umræðu kom ítrekað fram ákveðið vonleysi yfir því sem starfsmenn upplifa sem úrræðaleyfi í málefnum unglínginga og að þegar börnin hafi náð ákveðnum aldri sé lítið hægt að gera ef þau vilja það ekki sjálf.

4.3 Lísu

Mál Lísu er ólíkt hinum málunum að því leyti að málið er aðeins í einum „kafla“. Um er að ræða 7 ára gamla stúlku, sem verið hefur í fóstri frá 2 ½ árs aldri. Foreldrar hennar höfðu verið sviptir forsjá vegna vímuefnaneyslu og óstöðugleika. Lísu hafði skort örvun, hún var óörugg, talaði lítið og tengsla-myndun var léleg. Hún hefur tekið miklum framförum á fósturheimilinu, er


tengd fósturforeldrum og er hluti af umhverfi og stórfjölskyldu fósturforeldra.

Fósturmóðir veikist og í framhaldi af því treysta fósturforeldrar sér ekki lengur til að hafa stúlkuna. Móðir hennar, sem verið hefur án vímuefna í tvö ár, óskar eftir að fá hana til sín aftur. Faðir stúlkunnar vill styðja móðurina með barnið, en þau búa ekki saman. Foreldrarnir eru bæði í hlutastarfi, en hafa lítil samskipti við sínar fjölskyldur og eiga fáa vini og kunningja.

4.3.1 Nýtt fósturheimili eða móðir

Nokkuð ööryggi gerir vart við sig hjá starfsmönnum í þessu máli og eru tvö atriði áberandi í mati þeirra. Annars vegar vangaveltur um tengsl og/eða tengslaleysi Lísu við bæði kynforeldra og fósturforeldra og möguleika hennar á að mynda tengsl. Hins vegar uppgjöf fósturforeldranna og ákveðin reiði í þeirra garð.

Á línu sem starfsmenn merktu við þar sem á öðrum endanum var móðir og á hinum endanum nýtt fósturheimili var meðaltal mjög nálægt miðju. Tveir starfsmenn af 22 merktu skýrt við endapunktinn „nýtt fósturheimili“ og einn við punktinn „til móður“ en meðaltalið á línunni var 4,04 cm.



4.3.2 Mat starfsmanna

Spurt var hvort starfsmenn leggi til að Lísa fari aftur til móður sinnar eða hvort finna eigi henni nýtt fósturheimili. Af þeim 17 sem svara spurningunni beint telja 13 að hún eigi að fara aftur til móður sinnar.

Helstu atriði sem lögð voru til grundvallar því að hún færi aftur til móður sinnar voru tengd því að hún er kynmóðir hennar. Þannig voru nefnd atriði eins og tilfinninga- og blóðtengsl, að hún þekki foreldra sína og að móður þyki vænt um barnið. Í öðru lagi voru það atriði sem tengdust því að móðirin væri nú hætt í neyslu; móðir er að vinna í sínum málum og hún hefur sýnt stöðugleika og árangur. Einnig að faðir væri til staðar og myndi styðja móðurina og að báðir foreldrar væru tilbúnir í samvinnu. Loks voru nefnd atriði sem tengdust því að erfitt yrði fyrir Lísu að fara á 3ja heimilið, nýtt fósturheimili gæti brugðist og erfitt væri að fá nýja fósturforeldra.

Þau atriði sem mæltu helst með nýju fósturheimili voru í fyrsta lagi atriði sem stuðluðu að meira öryggi og stöðugleika fyrir Lísu; foreldrar hafa áður fallið eftir meðferð og ákveðin áhætta fólgin í því að barnið færi þangað þar sem aðstæður hjá móður væru ótryggar; Lísu þarf tryggt umhverfi; lítil reynsla var af edrúmennsku kynforeldra og mikilvægt var talið að finna henni heimili sem gæti sinnt þörfum hennar. Þá voru nefnd atriði eins og að prófa fyrst hjá móður en ef aðstæður yrðu ótryggar myndi nýtt fósturheimili verða fundið og að það yrði mikið álag fyrir kynforeldra ef Lísu kæmi til móður.

Í mati sínu lögðu starfsmenn áherslu á að Lísu ætti trúlega erfitt með tengslamyndun og að tryggja þyrfti að hún gæti haldið tengslum bæði við núverandi fósturforeldra og kynmóður. Talið var áhættusamt að hún færi aftur til móður sinnar og að meta ætti hættuna á því að móðirin félli aftur. Sú höfnun, sem barnið hafði orðið fyrir, var nefnd og einnig að hagsmunir barnsins væru þarna númer eitt og út frá því þyrfti að meta leiðir. Þá nefna nokkrir starfsmenn á svarblöðum sínum að ræða þurfi við Lísu um hvað hún vilji sjálf og að vilji hennar skipti þarna máli.

4.3.3 Stuðningsúrræði

Þegar rætt var um stuðning í þessu máli var nær eingöngu rætt um stuðning við kynforeldra og þá fyrst og fremst móður ef Lísu kæmi aftur til hennar. Þar sem allmargir starfsmenn vildu að Lísu gæti verið áfram á fósturheimili sínu, vildu þeir veita fósturforeldrunum stuðning eins og t.d. heimilishjálp o.fl. Ekki er minnst á stuðning við nýja fósturforeldra né Lísu. Bæði á svarblöðum og í umræðu verður óljóst hvers konar stuðning eigi að veita og aðeins er minnst á hugtök eins og stuðning eða aðstoð án þess að tengja stuðninginn beint við vandamálin eða útskýra við hvað er átt.

4.3.4 Niðurstöður úr viðtölunum

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í umræðunni sem fram fór eftir að starfsmenn höfðu svarað ákveðnum spurningum skriflega.

4.3.5 Sýnin á Lísu

Athyglinni er beint sérstaklega að Lísu á öllum stöðum og mikil samúð er með henni og hennar stöðu. Lísu var lýst sem fórnarlambi kerfisins og sem einstæðingi.

„Lísu á ofsalega bággt – fórnarlamb kerfisins.“

„Manni finnst þetta svo ósanngjarnt vegna þessa aumingja litla barns.“

Margir nefna einnig þá höfnun sem þeir telja Lísu hafa orðið fyrir, bæði frá foreldrum sínum og frá fósturforeldrum.

„Svo þyrfti hún að halda tengslum við þessa fósturforeldra þannig að hún fái ekki þessa höfnunartilfinningu.“

Í máli Lísu er meira rætt um tengsl hennar við þá sem eru í kringum hana en í hinum málanum. Matið á þessum tengslum, eða tengslaleysi, ræður miklu um hvort talið sé rétt að hún fari aftur til móður eða á nýtt fósturheimili. Margir leggja einnig áherslu á að hún fái að halda tengslum við núverandi fósturforeldra og fjölskyldur þeirra. Þá eru þeir erfiðleikar sem Lísu hefur átt með tengslamyndun einnig taldir geta átt þátt í því að fósturforeldrar gefast upp.

„Þetta er barn sem aldrei hefur náð að mynda grunntengsl, sem sennilega gerir það að verkum að hún hefur aldrei náð að tengjast sínum fósturforeldrum alveg.“

Ákveðinn vanmáttur kom fram í því hvernig meta eigi tengslin. Einn nefnir að tala við barnið og leita upplýsinga annars staðar, aðrir telja sálfræðimat nauðsynlegt.

Í byrjun umræðunnar urðu talsverðar vangaveltur um það af hverju fósturforeldrarnir væru raunverulega að gefast upp og að reynt að finna leiðir til þess að Lísu gæti verið áfram hjá þeim. Almennt var ekki lagður trúnaður á að hin raunverulega ástæða væri veikindi fósturmóður, heldur atriði eins og samband barnsins við fósturforeldra, eða annað sem tengdist því beint. Í umræðunni virtist vera gengið út frá því að fósturheimilið hefði verið góður kostur sem helst ætti að verða áframhaldandi möguleiki fyrir Lísu, á meðan það að fara á annan stað var hins vegar talið neikvætt.

„Mér fannst einhvern veginn, hún er orðin 8 ára gömul og þarf ekki mikla líkamlega umönnun. Mér fannst báðir þessir möguleikar, að hún færi aftur til móður eða væri áfram á fósturheimili ekki alveg... Ég vildi einhvern veginn

halda fast við að hún gæti verið þarna áfram. Frekar heimilishjálp, leita eftir stuðningi ættingja o.s.frv.“

Starfsmenn virtust ekki telja nauðsynlegt að skipa Lísu talsmann og töldu sig oftast sjálfa best í stakk búna til að vinna að hagsmunum hennar og koma hennar sjónarmiðum á framfæri.

„En svo þurfum við líka að skoða hvað barnið vill, hún er orðin 8 ára og hvað myndi hún vilja í stöðunni?“

Ólíkar hugmyndir eru um á hvern hátt best væri að kanna vilja Lísu. Mjög fáir starfsmenn vildu tala við hana, en þess í stað var lagt til að:

„Reyna að túlka það sem hún segir“

„Velja einhver tengslamyndunarpróf.“

„Skoða samskipti kynforeldra og Lísu.“

„Fara í skólann, heyra í þeim. Hvernig barn er þetta, hvernig líður henni, hvað sko, fá þarna upplýsingar.“

Nokkrir starfsmenn veltu upp spurningunni um hvernig Lísu væri stödd tilfinningalega og það að börn sem fara í fóstur eru börn sem oftast hafa búið við slæmar aðstæður sem geta hafa haft varanleg áhrif á þroska þeirra.

„Ég er svo hrædd við aldur barnsins og hvernig hún er tilfinningalega stödd – að fara svo á þriðja staðinn.“

„Börn sem fara í fóstur eru eflaust skemmdari en maður áttar sig á.“

4.3.6 Sýnin á foreldrana

Það að móðir óski eftir að fá Lísu til sín og að faðir styður þá beiðni er lítið jákvæðum augum. Nokkrum sinnum er nefnt að þeim þyki vænt um barnið og að það sé ein ástæða þess að barnið eigi að fara til þeirra.

„Styrkleiki hjá kynforeldrum að þau leita sér hjálpar og eru

með bjargráð – þeim þykir vænt um börnin sín þó þau geti ekki hugsað um þau.“

Móðir

Mjög skiptar skoðanir voru á stöðu móðurinnar og því hvort hún gæti sinnt þörfum Lísu. Þessar skoðanir mótuðust út frá því hvort starfsmenn töldu hana hafa verið nógu lengi án vímuefna eða ekki. Hluti starfsmanna taldi að það mikla álag sem fylgdi því að fá barnið til sín aftur gæti leitt til þess að móðir færi aftur út í neyslu. Einnig veltu starfsmenn því fyrir sér hvort tvö ár væru nógu langur tími án vímuefna.

„Ég er meira á nýju fósturheimili af því að mér fannst svo miklir óvissuþættir hjá mömmunni.“

Væntumþykja móður, sem starfsmenn gáfu sér að væri til staðar, var einnig þáttur í því að velja móður.

„Ef maður þarf að leita að ókunnugum fósturforeldrum, þá hefur maður ekki það sem maður hefur í þessu, vilja út frá væntumþykju. Við vitum ekkert um getuna, við vitum bara um viljann.“

Væntumþykja móður tengdist einnig þeirri hugsun að sem kynforeldri ætti hún ákveðinn rétt og blóðtengslin skiptu þar máli.

„Móðurrétturinn sterki.“

„Og eina sem mælir með því að hún fari til móður er í raun það að hún er kynmóðir og ól hana upp þessi fyrstu tvö og hálfu árið. Ég sé ekkert annað sem mælir með þessari móður. Þessi móðir mundi aldrei fá samþykki sem fósturforeldri.“

Enn eitt atriði sem skipti máli í mati starfsmanna var hve lítinn stuðning móðir hefur í kringum sig, bæði hvað varðar fjölskyldu og eins vini og kunningja.

„Mér finnst þetta alls ekki sterkt umhverfi sem hún kemur í þarna ef hún fer til móður.“

Talsverðar vangaveltur sköpuðust um tengsl Lísu við móður sína og hvort þau væru mikil eða lítil. Lítil tengsl voru almennt talin mæla gegn því að hún færi til hennar. Nokkrir starfsmenn töluðu um að þá vantaði einhvers konar mælitæki til að meta tengsl, sérstaklega vegna þess að oft er verið að taka stórar ákvarðanir út frá hugmyndum um hverjum barnið tengist.

„Það er í rauninni ekkert sem ég sé annað en þessi tengsl, sem eru kannski engin við þessa móður, sem mér finnst mæla með því að það sé valið frekar en annað fósturheimili.“

Auk vangnavelta um tengsl við móður voru starfsmenn uppteknir þeirri áhættu sem fylgdi því að fara aftur til móður. Á hinn bóginn voru sumir efins um að Lísa gæti nú farið á enn einn nýjan stað og byrjað upp á nýtt – það væri jafnvel meiri áhætta en að fara aftur til móður.

„Svo framarlega að við getum tryggt að þessir kynforeldrar geti annast barnið, það hljóti að vera kostur sem liggur nær heldur en að finna annað ókunnugt fólk fyrir barnið.“

Fram komu sjónarmið um að það gæti hjálpað móður að standa sig ef barnið kæmi til hennar.

„Hún þarf að fara til móður – móðirin þarf að fá eitthvað hlutverk – gæti stuðlað að því að hún færi aftur í óreglu eða hvað það nú er með að neita henni um þetta barn.“

Faðir

Almennt voru starfsmenn mjög jákvæðir í garð föður og að hann ætlaði að styðja móðurina til að vera með barnið. Efasemdir um hann eru fáar, en þó minnst á að upplýsingar um hann séu litlar. Ekki er rætt um hann nema í tengslum við móður og það að hann ætli að vera til staðar. Sú staðhæfing, að hann ætlar að vera til staðar, virðist vega sterkt þegar starfsmenn eru að velta fyrir sér hvert Lísa fari. Faðir verður þannig hluti af þeim rökum sem mæla með því að barnið farið til móður.

„Hann ætlar að styðja hana, ætlar að vera til staðar fyrir barnið og mömmuna.“

Fósturforeldrarnir

Í upphafi umræðnanna ríkir mikil reiði í garð fósturforeldra og þeir eru ásakadír um að gefast upp og hafa ekki verið nógu góðir. Ekki er tekið trúanlegt að uppgjöf þeirra sé vegna bakveiki, heldur hljóti aðrar ástæður að liggja til grundvallar. Þá kemur einnig fram ákveðinn pirringur út í fósturföður fyrir að taka ekki meiri ábyrgð.

„Og hann er náttúrulega ekki mikill bógur þessi fósturpabbi, að ráða ekki við það að vinna og hugsa um barnið og konuna.“

Síðar í umræðunni var á nokkrum stöðum farið að velta fyrir sér stöðu fósturforeldranna og því hvort fósturforeldrar almennt fái nægan stuðning með þau erfiðu börn sem þau taka að sér.

„Börn sem koma úr slæmu umhverfi þurfa alveg sérstaklega vandaða foreldra. Þess vegna getum við gert meiri kröfur til þessara foreldra heldur en annarra, maður á að gera það.“

„En maður gefur sér samt að kynforeldrar geti verið breyskir og þeir geti bugast og alls slags hlutir komið upp á. En maður gefur sér ekki að það gerist hjá fósturfjölskyldum. Maður gefur sér að þær séu sterkari og einhvern veginn – en það er kannski ekkert raunhæft. Ég held maður geri það. Maður hefur miklu meiri væntingar til þeirra og gerir meiri kröfur.“

Talið var að fósturforeldrar geti auðveldlega upplifað það að biðja um hjálp sem merki um að þeim hafi mistekist og að þau telji hættu á að missa barnið ef þau biðji um hjálp. Þá var rætt um að mörg börn sem fara í fóstur séu svo illa stödd að þau hafi í raun þörf á fósturheimili hjá fagfólki, sem hefur sérstaka kunnáttu til að taka á vanda þeirra.

„Í tímabundnu fóstri erum við þó meira að gera [í markvissri vinnu] heldur en í varanlegu. Við látum þetta dálítið mikið bara á fósturforeldrana og vandamálin koma í ljós oft á tíðum þegar þeir hrópa. Og þeir byrja ekki að hrópa fyrr

en allt er orðið að einhverju hræðilegu. Af því þeir eiga að standa sig svo vel, þeir eru fösturforeldrar og eru í vinnu við það.”

Þrátt fyrir umræðu um að fösturforeldrarnir í tilviki Lísu hefðu e.t.v. ekki verið nógu góðir og að börn sem færu í föstur væru oft illa stödd og þyrftu mikla umönnun og stuðning, virtust starfsmenn almennt hafa trú á að fösturheimili væru af hinu góða.

4.3.7 Sérstaða í máli Lísu

Viðhorf til blóðtengsla/kynforeldra

Í umræðunni urðu miklar og skiptar skoðanir á mikilvægi þess að hér var um kynmóður Lísu að ræða. Fram komu skoðanir um að þessi tengsl skiptu verulegu máli fyrir sjálfsmynd barnsins. Einnig að börn séu oft að leita að uppruna sínum og bakgrunni, sem þau geta aðeins fundið hjá kynforeldrum sínum.

„Við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd, sem er mjög öflug sálfræðilega, að maður er hold af einhvers holdi, maður á pabba og maður á mömmu og maður getur ekki verið hjá þeim. Þetta er mikið áfall fyrir sjálfsmynd barnsins, sem er eiginlega sett saman úr þessum foreldrum sem er alveg sama hvað gera, þau eru aldrei nógu góð.“

„Það sem truflar mig er þessi eilífa leit hjá þessum börnum eftir sínum kynforeldrum. Maður finnur það alltaf, þó þau séu ánægð í föstri, það er samt alltaf þessi togstreita og söknuður.“

Fram kom að starfsmenn finna til ákveðins vanmáttar gagnvart kynforeldri og því sem þeir upplifa sem ákveðinn rétt þeirra. Þessi áhersla verður mun fyrirferðarmeiri í allri umræðunni en spurningin um hvað sé best fyrir barnið.

Aðrir töldu almennt að móðurrétturinn væri sterkur og að sú staðreynd að móðirin væri nú ekki lengur í óreglu gæfi henni vissan forgang á að fá barnið til sín aftur.

„Maður myndi skoða það sem fyrsta kost [móður].“

„Mér finnst hún hafa náttúrulega þann kost að hún er mamma hennar.“

Það að skoða móðurina sem valkost og meta hennar stöðu var greinilega það sem starfsmennirnir veltu mest fyrir sér og fannst flókið að meta í þessu máli.

Greiðslur til fósturforeldra og áhrif þeirra

Sú skipting sem gerð hefur verið á fósturmálum á Íslandi, þ.e. tímabundið fóstur annars vegar og varanlegt fóstur hins vegar, gerir að verkum að sérstaða þessara mála er nokkur hér á landi. Í rannsókn sem Steingerður Sigurðardóttir gerði í starfsnámi sínu hjá Barnaverndarstofu veturinn 2002 er bent á að starfsmenn virðast að sumu leyti líta á varanlegt fóstur sem ættleiðingu, þar sem gert er ráð fyrir að barnið dvelji á fósturheimili til sjálfræðisaldurs. Þetta virðist endurspeglast í umræðunni hér þar sem starfsmönnum finnst víðast að fósturforeldrar eigi ekki að fá miklar greiðslur fyrir að sinna verkefni sínu. Einnig telja margir að það að fósturforeldrar fái greiðslu fyrir að hafa barnið geti haft trúfandi áhrif á þau tengsl sem æskilegt er að myndist milli barns og fósturforeldra.

„Ég varð ofsalega hissa, ég er nú ekki blúin að vinna lengi, tæpt 1½ ár. Ég var svo hissa að sjá það að börn sem eru kannski tekin frá foreldrum sínum innan við eins árs, að það er verið að borga með þeim til 18 ára aldurs. Ég varð ofboðslega hissa á því, þetta kom mér bara ekki til hugar.“

„Ég held einhvern veginn að hún skemmi svolítið þessa tengslamyndun þessi greiðsla. Að það skuli ekki bara eftir einhvern x tíma koma bara til ættleiðingar.“

Áhrif fósturrofs á starfsmenn

Í tengslum við Lísu var spurt sérstaklega um hvaða áhrif mál eins og þetta hafi á starfsmanninn sjálfan.

„Ég hef reyndar ekki lent í mörgum svona málum, en ég hef samt lent í þar sem fósturrof hefur orðið. Það sem myndaði hjá mér samviskubit á þeim tíma í því máli var að ég hafði fólstrað barn á heimili sem ég var með efasemdir um að væri endilega akkúrat ofsalega gott. En gerði það út úr neyð.“

„Þetta er kannski bara eitthvað svona starf. Sem starfsmaður er maðurinn búinn að finna þetta úrræði. Maður leggur allt sitt traust á viðkomandi, að bjarga sér, bjarga þessu barni. Ég held að þetta sé svona ákveðið tap fyrir mann.“

„Ósjálfrátt held ég maður hugsi: Hvað gerði ég vitlaust? Átti ég að gera eitthvað annað? Voru einhverjir þættir sem ég skoðaði ekki nógu vel, yfirsást mér eitthvað?“

Starfsmenn töldu sig oft þurfa að vinna málin í miklum flýti og því gæfist ekki tími til að undirbúa barnið nógu vel eða vanda nógu vel valið á fósturforeldrum. Oft á tíðum er erfitt að finna heimili fyrir barnið á meðan verið er að undirbúa fósturráðstöfun og sú vinna verður því oft á tíðum takmörkuð. Þessar vangaveltur starfsmanna eru í ákveðnu ósamræmi við þá mjög svo takmörkuðu áherslu sem starfsmenn leggja á stuðning við barnið sjálft á meðan það er í fóstri og að ekki er minnst á stuðning við mögulega nýja fósturforeldra í þessu máli.

4.4. Eiríkur

Eiríkur er 6 mánaða í 1. hlutanum. Hann býr hjá þroskaskertri móður sinni, en ekkert samband er við föður. Móðir þekkir fáa og fær ekki stuðning frá fjölskyldu sinni. Hún hefur takmarkaðan skilning á þörfum barnsins og leiðbeiningum ungbarnaeftirlits tekur hún gjarnan sem gagnrýni á sig. Ungbarnaeftirlitið hefur því samband við barnaverndarnefnd.

Þegar Eiríkur er 2ja ára gamall telur leikskólinn hann sýna einkenni þroskahömlunar. Hann er áhyggjufullur, hefur lítið frumkvæði gagnvart öðrum börnum, máltöku er ábótavant, hugtakaþekking er slök og hann hefur mikla þörf fyrir að vera í sambandi við fullorðna. Leikskólinn hefur áhyggjur af umönnun hans, bæði hvað varðar ytri aðbúnað, svo sem fatnað og hreinlæti, svo og getu hans til að tengjast, öryggistilfinningu hans og örvun. Leikskólinn fær aukastuðning til að sinna þörfum Eiríks.

Þegar Eiríkur er 10 ára hefur skólinn samband við barnaverndarnefnd. Sjálfsmynd Eiríks er léleg, hann á erfitt með að einbeita sér og krökkunum finnst hann sérstakur. Hann er félagslega einangraður og honum gengur illa

í náminu. Sálfræðingur telur hann eiga í miklum félags- og tilfinningalegum erfiðleikum. Samband Eiríks og móður hans er gott, en henni tekst ekki að mæta þörfum hans og á sumum sviðum er hann farinn fram úr henni í þroska. Móðir vill samvinnu um stuðningsúræði fái hún að hafa Eirík áfram hjá sér, en sálfræðingur telur að hún muni eiga æ erfiðara með að sinna þörfum hans.


4.4.1 Þörf á vistun

Í þessu máli voru nær allir þátttakendur á því að hefja þyrfti könnun strax í byrjun og að huga þyrfti að aðgerðum og enginn var í vafa um að hér væri um barnaverndarmál að ræða.

„Þannig að þegar svona um augljósa þroskaskerðingu er að ræða, þá held ég að fólk átti sig á því að það verður að grípa inn í. Mér finnst þetta vera allt annars eðlis en fyrri málin – miklu alvarlegra.“

Þetta mat leiddi þó ekki til þess að athyglinni væri beint sérstaklega að barninu eða að lögð væri til vistun fyrir barnið utan heimilis.

Hér toguðust annars vegar sýnin á móður Eiríks sem vildi honum allt það besta, hún hefði ekki gert neitt af sér, en gæti ekki breyst, og svo hins vegar að uppeldisaðstæður drengsins væru ekki viðunandi, hann færi fram úr henni í þroska og fengi ekki þá örvun sem hann ætti rétt á. Hin góðu tengsl milli mæðginanna skiptu síðan miklu máli við val starfsmanna á því hvað rétt væri að gera. Í þeim málum sem rædd voru lögðu 10 af 22 starfsmönnum minnsta áherslu á að Eiríkur yrði vistaður utan heimilis.



4.4.2 Mat starfsmanna

Í fyrsta hlutanum telja nær allir starfsmenn að hefja þurfi könnun í málinu með aðgerðir í huga (20 af 22) og einn starfsmaður vildi grípa til aðgerða strax.

⁴ 1. hluti = 1,89 cm, 2. hluti = 3,54 cm, 3. hluti = 4,45cm. Lengd línunnar var 9,2 cm.

Í öðrum hlutanum velur rúmlega helmingur starfsmanna (13 af 22) að grípa til aðgerða á meðan flestir hinna vilja kanna málið frekar.

Í síðasta hlutanum telur tæplega helmingur starfsmanna (10 af 22) rétt að styðja Eirík á heimili sínu, 6 vilja vista hann með samþykki móður og tveir leggja til forsjársviptingu. Í öllum hinum málunum sem rædd voru, lögðu starfsmenn meiri áherslu á að vista barnið utan heimilis eftir því sem á leið (frá 1. og yfir í 3. hluta), en í máli Eiríks telja 11 starfsmenn málið jafn eða minna alvarlegt í 3. hlutanum en í 2. hluta ef alvarleikinn er metinn út frá þörf á vistun.

4.4.3 Áherslur sem fram koma á eyðublöðum

Í upphafi er fyrst og fremst lögð áhersla á að kanna getu og hæfni móður til að sinna barninu og þörfum þess. Það að hún taki leiðbeiningum illa og hafi takmarkaðan skilning á þörfum barnsins vekur áhyggjur og eins hversu einangruð hún er. Nefnt er að hún þurfi að fá hæfingu, styrkja þurfi hana sem móður og að leið til þess sé kennslu- og rannsóknarvistun fyrir móður og barn. Eina atriðið sem nefnt er og snýr beint að barninu er að tryggja þurfi öryggi þess. Á einum stað er strax nefnt að þörf sé á aðstoð þroskaþjálfara sem er vanur að vinna með þroskaskerta þar sem barnaverndarstarfsmenn hafi ekki þá þekkingu eða kunnáttu sem til þess þurfi.

Í öðrum hluta málsins eru áherslurnar að miklu leyti þær sömu, en oftast er minnst á föstur, bæði fyrir barnið eitt, en einnig fyrir móður og barn saman. Þá er lögð áhersla á að barnið fái örvun. Staða móður er starfsmönnum ofarlega í huga og einn starfsmaður skrifar að það sé ekki vanræksla að vera þroskaskert móðir.

Helstu rökin fyrir að veita stuðning inn á heimilið í þriðja hlutanum er nátengd þeim sterku tengslum sem talin eru vera milli móður og barns og að fyrst drengnum hafi ekki verið fundið fösturheimili fyrr, þá sé það orðið of seint. Móðir er ekki talin hafa brotið af sér og lögð er áhersla á að hún vilji stuðning og samvinnu.

Rökin fyrir að styðja drenginn utan heimilis eru f.o.f. tengd því að móðir hafi ekki verið fær um sinna þörfum hans, sá stuðningur sem reyndur hafi verið hafi ekki dugað og að móðir muni ekki geta annast drenginn þegar hann eldist. Talin er þörf á að rjúfa félagslega einangrun og bæta líðan og aðbúnað

drengsins, hann hafi verið vanræktur og þroski hans sé í hættu. Það þurfi að styrkja hann og hann þurfi að kynnast „*eðlilegu heimili*.“ Röskur helmingur starfsmanna taldi að ef til vistunar kæmi utan heimilis myndi það verða gert í samvinnu við móður á meðan tveir vildu leggja til forsjársviptingu.

4.4.4 Stuðningsúrræði

Eins og í hinum málunum var mikil áhersla lögð á að fá greiningu á getu og möguleikum móður og að greining væri forsenda fyrir því að hægt væri að veita markvissan stuðning. Nefnd voru úrræði eins og rannsóknar- og kennslu- vistun, hæfing fyrir móður, leiðbeiningar um örvun barnsins og heimilishald, uppeldisráðgjöf o.fl. Þá var lögð áhersla á að meta stöðu drengsins, að hann fengi persónulegan ráðgjafa, sumardvöl og stuðningsfjölskyldu. Nokkrir starfsmenn töldu að kanna þyrfti á hvern hátt föðurfjölskyldan gæti komið inn í málið. Þá ræddu nokkrir um þann möguleika að vista móður og barn saman, eða að hann yrði á fósturheimili yfir skólaárið og hjá móður á sumrin. Allan tímann var lögð áhersla á tengsl móður og barns og að ekki mætti rjúfa þau. Í umræðunni var lögð áhersla á að stuðningurinn þyrfti að vera langvarandi, eða alveg þar til drengurinn væri orðinn fullorðinn.

4.4.5 Niðurstöður úr umræðum

Móðirin naut mikillar samúðar og skilnings í umræðunum og áhersla var lögð á hin góðu tengsl hennar við barnið. Jafnframt var sett spurningarmerki við það hvort aðstæður drengsins væru viðunandi og hvort hann fengi þá umönnun, örvun og aðbúnað sem hann ætti rétt á.

4.4.6 Sýnin á Eirík

Sýnileiki Eiríks í umræðunni var mjög mismunandi. Lítill hluti starfsmanna tók fram að skoða þyrfti þetta mál út frá þörfum hans og hvað honum væri fyrir bestu.

*„Það þarf að meta getu og skoða málið út frá barninu...
hvers konar umönnun fær það.“*

Stærsti hluti starfsmanna horfði hins vegar fyrst og fremst á tengsl barns og móður, sem þeir töldu mikilvæg, og það að halda samvinnunni við móðurina án þess að horfa frekar á þarfir barnsins og stöðu þess.

*„Á þriðja punktinum, þá átti ég í bölvuðu basli með rök-
stuðning. Af hverju stuðningsúrræði hér? Ég sat og hugs-
aði: Hvað er ég að gera? Ég fór að reyna að réttlæta það
að vera með stuðningsúrræði hér, en ekki sviptingu. Þá
horfi ég á tengslin hérna og þessa samvinnu við móður-
ina.“*

Hin mikla athygli sem beinist að móðurinni og samvinnunni við hana leiðir til þess að Eiríkur fær lítið pláss í umræðum og svörum starfsmanna. Ekki var talin ástæða til að skipa honum talsmann og í þeim tilvikum, þar sem minnst er á að tala við Eirík, er það ekki til að fá fram hans óskir og vilja, heldur meira til að útskýra fyrir honum þá stöðu sem móðir hans er í.

„Það ætti að uppfræða drenginn um fötlun móður.“

Í nokkrum tilvikum er talað um vilja hans og óskir og þar virðast starfsmenn byggja á upplýsingum um hegðun hans og lýsingu á honum.

„Ég sé ekkert um það í þessu að hann sé eitthvað að mótmæla henni eða mótmæla aðstæðum sínum.“

Starfsmenn koma fram með ólík sjónarmið um þarfir Eiríks og úrræði út frá þeim. Nefnt er að hann þurfi að fara í greiningu, og einnig að þarfir hans breytist eftir því sem hann eldist.

„Ég held því fram að börn hafi djúpstæðar þarfir fyrir t.d. hluti eins og fyrirmyndir, heilbrigðar fyrirmyndir, og þau læra ósjálfrátt af þeim. Og þau hafa líka djúpstæða þörf fyrir aga.“

„Ef barnið er farið að bíða verulegan skaða af því að búa hjá þessari móður þarf að meta hvort þörf er á sviptingu.“

Í umræðunni um Eirík var oftast en í hinum málunum farið að ræða almennt um þarfir barna eins og þörfina fyrir aga og fyrirmyndir og að móðir Eiríks myndi eiga erfitt með að sinna þeim hlutverkum. Þá kom einnig fram það sjónarmið að það að eiga greindarskerta foreldra gæti verið erfitt fyrir börnin.

„Þessir krakkar verða svolítið fyrir stimplun af því þau eiga svona mömmu.“

Nokkrir starfsmenn töldu það að ekki hefði verið gripið til alvarlegra aðgerða áður en Eiríkur varð 10 ára leiddi til þess að erfiðara yrði að grípa til róttækra aðgerða. Rökin eru að vegna þeirra sterku tengsla sem hann hefur við móður sína sé orðið of seint og það að rjúfa þessi tengsl gæti haft alvarlegri afleiðingar fyrir hann en að vera áfram hjá henni. Því verði að byggja upp stuðning kringum þau heima.

„Svo snýst það allt við hjá mér í lokin vegna þess að þá vel ég tvo kosti. Barnið stutt utan heimilis og forsjársvipting eða þá alls ekki. Það byggir á því að ef að þetta fær að þróast nákvæmlega eins og það ætti ekki að gera, þá myndast afbrigðileg, sjúkleg tengsl milli foreldris og barns, sem er mjög erfitt að rjúfa. Þannig að þetta er eiginlega dauðadæmt, allar tilraunir til fósturs.“

„Þegar barnið er orðið svona gamalt, ef ekkert hefur verið gert, þá er ég ekki viss um að það sé kostur að taka barnið endilega af heimilinu.“

Þessi skoðun var þó langt frá því algild og allmargir starfsmenn töldu það alls ekki vera of seint að grípa til aðgerða á þessum tímapunkti.

Viðhorfið til aðgerða í máli Eiríks virtist í mörgum tilvikum litað af tilfinningum frekar en rökum og faglegum niðurstöðum. Þetta var meira áberandi í þessu máli en þeim sem áður höfðu verið rædd. Hér virtust staða móðurinnar og þær tilfinningar sem hún vakti skipta mestu.

4.4.7 Sýnin á foreldrana

Móðir

Eins og fram hefur komið beinist athyglin að móður í þessu máli og að reyna að styðja hana og drenginn saman, gera hana hæfari til að sjá um hann. Margir starfsmenn tala um þörf fyrir greiningu til að meta möguleikana á að kenna henni að annast barnið.

„Hver er hæfni móður til að geta farið með forsjá – þarf að greina betur.“

Samúðin sem móðirin nýtur vegna sinnar greindarskerðingar og það að hún segist tilbúin til samvinnu við starfsmenn virðist leiða til þess að starfsmenn eiga erfiðara með að skoða málið út frá barninu.

„Það er náttúrulega alltaf þetta, aumingja þroskaskerta mamman. Af hverju á maður að vera vondur við hana, hún getur ekkert að þessu gert, hún er bara fötlud. En náttúrulega eins og með þessa foreldra, þetta eru bara þessir forðómar hjá svo mörgum.“

„Móðir er til samvinnu, hún tekur ábyrgð.“

Margir starfsmenn virðast hafa fyrirvara á getu móður og gefa sér ákveðnar forsendur um getu hennar og vangetu.

„Það er alveg klárt í huga mínum að þessi kona kemur til með að eiga í vandræðum með að sinna þörfum þessa barns, mér finnst það vera alveg ljóst.“

„En er það verjandi? Þegar hann er orðinn 10 ára, þá kemur fram að hann sé farinn fram úr henni. Hún hefur greind á við 10 ára barn. Hún er í raun og veru barn. Er það verjandi að hún sé látin hafa um það að segja svo mikið, um framtíð barnsins?“

Eins og áður segir ráða vangaveltur um tengsl móður og barns miklu um þau úrræði sem gripið er til.

„Jákvæð tengsl milli móður og barns.“

„Maður setur spurningarmerki við hversu góð þessi tengsl eru fyrst hann getur ekki tengst öðrum.“

Faðir

Í lýsingu á málinu er ekkert minnst á föður Eiríks. Einn karlkyns starfsmaður

hóf máls á því að ef til vill ætti að skoða hvort hægt væri að ná einhverju sambandi við föður Eiríks. Í framhaldi af þessu varð umræða um hve auðveldlega feðurnir gleymast í barnaverndarmálum.

4.4.8 Sérstaða málsins

Sérstaðan í þessu máli felst fyrst og fremst í því hve barnið og þarfir þess falla í skuggann af þeirri athygli sem móðir fær í umfjöllun og svörum starfsmanna. Þau atriði sem virtust vega þyngst voru:

1. Samúð með móður sem ekki hafði gert neitt af sér, en sem hafði líka takmarkaða möguleika til að breyta sér og takast á við þær kröfur sem til hennar voru gerðar varðandi uppeldi. Starfsmenn virtust vera meðvitaðir um þessa samúð og einnig velta fyrir sér hvaða áhrif þær hefðu á vinnslu málsins.

„Ég spyr mig hvort ég sýni meiri toleranse gagnvart vanhírðu ef móðir er þroskaheft út af einhverri vorkunn við hana, heldur en ef hún væri ekki þroskaheft?“

Á einum stað var hins vegar talið að fyrr væri gripið inn gagnvart þroska-skertum foreldrum og þeim boðinn stuðningur. Þegar spurt var um mögulega þvingun gagnvart þessum foreldrum var svarið:

„Ég held að það þurfi ekki að beita valdi, það sé auðveldara í sumum tilfellum að vera í samvinnu við þroskaskerta foreldra heldur en foreldra sem eru í neyslu. Þeir koma svona einhvern veginn saklausara fram – þeir hafa í rauninni ekkert að fela.“

2. Nokkrir starfsmenn lýstu þeirri skoðun sinni að erfitt væri að vinna með mál af þessu tagi, þar sem foreldrar hefðu litlar bjargir og þekkingu og því gæti orðið hætt á að þeir gætu ekki komið skoðunum sínum og vilja á framfæri heldur létu starfsmenn „vaða yfir sig.“

„Ofboðslega erfiður málaflókkur. Þetta er svo varnarlaust fólk, sem stendur ekkert á sama stað og við í rökræðum og réttlætningum og öðru þvíumlíku. Við getum þess vegna auðveldlega marið það undir hælnum á okkur ef okkur svo þóknast.“

3. Í þessum málaflokki virðist óryggi með skoðanir samfélagsins vega þungt. Starfsmenn upplifðu sterka kröfu um rétt þroskaheftra til að hafa börn sín hjá sér, en voru sjálfir í sumum tilvikum ósammála þessari kröfu án þess að geta komið með fagleg rök gegn henni.

„Hræðsla við að vera álitinn fordómafullur.“

Á einum stað urðu umræður og vísað í rannsóknir um að ákveðin hættu sé á því að þroskaskertir foreldrar beiti ofbeldi og að barnið geti verið í hættu.

„Þetta er náttúrulega svo takmarkað sjónarhorn sem maður hefur af því að maður er ekki í svo mörgum málum sjálfur, en ég hef tekið eftir því hjá mér, þá eru þetta ein alvarlegustu málin. Það er ofbeldi kannski af því að það er takmarkaður skilningur á þörfum barnsins og takmarkaðar leiðir til að tjónka við barnið. Þá er bara gripið til ofbeldis.“

4. Yrðu kröfur um umönnun aðrar ef barnið væri sjálft þroskaskert? Þessi spurning kom upp á tveimur stöðum og talið var að matið á þörf barnsins fyrir umönnun gæti breyst kæmi það í ljós.

„Ég hef verið með svona mál þar sem foreldrar voru þroskaskertir og það var settur inn massífur stuðningur. Síðan kom í ljós að barnið var þroskaskert og þá heyrði maður tvenns konar raddir. Annars vegar að fyrst að barnið er þroskaskert, þá er allt í lagi að það sé hjá þroskaskertum foreldrum og svo hin, fyrst að barnið er þroskaskert þarf það extra mikið og alls ekki að vera hjá þessum þroskaskertu foreldrum. Ég vil frekar taka undir það sjónarmið, hitt finnst mér fjaránlegt.“

Á einum stað var mikil áhersla lögð á að fá fagaðila, sem hefur þekkingu og reynslu í að vinna með þroskaskertum, inn í málið.

„Sko, maður þarf að vinna svona mál í samvinnu við ráðgjafa í málefnum fatlaðra, maður getur ekki unnið svona mál án þess að vera í samvinnu við slíka fagaðila, því við

höfum ekki þekkingu til þess að koma fram við þroskahefta foreldra.“

4.4.9 Tilkynningar

Í lögnum, sem í gildi voru þegar rannsóknin var gerð, var ekki tekið fram sérstaklega að barnaverndarnefndir gætu hafið stuðningsaðgerðir við foreldri áður en barn fæddist. Engu að síður var þetta gert í tilvikum eins og þegar verðandi móðir var í mikilli neyslu vímuefna, átti við geðraskanir að stríða eða var þroskaskert. Því var spurt sérstaklega að því hvort algengt væri að starfsmenn fengju mál þar sem móðir er þroskaheft fyrir fæðingu barnsins. Á flestum stöðum höfðu komið tilkynningar af þessu tagi og starfsmenn þá farið í samvinnu við verðandi foreldri/foreldra um stuðningsaðgerðir.

„Við fáum þau oft þannig, sérstaklega ef móðir er að eignast annað barn, þá er bara látið vita á 12. viku.“

4.5 Kristín


Kristín er 7 mánaða í fyrsta hlutanum. Hún er hjá dagmóður sem hefur samband við barnaverndarnefnd vegna þess að hún telur móður Kristínar eiga við áfengisvandamál að stríða. Hún virðist stundum vera undir áhrifum þegar hún sækir stelpuna, hún kemur seint og hefur gleymt að sækja hana. Faðir Kristínar býr ekki hjá þeim, en sækir hana stundum þegar hann er í landi. Hann virðist hlédrægur og feiminn.

Þegar Kristín er 4ra ára hefur leikskólinn samband við barnaverndarnefnd vegna áfengisneyslu móður. Stúlkan er dugleg, en þarf mikið að sjá um sig sjálf, fer ein á fætur og kemur stundum ein í leikskólann. Grunur er um að hún sé stundum skilin eftir ein heima á kvöldin. Faðir sækir hana af og til og líka amma, sem einnig er talin eiga við áfengisvandamál að stríða.

Í síðasta hlutanum er Kristín orðin 6 ára. Hún var send í sálfræðiathugun við upphaf skólagöngu og er talin vel gefin og dugleg, bæði í námi og félagslega. Hún hefur miklar skyldur heima og sér um ýmis praktísk mál þar vegna áfengisneyslu móður. Hún ákveður stundum að vera hjá ömmu sinni sem á við ýmis félagsleg og geðræn vandamál að stríða. Stelpa er tengd föður sínum en móðir neitar honum stundum um að hafa samband við hana.

4.5.1 Þörf á vistun

Greinilegt er að starfsmenn líta þetta mál alvarlegum augum. Þegar skoðað er hvernig þeir merkja við á línu, sem þeir gera í lok hvers hluta málsins, sést glögggt að þeir telja æ meiri þörf á vistun eftir því sem tíminn líður og þeir fá meiri upplýsingar um málið. 10 af 22 starfsmönnum telja þetta næstalvarlegasta málið út frá þörfinni á vistun.



4.5.2 Mat starfsmanna

Í fyrsta hlutanum telja langflestir starfsmenn að hefja þurfi könnun strax (18 af 22). Einn starfsmaður telur að fá þurfi frekari upplýsingar og tveir vilja grípa til aðgerða.

Í öðrum hlutanum vilja 12 starfmenn grípa til aðgerða strax.

Í síðasta hlutanum vilja 15 starfsmenn styðja Kristínu utan heimilis, þar af vilja 4 leggja til forsjársviptingu, og sama segja 5 til viðbótar náist ekki samvinna.

Áherslur í mati starfsmanna í skriflegum svörum eru neysla móður og krafa um að hún fari í áfengismeðferð. Spurningin um föður vaknar strax og að draga eigi hann meira inn í málið. Litið er á málið sem dæmi um alvarlega vanrækslu.

Helstu rökin fyrir því að styðja stúlkuna heima eru þau að hún sé í góðu ástandi og hve vel hún stendur sig, þrátt fyrir þá vanrækslu sem hún býr við. Jafnframt er lögð áhersla á að móðir þurfi að takast á við áfengisvanda sinn. Þá er talað um þörfina á geðrænu mati á móður til að átta sig frekar á getu hennar og stöðu.

Helstu rökin fyrir stuðningi utan heimilis eru þær slæmu aðstæður sem barnið

5 1. hluti = 1,69 cm, 2. hluti = 4,48 cm, 3. hluti = 6,94cm. Lengd línunnar er 9,2 cm.

býr við, og að það beri allt of mikla ábyrgð. Málið sé búið að vera lengi í gangi og stuðningur hafi ekki skilað árangri. Barnið er talið þurfa að kynna „eðlilegu heimilislífi.“ Nokkrir starfsmenn nefna að það þurfi að fara í fóstur á meðan móðir fari í langa áfengismeðferð og einnig að skoða beri möguleika á að barnið fari til föður.

Þegar spurt er hvort vistun utan heimilis sé stuðningsúrræði skv. 21 gr. eða forsjársvipting skv. 25. gr. telja 10 að hér sé um 21. gr. að ræða á meðan 4 vilja nota 25. gr. 5 starfsmenn til viðbótar vilja leggja til forsjársviptingu fáist ekki samþykki móður fyrir fósturráðstöfun.

Í þessu máli beindist athyglin að föður og stöðu forsjarlausra feðra sem var starfsmönnum ofarlega í huga, sérstaklega á einum stað. Starfsmenn töldu mikilvægt fyrir Kristínu að faðir kæmi inn í líf hennar, og að hann myndi axla ábyrgð.

4.5.3 Stuðningsúrræði

Þau stuðningsúrræði sem nefnd voru á svarblöðunum beindust fyrst og fremst að móðurinni og þá öll út frá neyslu hennar. Lagt var til að hún fengi hjálp til að ná tókum á neyslu, hún átti að fara í áfengismeðferð og jafnframt átti að kanna hæfni hennar til að annast barnið. Vanræksla hennar gagnvart stúlkunni var talin alvarleg og þörf á að tryggja að hún væri í öryggi, m.a. með eftirliti með heimilinu.

Sá stuðningur sem sneri að barninu fólst aðallega í að finna því fósturheimili, ýmist á meðan móðir væri í meðferð eða varanlega. Faðir þótti sterklega koma til greina og mikil áhersla var lögð á að draga hann inn í stuðningshlutverk gagnvart stúlkunni. Einnig var nefnt að kanna þyrfti fjölskyldunetið, bæði hjá föður og móður.

Í umræðunni voru þessi stuðningsúrræði ítrekuð.

4.5.4 Niðurstöður úr umræðum

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í umræðunni sem fram fór eftir að starfsmenn höfðu svarað ákveðnum spurningum skriflega.

4.5.5 Sýnin á Kristínu

Umræða um málið einkenndist af því hversu alvarlegt starfsmenn töldu það vera, vanrækslan greinileg, og auðvelt að leggja áherslu á stöðu barnsins. Dæmi eins og að vakna ein, fara ein í leikskólann og að fá sér ein að borða eru

talin skýr merki vanrækslunnar. Þrátt fyrir að stór hluti starfsmanna leggi til að hún fari af heimilinu, var ákveðin bjartsýni ríkjandi, því þeir sáu möguleika á því að breyta aðstæðum barnsins, þ.e. að afskipti barnaverndarnefndar myndu leiða til þess að móðirin hætti neyslu.

„Vanræksla á háu stigi.“

„Svo er það sem við erum oft að lenda í, að börnin pluma sig vel. Þetta eru finir krakkar sem redda sér.“

Það að Kristín stendur sig vel veldur starfsmönnum nokkru hugarangri, því þeir telja það minnka möguleikana á að koma inn í málið á afgerandi hátt þar sem erfitt sé að sýna fram á að aðstæður hennar hafi haft skaðleg áhrif.

„Hún kemur kannski bara of vel út.“

Margir telja hins vegar að unglingsárin verði henni erfið, þá muni hún missa tökin og afleiðingar vanrækslunnar koma í ljós. Skilgreiningin á vanrækslunni verður í þessu tilviki bæði út frá þeirri stöðu sem er hér og nú og áhyggjum starfsmanna af því hvernig þróun málsins verður og afleiðingum vanrækslunnar.

„Maður sér að þau eru oft að funkera alveg fram á unglingsár og þá springur allt.“

„Mér finnst þurfa að tryggja það að barnið sé ekki eitt, að það sé undir eftirliti á heimili móður. Að það sé einhver sem tryggir það allavega að barnið sé ekki á heimilinu meðan móðir er í neyslu.“

Starfsmenn ræddu talsvert um það hlutverk sem börn alkóhólista lenda oft í, þ.e. að taka mikla ábyrgð og lenda í foreldrahlutverki gagnvart foreldrum sínum.

„Hún er komin með ábyrgð sem hún ræður ekkert við. Hún er í raun og veru í foreldrahlutverkinu, hún sem er barnið. Hún hefur ekki þroska til þess. Hún er ekki með bakgrunn eða þroska til að ráða við þetta.“

Nokkrir starfsmenn voru uppteknir af því að stúlkan yrði meðvirk og trú móður sinni, þannig að hún færi sjálf inn í að fela neysluna. Starfsmenn vildu fá upplýsingar um Kristínu úr skólanum og nokkrir starfsmenn vildu líka ræða við hana sjálfa.

Umræða varð um það hver ástæðan væri fyrir því að sum börn bjarga sér í ótrúlega vel í erfiðum aðstæðum. Ekki var vitnað í rannsóknir á þessu sviði heldur virtust vangaveltunnar frekar styðja það sjónarmið að ekki væri alltaf rétt að grípa inn í, e.t.v. myndi barnið bjarga sér.

4.5.6 Sýnin á foreldrana

Móðir

Móðirin í þessu máli varð mjög sýnileg og starfsmenn strax mjög neikvæðir í hennar garð, fannst hegðun hennar fyrir neðan allar hellur.

„Hún gleymir að sækja barnið.“

„Hún lyktar – alvarlegt þegar hún er með 7 mánaða gamalt barn.“

„Þetta er henni að kenna.“

Þessi neikvæða umræða um móðurina var þó ekki einhlít, því samtímis var athyglinni beint að ákveðnum styrkleikum og því að þessi móðir gæti tekist á við vanda sinn og þannig breytt aðstæðum barnsins.

„Það er náttúrulega ekkert sem afsakar það, sko. En það er hugsanlega hægt að hjálpa þessari mömmu og kannski meiri líkur á að einmitt sé hægt að hjálpa hennar frekar en þessari fötluðu mömmu.“

Margir starfsmenn ræddu um neysluna af ákveðnum skilningi og innsæi. Neyslan var talin sjúkdómur sem mikilvægt væri að taka á með því að móðirin færi í meðferð.

„Móðirin er náttúrulega veik.“

„Hún á bara að fara í meðferð þessi kona og við eigum að beita öllu því sem við getum beitt til að tryggja að hún geri það.“

Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir um möguleika móðurinnar til að taka á vandanum og breyta aðstæðunum, var líka að finna ákveðna svartsýni á að hún myndi í raun og vera gera það eða vilja breyta neyslu sinni.

Faðir

Mjög var horft til föðurins í þessu máli og nær allir starfsmenn vildu að faðir kæmi meira inn í líf Kristínar. Almennt viðhorf virtist vera að það væri jákvætt fyrir Kristínu og margir töldu að hún ætti að fara til hans, annaðhvort til fram-búðar eða á meðan móðir væri í meðferð. Litlar vangaveltur voru um á hvaða lagagrunni þessar aðgerðir myndu verða. Það að draga föður inn í málið strax í byrjun og skoða á hvern hátt hann myndi taka virkan þátt í að sinna dóttur sinni var líka talið vera ákveðin prófraun á raunverulegan vilja hans og getu.

„Þarna er kona sem greinilega á við áfengisvanda að stríða og kemur úr þannig umhverfi, að barnið er í gifurlegri hættu ef hann [faðirinn] er ekki dreginn inn strax, ítrekað við hann að fylgjast betur með þessu barni. Hann ber þessa ábyrgð. Þá er hugsanlegt að hann myndi bara grípa inn í. Það er þá líka sönnun fyrir því, ef hann gerir það ekki aftur, þegar eitthvað kemur upp á, þá er hann bara ekki nógu sterkur.“

Það sjónarmið kom einnig fram að þessir karlmenn væru svo uppteknir og gætu því ekki alltaf verið til staðar fyrir börn sín.

„Það eru talsvert mörg mál hérna, sem einkennast af þessu. Pabbar sem eru á sjó og geta ekki komið í land, sem er dálítið sérkennileg forgangsröðun, að sjálfsögðu. En skiljanlegt þegar maður horfir á efnahag og annað, að launin myndu hrapa niður í ekki neitt.“

Á einum stað komu fram sterkar efasemdir um vilja móður til að faðir kæmi meira inn í líf dótturinnar og að kanna þyrfti aðstæður hans.

„Mér finnst hann [faðir] fyrsti kostur, það er ekki spurning. En stundum gleymist það hjá þessum einstæðu mæðrum að skoða þessa pabba.“

4.5.7 Sérstaða í máli Kristínar

Sérstaða þessa máls í hugum starfsmanna er hversu skýrt sé hægt að benda á að vanrækslan sé móður að kenna og að hún hafi alla möguleika til að gera eitthvað til að breyta því.

„Það sem oft einkennir þessi neyslumál finnst mér, er vonin um að fólk rétti sig við. Vegna þess að það á að vera hægt og við vitum að það hefur gengið í ýmsum tilvikum. Þess vegna eru náttúrulega þessar skammtíma vistanir og skammtímaúrræði og fólk kemur til baka og fellur og þið vitið, allan þennan hring.“

„Sko, þarna sér maður kannski eitthvað, maður sér þarna kannski verkefni sem möguleiki er að leysa.“

Sumum starfsmönnum virtist þó finnast svona mál erfið, þar sem foreldrar í neyslu geta verið erfiðir í samstarfi og ekki tilbúnir til að horfa á áhrif neyslunnar á börnin og þörfina á að breyta aðstæðunum. Jafnframt eru þessir foreldrar oft meðvitaðir um sinn rétt og koma með ákveðnar kröfur.

„Það er mjög erfitt að eiga við þessa foreldra [sem eru í neyslu]. Þeir kæra okkur út og suður.“

Málið var á öllum stöðunum lagt fyrir strax á eftir máli Eiríks og því kann það að vera ástæða þess að oft var vitnað í það sem ólíkt er með þessum tveimur tegundum af málum.

Á einum stað sögðust starfsmenn ekki sjá mál af þessu tagi. Þetta vakti nokkra undrun rannsakanda, sem hélt að þetta væru ein af algengari málum sem barnaverndarstarfsmenn fást við, þ.e. mál þar sem foreldri er í neyslu. Aðspurðir um ástæðurnar fyrir því að svona mál kæmu ekki inn á borð barnaverndarnefndar á staðnum voru taldar að konur í áfengisvanda flyttu burt og skildu oft á tíðum börn sín eftir hjá foreldrum. Starfsmenn settu þó sjálfir spurningarmerki við að heyra ekki af svona málum og veltu því fyrir sér hvort að þau væru e.t.v. ekki tilkynnt.

5. kafli

Viðtöl við formenn nefndanna

Til að svara síðari rannsóknarspurningunni var rætt við formenn allra þeirra nefnda sem höfðu tekið þátt í fyrri hluta rannsóknarinnar. Formennirnir fengu senda spurningalista sem síðan voru ræddir og er að finna í viðhengi á bls. 140. Jafnframt var rætt við formann Barnaverndarráðs, en þangað gátu aðilar áfrýjað úrskurðum barnaverndarnefnda. Formennirnir ákváðu sjálfir hvort þeir vildu vera einir í viðtalinu eða hafa einhvern með sér. Fjórir formenn voru einir, en einn valdi að hafa með sér framkvæmdastjóra og lögfræðing. Formaður Barnaverndarráðs hafði með sér framkvæmdastjóra. Hvert viðtal tók um tvær klukkustundir, það var tekið upp á segulband og síðan afritað.

Spurningin sem reynt er að svara er:

Hvernig er málsmeðferðin og ákvörðunarferlið hjá þeim sem taka ákvarðanir um þvingun í barnaverndarmálum?

5.1 Skipan barnaverndarmála

Þessi hluti rannsóknarinnar er ólíkur þeim fyrri í því að erfiðara er að draga út þætti sem eru líkir eða ólíkir í löndunum þremur vegna þess að uppbygging barnaverndarkerfisins er mismunandi. Í Noregi eru það fylkisnefndir sem taka ákvörðun um þvinganir, svo sem þegar barn er tekið úr umsjá foreldra, umgengni í fósturmálum og forsjársviptingar. Fylkisnefndirnar eru stjórnarsýslunefndir, 12 í öllu landinu, og formenn þeirra eru lögfræðingar í fullum stöðum. Málin sem nefndirnar fjalla um eru aðallega mál á grundvelli laga um félagsþjónustu og barnavernd. Aðeins 1–2% málanna eru félagsþjónustumál (Falk og Havok, 2000). Málsmeðferðin líkist hefðbundinni dómsmeð-

ferð, þar sem aðilar, barnið ef það er orðið 15 ára, foreldrar og sveitarfélagið sem er að vinna barnaverndarmálið, mæta með lögmennt sína og vitnaleiðsla fer fram en málflytningur er munnlegur.

Í Danmörku taka stjórnarsýslunefndir ákvörðun um þvingun, „børne og unge-udvalget.“ Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar sem eru valdir úr hópi sveitarstjórnarmanna, af þeim sjálfum. Einn þeirra er jafnframt formaður, einn er héraðsdómari og einn sálfræðingur.

Þegar staða mála er skoðuð hér á Íslandi verður að hafa í huga að á þeim tíma sem efnisöflun og viðtöl fóru fram voru í gildi barnaverndarlög nr. 58 frá 1992. Skv. þeim voru það barnaverndarnefndir á hverjum stað sem tóku allar ákvarðanir í barnaverndarmálum, bæði hvað varðar stuðning í samvinnu við foreldra og þvingun. Ný lög tóku hins vegar gildi í júní 2002 þar sem þvingstu þvingunarákvæðin voru færð yfir til dómstóla.

Hluti af markmiðinu með viðtölunum við formenn var að safna upplýsingum um sjálft ákvörðunarferlið eins og það var á þeim tíma og geta svo í framtíðinni skoðað það og borið saman við það fyrirkomulag sem komst á með lögum nr. 80/2002.

Skv. lögum nr. 58/1992 var það hlutverk barnaverndarnefnda að fjalla um alla þætti barnaverndarmála. Í því fólst að taka við tilkynningum, taka ákvörðun um könnun, kanna mál, gera áætlun um meðferð máls, styðja barnið og fjölskylduna og ákvarða úrræði gegn vilja foreldranna ef vægari úrræði skiluðu ekki viðunandi árangri fyrir barnið eða ef barnið var talið í hættu. Barnaverndarnefnd var ætlað að ráða sérhæft starfslið til að sinna barnaverndarmálum. Nefndinni var heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka skv. reglum sem hún setti sér og síðan voru samþykktar af héraðsnefnd eða sveitarstjórn. Starfsmenn gátu þó aldrei fengið umboð til að taka ákvarðanir gegn vilja foreldra. Það í hve miklum mæli barnaverndarnefndirnar sjálfar komu að málum var því háð umboði starfsmanna og var mismunandi milli staða. Sums staðar var nefndin sjálf virk í umræðu um hvert einstakt skref í hverju máli, en nefndir á öðrum stöðum fjölluðu ef til vill eingöngu um mál þegar ekki náðist samstarf við foreldra um stuðningsúrræði sem talin voru nauðsynleg eða farið var að ræða þvingunarúrræði.

Árið 2001 fjölluðu barnaverndarnefndir landsins um málefni 3.767 barna. Í langflestum tilvikum tókst að ná samvinnu við foreldra og/eða barn um þær aðgerðir sem taldar voru nauðsynlegar fyrir barnið. Kveðnir voru upp 72 úrskurðir og vörðuðu þeir eftirfarandi atriði (Barnaverndarstofa, 2002):

Úrskurður um eftirlit með heimili:	24
Fyrirmæli um aðbúnað barns, meðferð o.fl.:	8
Börn tekin af heimili, kyrrsetning o.fl.:	14
Bann lagt við að farið væri með barn úr landi:	1
Forsjársvipting til frambúðar:	2
Umgengni fósturbarns við foreldra eða nákomna:	10
Úrskurður um að barn skyldi vera kyrrt í fóstri:	1
Úrskurður um dvalarstað barns:	12

Öllum úrskurðum barnaverndarnefnda um þvingun var hægt að áfrýja til Barnaverndarráðs. Jafnframt var hægt að vísa málum til dómstóla, en í þeim tilvikum sem það var gert, hafði Barnaverndarráð oftast fjallað um málið áður.

5.2 Mál sem barnaverndarnefndirnar fjalla um

Eins og áður hefur verið nefnt er það nefndanna sjálfra að ákveða hvaða umboð starfsmenn hafa til að vinna í barnaverndarmálum þar sem ekki er um þvingun að ræða. Hjá þeim nefndum sem þátt tóku í rannsókninni var þetta umboð mismunandi. Á fjórum af stöðunum höfðu starfsmenn umboð til að taka við tilkynningum, hefja rannsókn máls og beita þeim stuðningsúrræðum sem nauðsynleg voru talin. Þannig fengu nefndirnar sjálfar aðeins mál til meðferðar þar sem ekki hafði náðst samstarf við foreldra. Einn formannanna orðaði það svo:

„Það eru engar ákveðnar reglur um hvaða mál fara fyrir [nefnd], en það eru þvingunarmál, mál sem hafa verið lengi í gangi og þar sem samvinna er að bresta.“

Einn formaður sagði að ekki væru neinar ákveðnar reglur um hvenær starfsmenn ættu að leggja mál fyrir nefnd, en að það væri fyrst og fremst í þeim tilvikum þar sem spurning væri um að barn færi af heimili eða að talin væri þörf á að beita þvingun. Hjá annarri nefnd eru flest mál lögð fyrir strax og tilkynning berst eða að minnsta kosti rædd við formann í síma og öll mál sem eru könnuð eru lögð fyrir nefndina.

„Öll mál eru lögð fyrir nefnd, allavega til kynningar. Við metum hvað eigi að gera í framhaldi. Legg áherslu á að öll úrræði verði reynd. Aldrei síðan ég kom hefur þurft að meta hvort ætti að úrskurða. Veit ekki um þau mál sem nú eru í gangi.“

Nokkrir formenn töldu einnig að mál væru lögð fyrir nefnd til að gefa þeim meiri þunga og til að sýna alvarleika málsins. Þetta gerist aðallega þar sem starfsmenn telja samvinnu við foreldra tvísýna. Stundum er einnig talið mikilvægt að undirstrika að hér sé um opinber afskipti barnaverndarnefndar að ræða, en ekki persónulegt mál starfsmannsins sjálfs, nokkuð sem fjölskyldurnar virðast stundum upplifa, sérstaklega á litlum stöðum þar sem allir þekkjast.

„Man ekki eftir neinu tilviki þar sem ég eða aðrir nefndarmenn hafa verið ósáttir við tímamunktinn sem málið kemur fyrir. Í einstöku tilviki veltir maður því fyrir sér hvort málið hefði átt að koma fyrr, en það er mjög sjaldan og ekkert sem þírrar mann.“

Málin sjálf fjalla fyrst og fremst um vandamál foreldranna og getuleysi þeirra sem hefur leitt til vanrækslu. Önnur vandamál sem oft er fjallað um eru áfengis- og vímuefnavandi, geðrænir erfiðleikar, greindarskortur og fátækt.

„Þroskaheftir, getuleysi foreldra og neysla. Þau mál dúkka upp aftur og aftur og taka óhemju tíma.“

Í sumum tilvikum hafa börnin einnig orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi. Mál unglínganna eru þó oftast öðruvísi, því þar er ekki fjallað um vanda foreldranna, heldur unglínginn sjálfan og hegðun hans, sem þarf að gera eitthvað við og hjálpa. Formennirnir nefndu einnig ýmis mál er varða ólíkar hliðar fósturráðstafana, svo sem umgengni fósturbarns við kynforeldra og greiðslur til fósturforeldra.

Til að fá mynd af þeim málum sem nefndirnar fjalla um voru formennirnir beðnir um að segja frá fimm síðustu málunum. Aðeins ein nefnd af þeim fimm sem þátt tóku í rannsókninni hafði á þessum tíma tekið ákvarðanir um þvinga-

nir, en það var forsjársvipting þar sem foreldrar voru þroskaskertir, kyrrsetning í tilviki þar sem tryggja þurfti öryggi barns vegna gruns um að það hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi og úrskurðir er vörðuðu umgengni fósturbarns við kynforeldra sína. Hinar nefndirnar höfðu ekki tekið ákvörðun um þvingun á síðasta ári og einn formannanna hafði aldrei úrskurðað í barnaverndarmáli. Flest málin sem nefndirnar fengu til umfjöllunar vörðuðu stuðning, t.d. við þroskaskerta foreldra, ungling sem hafði verið yfirgefinn af foreldrum sínum, barn sem beitt hafði verið kynferðislegu ofbeldi og unga stúlku sem var illa farin eftir líkamlegt og andlegt ofbeldi og vanmáttuga foreldra sem þurftu stuðning. Þá hafði verið fjallað um ungling sem vista þurfti á stofnun og fósturmál.

„Eitt af þessum málum eru foreldrar sem leita hingað með ungling. Foreldrarnir eru duglegir, drengurinn fer á Stuðla og síðan á langtímameðferðarheimili í samvinnu við foreldra. Svo kom upp fyrir stuttu síðan að drengurinn hefur verið misnotaður kynferðislega einmitt á þeim tíma þegar erfiðleikar hans byrja. Nú sjáum við fram á að hann geti fengið rétta meðhöndlun en ferlið hefur tekið 4 ár.“

Allir formennirnir þar sem starfsmenn höfðu umboð til að kanna mál og koma með stuðningsúrræði töldu málin vel undirbúin þegar þau koma til kynningar í nefndinni og að fjölskyldurnar hefðu verið búnar að fá þann stuðning sem mögulegur væri. Á þeim stað þar sem öll mál eru lögð fyrir fund nefndarinnar voru fundirnir nýttir til að ræða hvers konar upplýsingar nefndin þyrfti að fá og hver næstu skref í málunum væru, auk þess að ræða hvaða stuðningsúrræði kæmu best að gagni. Einn formannanna nefndi mikilvægi þess að hafa lögfræðing starfandi og að með tilkomu hans hefði undirbúningur mála batnað.

„Ég finn verulegan mun eftir að lögfræðingur kom til starfa hjá nefndinni. Undirbúningur málanna hefur batnað verulega. Ef ég lít til baka, þá kom það fyrir að mál voru lögð fyrir nefndina á afskaplega þunnum ís. Þarna vinna náttúrulega félagsráðgjafar sem hafa ekki lögfræðipekkingu og höfðu ekkert „backup“ á þessum tíma. Þeir lögðu málin fyrir og vildu ganga lengra en lögin leyfðu. Ég sagði: Nei, þetta gengur ekki. Þetta kemur ekki fyrir lengur.“

Þrátt fyrir góðan undirbúning mála og að búið væri að beita þeim stuðningsúrræðum sem möguleg væru, töldu allir formennirnir að það gæti verið erfitt að meta hvað væri best fyrir barnið. Einn formaður taldi það standa sér fyrir þrifum að vera ekki löglærður og að hæstaréttardómar hefðu að undanförunu haft ákveðin áhrif á þær ákvarðanir sem teknar væru í nefndinni. Einn formaðurinn nefndi einnig að í þeim tilvikum sem beita þyrfti þvingun, þá væru allir nefndarmenn sammála. Þá var nefnt að stundum gæti verið erfitt að samræma það sem talið væri best fyrir barnið og þær áherslur sem væru í lög-
unum.

„Pólitískir fulltrúar eru settir í erfiða stöðu – þessi fyrirhyggjusemi sem er manni svo eiginleg. Þá stangast það sem maður veit innst inni að er það besta fyrir barnið, á við hænuskrefin samkvæmt barnaverndarlögunum. Já, maður er mjög oft í vafa.“

„Maður reynir að stilla sig inn á það að þær ákvarðanir sem teknar eru séu barninu fyrir bestu, reynir að víkja til hliðar öðrum sjónarmiðum eins og deilum foreldra, tilfinningatengslum og svona. Þetta er mjög vandmeðfarið og erfitt.“

Flestir formannanna töldu að það gæti verið erfitt að hafa alltaf skýra sýn á barnið sjálft, sérstaklega vegna þess að vandamálin eru oft samtvinnuð og flókin og að breyting hjá foreldri getur leitt til breytinga á umönnun barnsins. Þannig væri viss hætta á að nefndin horfði á foreldrana í staðinn fyrir barnið og fengi samúð með þeim.

„Það er kannski svolítill hætta á að maður gleymi barninu. Maður er að styrkja foreldrana og eflaust gæti það bitnað á barninu.“

„... ákveðin tilhneiging til að horfa á hagsmuni foreldra. Þarf að minna á að það eru hagsmunir barnsins sem eiga að ráða. Þetta er líklega oft eitthvað sem brýst um í nefndarmönnum. Það er tilhneiging til að vorkenna foreldrunum.“

Einn formannanna var þó ósammála þessu og taldi nefndina eingöngu horfa á barnið og það sem því væri fyrir bestu, án þess að láta þátt foreldranna trufla.

Í umræðunum kom skýrt fram að alls staðar var lögð áhersla á að reyna að tryggja að hagsmunir barnsins væru ráðandi. Þetta gerist m.a. með því að allar greinargerðir og önnur gögn væru skýr, vel unnin og faglega rökstudd. Þá var einnig talað um mikilvægi þess að gefa hverju máli tíma, vandamálin hefðu í flestum tilvikum verið að þróast í langan tíma og það væri ekki raunhæft að ætla að hægt væri að breyta þeim í einum hvelli.

5.3 Málsmeðferðin

Formennirnir töldu sig allir nota meiri tíma í hvert mál en aðrir nefndarmenn. Í sumum tilvikum er um að ræða að starfsmenn hafa samband á fyrri stigum málsins eða þegar verið er að undirbúa málið fyrir nefndina til að ræða ólíkar hliðar og jafnvel tillögur.

„Það er mjög misjafnt hvað fer langur tími í hvert mál. Oft eyðir maður dagóðum tíma í málin – ég kem stundum inn í mál á fyrri stigum líka. Það finnst mér gefast mjög vel að fá tækifæri til að setja mig inn í málið. Ég reyni oft að spyrja annarra spurninga en almennt er og jafnvel að vera svolítið aggressífur gagnvart starfsmönnum, þannig að allt sé ekki bara tekið sjálfgefið og þannig fá rök fyrir því sem sagt er. Stundum spyrja svolítið fyrir hönd aðilanna. Mikilvægt er að nefndin skoði málið vel þó svo að starfsmönnum finnist málið í ákveðnu ferli. Nefndin þarf að spyrja um aðalatriðin og vera viss um sína afstöðu áður en ákvörðun er tekin.“

Undirbúningur hvers máls tekur mislangan tíma. Stundum er um að ræða mál sem nefndin hefur aldrei áður fjallað um þannig að kynna þarf málið frá byrjun. Í öðrum tilvikum hefur nefndin fjallað um málið á mörgum fundum, þekkir bakgrunn þess og aðstæður barnsins og tíminn fer í að ræða þær breytingar sem orðið hafa frá því síðast var fjallað um það. Á þeim stað þar sem eingöngu er fjallað um þvingunarmál er málið kynnt á fundi þar sem foreldrar mæta einnig og leggja fram sín sjónarmið. Á fundinum verður gjarnan til ákveðin lausn um næstu skref sem allir eru sammála um að reyna og fjöl-skyldan og barnaverndarstarfsmaðurinn fá þá ákveðinn tíma til að láta reyna á

lausnina áður en fjallað er um málið að nýju hjá nefndinni. Þannig getur nefndin fjallað um sama málið í mörg skipti. Á einum stað var talið að það tæki um tvær vikur að undirbúa úrskurðinn (ákvörðunina um þvingun) eftir að nefndin væri orðin sammála um að það væri eina leiðin sem hægt væri að fara. Mjög erfitt væri að segja eitthvað um hve langan tíma hvert mál tæki hjá nefndinni sem fjallar um öll mál alveg frá því könnun hefst. Allar nefndirnar hafa mörg mál til umfjöllunar á hverjum fundi.

Á barnaverndarfundinum sitja oftast allmargir sem taka þátt í umræðum um hvert mál. Fyrst ber að nefna nefndarmennina fimm, og þeir taka síðan hina endanlegu ákvörðun. Barnaverndarstarfsmaðurinn sem er með málið kynnir það, oftast situr félagsmálastjóri og/eða deildarstjóri sem fer með þennan málaflökk fundinn og lögfræðingur nefndarinnar á þeim stöðum sem hann er. Þá er aðilunum sjálfum boðið að mæta, mögulega með sinn lögmann, og talsmanni barnsins í þeim tilvikum sem við á.

Það hefur oft verið gagnrýnt að erfitt sé að sjá barnið sjálft og þarfir þess í þeim gögnum sem barnaverndarnefnd hefur. Þegar formennirnir voru spurðir um þetta, töldu þeir að það væri ekki reyndin. Einn formannanna upplýsti að verið væri að gera átak í því að láta barnið sjálft sjást betur í öllu ferlinu. Á tveimur stöðum var lögð áhersla á að barn sem orðið væri 12 ára fengi alltaf talsmann, og að það gæti líka gerst þó barnið hefði ekki náð þeim aldri. Formennirnir töldu að með því að skipa barninu talsmann heyrðist rödd þess betur og nefndin fengi skýrari mynd af sjónarmiðum þess. Á minni stöðunum nefndu formennirnir líka að þeir þekktu oft þessa krakka, t.d. úr vinnu sinni í skólum.

Önnur leið til að sjá barnið skýrar er að barnið mæti á fund nefndarinnar en það hafði gerst hjá þremur nefndanna. Oftast mætir barnið með talsmanni, en það getur líka komið með foreldri/foreldrum eða öðrum sem það þekkir. Ein nefndin hafði aldrei fengið börnin inn á fund til sín og upplýsti að starfsmennirnir væru þeir einu sem ræða við þau. Einn formannanna hafði aldrei fengið barn inn á fund til sín, en hafði rætt við barnið í einrúmi.

Hér þarf að hafa í huga að nefndirnar eru að fjalla um mjög mismunandi mál. Stundum er um að ræða mál sem leiða til þess að tekin er ákvörðun um að beita barnið og/eða foreldra þvingun og þá skiptir það miklu að sjónarmið barnsins komi fram, hugmyndir þess og óskir. Í öðrum tilvikum er nefndin að

fjalla um hver næstu skref í málinu eigi að vera, eins og t.d. að mælast til þess við foreldri að það leiti sér meðferðar og sjónarmið barnsins eru þá ekki eins mikilvæg á þeim tímamarki.

Auk foreldra og barna koma ættingjar stundum á fund nefndarinnar. Oftast er um að ræða afa og ömmur sem koma fyrst og fremst til að veita foreldrunum stuðning. Hjá einni nefndinni mæta sérfræðingar stundum, en þó er algengara að þeir sendi aðeins skýrslur um afmörkuð atriði. Ein nefndin hafði aldrei fengið foreldra, börn eða ættingja inn á fund.

Sálfræðiskýrslur um börn og/eða foreldra skipta oft miklu máli þegar verið er að taka ákvörðun um næstu skref. Starfsmennirnir nota oft á tíðum niðurstöður úr þannig skýrslum í sínar greinargerðir til að rökstyðja þær tillögur sem gerðar eru um stuðning. Það sama má segja um skýrslur frá talsmönnum sem gefa skýrari mynd af sjónarmiðum barnsins en áður hafa legið fyrir. Formennirnir telja því þessar skýrslur gefa fyllri mynd af barninu og þörfum þess og möguleikum foreldranna til að mæta þeim. Sérfræðingarnir eru oftast valdir af starfsmönnum, en í einhverjum tilvikum geta foreldrar haft áhrif á hver er valinn.

Á einum stað var nefnt að starfsmennirnir sem flestir eru félagsráðgjafar treysti ekki nægjanlega eigin mati og óski þess vegna eftir sálfræðiathugunum sem þeir síðan nota til að rökstyðja tillögur sínar.

Ein af þeim breytingum sem orðið hafa á vinnslu barnaverndarmála á undanförunum árum er sú aukna áhersla sem lögð hefur verið á málsmeðferðina sjálfa. Eitt af markmiðunum með nýjum lögum árið 1992 og einnig árið 2002 var að auka réttaröryggi aðila í málinu, auk þess sem stjórnsýslulög o.fl. hafa ýtt undir þessa þróun. Þessi sama þróun hefur einnig átt sér stað annars staðar á Norðurlöndunum og í Noregi hefur verið talsvert rætt um hvort þessi aukna áhersla á lagalegu hlið málanna hafi leitt til þess að minna sé nú horft á félags- og sálfræðilega þætti, eins og þroska barnsins og þarfir þess. Þegar formennirnir voru spurðir að þessu, töldu þeir allir að gott jafnvægi væri á milli þessara þátta og að starfsmennirnir væru vel meðvitaðir um lögin og þá ramma sem þau setja.

„Mér finnst ekki slagsíða og lögfræðipátturinn tekur ekki mikinn tíma eða pláss. Almennu eru lögmennirnir góðir og

málefnalegir og þáttur þeirra verður ekki til þess að lengja þann tíma sem fer í að fjalla um málið.“

Formennirnir töldu mikilvægt að hafa lögfræðing í hópi starfsmanna. Nokkrir töldu þó ákveðna hættu á að meiri áhersla yrði lögð á lagalegar hliðar málanna í framtíðinni þegar hluti af ákvörðunarvaldinu fer til dómstóla, þar sem dómstólar væru ekki vanir að fjalla um barnaverndarmál og það tæki tíma að læra á þann málaflökk og þau vandamál sem þar er fjallað um.

„Ég er sjálfur mjög hræddur um að það taki okkur fjölmörg ár að laga málsmeðferð fyrir dómstólunum þannig að allir megi vel við una. Að leggja þetta vald til lögmanna að leggja fram þau gögn sem þeir velja og eina markmiðið sé að þjóna hagsmunum skjólstæðingsins. Ég óttast að hagsmunir barnsins gleymist.“

Aðrir töldu dómstólana hafa ákveðna þjálfun í að fjalla um málefni barna, þar sem þeir hafa haft forsjármálin til úrlausnar í alllangan tíma. Í þeim málum er oftast óskað eftir aðstoð sérfræðinga og það myndi líklega gerast í barnaverndarmálunum líka.

5.4 Fundir barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögunum er ekki að finna miklar leiðbeiningar um hverjir eigi að sitja í barnaverndarnefnd. Þar segir aðeins að nefndin skuli skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum og skuli að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleika og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í nefndina þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna (Barnaverndarlög nr. 58/1992). Hjá þeim fimm nefndum sem þátt tóku í rannsókninni voru fjórir formenn lögfræðingar, þar af einn dómari og einn leikskólakennari. Bakgrunnur annarra nefndarmanna var mjög mismunandi, en margir höfðu reynslu af vinnu með börnum og sérstaka þekkingu á aðstæðum þeirra. Þannig sátu í nefndunum sálfræðingur, nokkrir kennarar og lögfræðingur. Einnig voru þar eftirlaunaþegar og fólk með reynslu af félags- og sveitarstjórnarmálum. Aldur nefndarmanna var einnig mjög breytilegur, en fáir voru mjög ungir. 17 konur sátu í þessum fimm barnaverndarnefndum og 8 karlar. 2 formannanna voru karlar og 3 konur.

Samkvæmt barnaverndarlögum var sveitarstjórn heimilt að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd) störf barnaverndarnefndar (Barnaverndarlög nr. 58/1992). Þetta felur í sér að nefndirnar eru að fjalla um fleiri málaflokka, svo sem fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, heimilishjálp og fleira. Af þeim nefndum sem tóku þátt í rannsókninni voru þrjár „hreinar” barnaverndarnefndir, þ.e. fjölluðu ekki um aðra málaflokka. Þessar nefndir tóku heldur ekki þátt í fjárlagagerð sveitarfélagsins og komu þannig ekki með tillögur um breytingar á fjárhagsramma barnaverndarmála, né komu með hugmyndir um ný eða breytt stuðningsúrræði. Í einni nefndinni áttu þrjár nefndarmanna jafnframt sæti í félagsmálanefndinni og höfðu þar möguleika á að koma með tillögur er vörðuðu barnaverndarnefndina. Ein nefndin fjallaði einnig um félagsþjónustumál og vann að fjárhagsáætlun fyrir báða málaflokkana. Ein nefndin fjallaði auk barnaverndarmála um öryggismál barna í sveitarfélaginu og dagmæður, en nefndin kom ekki með tillögur varðandi fjárhagsáætlun.

Hjá öllum nefndunum fóru fundirnir fram í fundarsal barnaverndarnefndanna. Allir nefndarmenn höfðu sín ákveðnu sæti. Formaður situr við enda borðsins og aðilar málsins á móti. Hjá flestum nefndunum var lögð áhersla á að taka á móti aðilum málsins fyrir utan fundarsalinn. Boðið er upp á kaffi á fundinum þannig að hann verður ekki eins formlegur, þó svo að fylgt sé ákveðinni dagskrá sem er skrifleg og undirbúin fyrir fundinn.

Formaður stjórnar fundinum en nefndarmenn fá greinargerðir og öll gögn fyrirfram þannig að þeir hafa möguleika á að undirbúa sig. Á einum staðnum voru gögn þó ekki kynnt fyrr en á sjálfum fundinum.

Þegar mál er tekið fyrir fylgir starfsmaður því úr hlaði með munnlegum upplýsingum. Það er dálítið mismunandi hvort starfsmaður er til staðar allan tímann á meðan fjallað er um málið eða aðeins á meðan málið er kynnt.

Á þeim fjórum stöðum þar sem aðilar hafa mætt á fundi fá þeir öll gögn málsins fyrirfram og vita hvaða tillögur starfsmenn hafa. Þeir fá síðan tækifæri til að kynna sín sjónarmið og gera athugasemdir við þau gögn sem nefndin hefur. Ef um þvingunarmál er að ræða eiga aðilarnir kost á liðsinni lögmanns. Nefndarmenn fá þá einnig tækifæri til að spyrja aðilana nánar út í einstök atriði málsins eða afstöðu þeirra og reynt er að ná samvinnu um hvaða skref rétt sé að taka næst í málinu. Foreldrar og lögmaður þeirra yfirgefa síðan fund-

inn. Þegar barnið mætir sjálf er ferillinn sá sami og einnig ef aðrir mæta á fundinn, svo sem sérfræðingar.

Eftir að aðilar málsins og aðrir eru farnir, er málið rætt áfram og ákvörðun tekin.

„Það fer töluverður tími í umræður á fundinum. Formaður hefur smá inngang og síðan spyr hann nefndarmenn og starfsmenn. Almenn er þetta fólk sem hefur ákveðna reynslu og þekkingu, ýmist af meðferð stjórnáslumála eða kemur úr þeim geira sem tengist börnum.“

Oftast er ákvörðunin samhljóða, en þegar það er ekki, er það oftast á grundvelli þátta eins og kynferðis nefndarmanna en ekki pólitískrar flokksstefnu (nefndarmenn eru skipaðir af pólitískum flokkum eftir sveitarstjórnarkosningar).

Aðilar málsins fá niðurstöðuna einum eða tveimur dögum eftir fundinn. Fjórar nefndir lögðu áherslu á skrifleg svör, en einnig kom fram að aðilar gætu fengið niðurstöðurnar munnlega daginn eftir fund. Á einum stað eru niðurstöður eingöngu kynntar munnlega, en það var sá staður sem aldrei hafði tekið ákvörðun um þvingun.

Það er ekki sjálfgefið að nefndin viti hvað gerist í málinu eftir að ákvörðun hefur verið tekin eða hvernig ákvörðuninni hefur verið framfylgt. Í þeim tilvikum sem nefndin fær þessar upplýsingar, er það oftast vegna þess að málið kemur til hennar aftur og þá undir öðrum formerkjum, eins og t.d. ef finna á barninu fósturheimili eftir að nefndin hefur svipt foreldra forsjá.

Formennirnir töldu allir að þegar foreldrar eru sviptir forsjá, sé málinu áfrýjað til Barnaverndarráðs. Það er hins vegar ekki alltaf raunin í öðrum úrskurðarmálum, eins og þegar úrskurðað er um umgengni fósturbarns við kynforeldra.

Niðurstaða Barnaverndarráðs hefur í flestum tilvikum verið samhljóða úrskurði nefndanna, þó að stundum hafi einstökum atriðum verið hafnað.

Tiltölulega fá barnaverndarmál fara fyrir dómstóla, en þeir hafa einnig í flestum tilvikum staðfest fyrri ákvarðanir.

5.5 Nokkrar vangaveltur formanna

„Ég er mjög ánægður með störf nefndarinnar og hvernig fólk hefur þar valist í nefnd á þessu kjörtímabili. Þetta er mikið fagfólk. Það hefur ekki alltaf verið svoleiðis. Það var til langs tíma þannig að barnaverndarnefnd var álitin eins konar afgangsnefnd og þar væri sett fólk sem ekki væri hægt að setja í aðrar nefndir. Þetta hefur breyst.“

„Mér hefur fundist þetta fara batnandi og er þokkalega sátt í dag. Þetta hefur stórbatnað eftir að búið er að rjúfa þetta frá þessu félagslega. Þetta er markvissara og ég sé fókusinn skýrari. Vel haldið utan um þetta og allir starfsmennirnir eru bara að vinna í þessu.“

„Ég hef þennan bakgrunn að vera lögmaður og hafa þekkt þennan málaflökk áður, þannig að það að koma inn hefur ekki komið mér svo á óvart. Hafði unnið sem lögreglumaður og hafði þá kynnst ákveðnum hlutum. Það sem þó kom á óvart er hvað þetta eru erfið mál og að þeir sem sinna þessu þurfa að hafa sterkan karakter. Við höfum verið heppin með það. Það þarf að vanda til starfsmannahaldsins. Heftin getur orðið svo mikil og orðið erfitt að höndla.“

5.6 Barnaverndarráð

Í barnaverndarlögunum frá 1992 var kveðið á um hvaða málum hægt væri að áfrýja til Barnaverndarráðs. Þar var fyrst og fremst um að ræða mál þar sem barnaverndarnefndir höfðu kveðið upp úrskurð gegn vilja foreldra, svo sem um forsjárviptingu eða umgengni við barn í fóstri. Flest málín vörðuðu umgengni barns í fóstri við kynforeldra eða 44% og 28% málanna vörðuðu forsjárviptingar. Önnur mál voru vegna tóku barns af heimili, og eins kom fyrir að málum væri vísað aftur til nefndar og var endurupptökum hafnað í vissum tilvikum (Barnaverndarráð, 2001).

Árið 2001 kváðu barnaverndarnefndir landsins alls upp 72 úrskurði. Á sama tíma fékk Barnaverndarráð 17 ný mál til meðferðar. Nokkuð misjafnt er

hvaðan málin koma. Árið 2001 kom 31% málanna frá Reykjavík, 15% frá nágrenni Reykjavíkur, 39% utan af landi frá stöðum með fleiri en 1000 íbúa og 15% frá stöðum með færri en 1000 íbúa (Barnaverndarráð, 2001).

Algengustu vandamálin sem leitt höfðu til þess að barnaverndarnefnd hafði kveðið upp úrskurð og honum síðan verið skotið til Barnaverndarráðs voru tengd foreldrunum, svo sem áfengis- og vímuefnaneysla, vanræksla, alvarleg geðveila og mikill greindarskortur.

Formaður taldi málin misvel unnin. Sumar nefndir höfðu greinilega verið búnar að reyna allar leiðir með stuðning áður en til forsjársviptingar kom, á meðan aðrar nefndir virtust lítið hafa gert áður en gripið var til þvingunarráðstafana.

Formaður taldi að miklu skipti að málið væri vel unnið af hálfu barnaverndarnefnda og ef svo væri, væri mun auðveldara að komast að niðurstöðu um hvað best væri fyrir börnin hverju sinni.

Barnaverndarráð hafði 6 mánuði til að vinna hvert mál og mesti tíminn fór yfirleitt í að safna gögnum, svo sem að fá álit frá sérfræðingum. Algengasti vinnslutími var 2–3 mánuðir.

Fulltrúar í Barnaverndarráði voru 3 og starfsmenn tveir. Aðilar málsins, foreldrarnir, höfðu nær undantekningarlaust lögmann með sér. Fósturforeldrar voru stundum með lögmann, en fengu ekki alltaf greiddan þann kostnað.

Málflutningur var allur skriflegur, en aðilar og lögmenn þeirra, og einnig stundum börnin sjálf, komu á fund ráðsins og gafst færi á að reifa sjónarmið sín.

Börnin mættu stundum sjálf á fund ráðsins auk þess sem starfsmaður ráðsins talaði oft við þau. Þegar ekki lá fyrir álit sérfræðinga í málinu var óskað eftir því. Ráðið skipaði barni stundum talsmann.

Það var sjaldgæft að aðrir en foreldrar, og stundum barnið sjálft, mættu á fund ráðsins. Það kæmi fyrir að foreldrar hefðu með sér ættingja til halds og trausts, en það væri ekki að frumkvæði ráðsins.

Formaður taldi að þau gögn sem skiptu mestu máli væru skýrslur sem unnar væru af einhverjum sem aldrei hefðu komið nálægt málinu áður og væru þannig hlutlausar. Nokkurt jafnvægi var á milli lögfræðilegra og félags-/sálfræðilegra þátta í málflutningi.

Erfiðustu málin voru þau þar sem barnið sjálft hafði skýran vilja, t.d. að vilja vera áfram hjá foreldrum, en vitað var að óskir þess gengju ekki upp.

Ákvörðun ráðsins var yfirleitt samhljóða.

Barnaverndarráð fékk sjaldnast vitneskju um hvernig framkvæmd ákvörðunar tókst eða hvað gerðist næst í málum, nema því aðeins ef það kom aftur til ráðsins og þá með öðrum formerkjum, svo sem vegna umgengni barnsins, sem þá var komið í fóstur, við kynforeldra sína.

Ráðið fékk heldur ekki upplýsingar um hvort málinu væri skotið til dómstóla. Þó óskuðu dómstólarnir oftast nær eftir gögnum frá ráðinu þegar um var að ræða mál frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og þannig fékkst vitneskja um að því hefði verið skotið áfram.

Héraðsdómur hafði í nokkrum tilvikum breytt niðurstöðum Barnaverndarráðs, en ákvörðun ráðsins var þá staðfest í Hæstarétti.

Í barnaverndarlögnum var kveðið á um að formaður skyldi fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn voru barnalæknir og sálfræðingur. Starfsmenn ráðsins voru lögfræðingur og sálfræðingur.

Fundir Barnaverndarráðs voru haldnir á skrifstofu ráðsins í fremur litlu fundarherbergi. Starfsmaður tók á móti aðilum þegar þeir komu og boðið var upp á kaffi á fundinum sjálfum. Formaður sat við enda borðsins og stýrði fundinum. Dagskrá var skrifleg. Lögmenn aðila kusu stundum að flytja málið, en ráðið sjálft lagði áherslu á spjall og óformlegar umræður. Mestur tími fundarins fór í að ræða við aðilana.

6. kafli

Umræður

6. 1. Áhersla á vistun eykst eftir því sem vandi barnsins vex og verður langvarandi

Ef litið er á fyrri rannsóknarspurninguna um rök og forsendur starfsmanna fyrir því að styðja barn heima eða utan heimilis sést að í öllum þeim málum sem lögð voru fyrir veltu starfsmenn fyrir sér hvort leggja ætti til að barnið færi af heimilinu. Þegar skoðað er hvenær spurning um vistun vaknar sést að í þeim málum sem hér voru skoðuð er hugsunin um vistun fjarlæg í upphafi. Börnin eru þá ung og starfsmaðurinn að kynnast málinu og öll áhersla er lögð á að styðja barnið og fjölskylduna heima. Á seinni stigum málanna eru vanda-málin meiri, börnin eldri og stuðningsaðgerðir hafa ekki skilað nægilegum breytingum fyrir börnin og það er þá sem starfsmennirnir fara að skoða hvort rétt sé að börnin fari að heiman. Fjöldi þeirra starfsmanna sem leggur það til er þó breytilegur í málunum. Þannig leggja 7 af 22 starfsmönnum til að barn sem orðið er 10 ára og býr hjá þroskaheftri móður sinni fari að heiman, en 16 leggja til að unglingur sem sýnir af sér ofbeldishegðun verði tekinn af heimilinu. Í máli þar sem tvíburar sem orðnir eru 7 ára og búa við ákveðna vanrækslu hjá foreldrum sínum leggja 8 starfsmanna til að þeir verði studdir utan heimilis á meðan mál 6 ára stúlku sem býr hjá drykkjusjúkri móður fær 15 starfsmanna til að leggja til að hún fari af heimilinu.

Rök starfsmanna fyrir því að styðja börnin utan heimilis má flokka í þrennt: stuðningur sem var veittur hefur ekki skilað árangri, foreldrar ráða ekki við vandann og börnin þurfa að komast í annað umhverfi og kynnast öðrum aðstæðum. Frekar er lagt til að yngri börnin fari í fóstur og það fer eftir vanda foreldranna hvort verið er að hugsa um tímabundið eða varanlegt fóstur.

Þannig er frekar lagt til tímabundið fóstur fyrir barn þar sem vandi foreldris er áfengisneysla en hins vegar er hugsað um varanlegt fóstur þar sem vandinn tengist þroskahömlun foreldrisins eða vanrækslu. Öðru máli gegnir um unglinginn sem farinn er að sýna ofbeldi, starfsmenn leggja undantekningarlítið til að hann fari á meðferðarstofnun.

Í umræðum og vangaveltum starfsmanna um hvers konar stuðning eigi að bjóða barninu og fjölskyldunni kemur mjög sjaldan fram efi um að afskipti barnaverndarnefndar og stuðningur séu af hinu góða og að barnið og fjölskyldan muni græða á afskiptunum. Þetta kann að stafa af því að verkefni sem starfsmenn höfðu til úrlausnar var að taka þátt í rannsókn sem fjallaði um að leysa barnaverndarmál, en undirstrikar ef til vill líka þá trú sem starfsmenn hafa á að barnaverndarkerfið geti aðstoðað þessi börn. Þegar spurt var um hvort starfsmenn vísuðu til rannsókna og faglegra kenninga í rökstuðningi fyrir tillögum sínum í greinargerðum var svarið alls staðar neitandi og skapaði umræðu um vinnuálag og skort á tíma til lestrar.

Enn liggja ekki fyrir viðamiklar rannsóknir hér á landi á því hvernig börnum í fóstur reiðir af eða hvað það er sem gerir fósturráðstöfun að góðri eða slæmri lausn fyrir börn. Í könnun sem gerð var á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar á afdrifum barna sem farið höfðu í fóstur á árunum 1971–1987 (Sigríður Jónsdóttir, 1993) kom m.a. fram að líkurnar á því að fóstur rofni aukast eftir því sem börnin eru eldri þegar þau fara í fóstur. Í nýlegri könnun sem Gallup gerði fyrir Barnaverndarstofu árið 2001 kemur fram að 93% þeirra fósturbarna sem rætt var við töldu sér líða betur nú en þegar þau fóru í fóstur og 89% telja að þau væru verr stödd nú ef þau hefðu ekki farið í fóstur. Einnig kom fram að fósturbörnin sem þátt tóku í rannsókninni töldu það jávæðasta við að fara í fóstur vera tækifæri til betra lífs og þau hefi fengið ástúð, öryggi og umönnun. Neikvæðustu þættina töldu þau vera að missa samband við kynforeldra, aðskilnaðinn og að kynnast ekki kynættingjum.

Þær fáu athuganir sem gerðar hafa verið hér á landi á starfi meðferðarheimila og reynslu unglínganna sjálfra benda til að oft er ávinningur dvalarinnar mikill. Á einum stað kom líka fram að unglíngarnir fóru langoftast heim aftur að lokinni dvöl (Sigurlína Davíðsdóttir, 1999).

6.2 Mismunandi mat starfsmanna á vali stuðningsúrreæða

Stærsti hluti starfsmanna er sammála í mati sínu á því að um barnaverndarmál

sé að ræða og að þörf sé á stuðningi. Hins vegar er matið á því hvort þörf sé á vistun eða ekki mismunandi. Í fjórum af þeim málum sem fjallað var um voru hugmyndir starfsmanna mjög breytilegar á meðan meiri samsvörun var í máli unglingsins. Afleiðingin af þessu getur verið að það hvaða starfsmaður sinnir máli barnsins og fjölskyldu þess getur skipt miklu máli. Starfsmaður A getur lagt áherslu á stuðning og ráðgjöf fyrir heimilið á meðan starfsmaður B leggur höfuðáherslu á að barnið fari af heimilinu.

Í barnaverndarlögum er ekki að finna nákvæma skilgreiningu á því hvað er barnaverndarmál. Markmið laganna er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð og þessi atriði eru síðan undirstrikuð í lagaákvæðum um tilkynningarskyldu. Í Handbók Barnaverndarstofu, sem gefin var út með eldri lögum, er ekki að finna neinar skýrari skilgreiningar. Hvenær aðstæður eru óviðunandi eða hvenær beri að hefja könnun verður því að meta í hverju einstöku tilviki. Í þessari rannsókn kom fram að á öllum þeim stöðum sem þátt tóku var talið mikilvægt að nýta starfshópin og svokallaða meðferðarfundi til að ræða þau mál sem verið var að vinna með og þannig fá fram sjónarmið og víðtækara mat. Starfsmenn höfðu ekki gátlista til að styðjast við þegar málin voru metin. Í umræðum starfsmanna um málin var áberandi að mikil virðing ríkir fyrir mismunandi mati og skoðunum og starfsmenn töluðu aldrei um einhver atriði sem rétt að röng.

Bæði hér á landi og erlendis hefur verið mikil umræða um það á hvern hátt skilgreina skuli barnaverndarmál, hvort skilgreina skuli þau eingöngu út frá hugmyndum um að vernda börnin gegn ofbeldi og alvarlegri vanrækslu eða hvort skilgreina eigi málefni barna víðara og þá út frá rétti þeirra á ákveðinni vernd. Nigel Parton (1997) hefur bent á ákveðna spennu milli þessara ólíku stefna þar sem sú síðari leggur áherslu á samvinnu við börn og foreldra og þátttöku þeirra í að vinna að velferð barnsins á meðan sú fyrri leggur meiri áherslu á inngríp hins opinbera inn í líf fjölskyldna.

Hið ólíka mat á vali stuðningsúrræða lýsir vel þeim þætti barnaverndarstarfsins sem felur í sér að stöðugt er verið að skoða aðstæður barna út frá ólíkum forsendum, þar sem engin tvö börn búa við algjörlega sambærilegar aðstæður. Sjaldnast eru starfsmenn að sinna málefnum barna sem eru í bráðri hættu heldur eru aðstæðurnar litaðar af ákveðnum, langvarandi vandamálum, en þar sem einnig er að finna styrkleika, ekki síst af tengslum barnanna við sína nán-

ustu. Þegar um er að ræða yngri börnin er oftast nær um vanrækslu af einhverju tagi að ræða, á meðan meira er horft á hegðun unglunga og afleiðingar hennar, þó svo að sú hegðun kunni að vera afleiðing vanrækslu sem unglingurinn býr eða hefur búið við. Við mat á vanrækslunni og afleiðingum hennar kom fram ákveðið ööryggi. Vanrækslan virtist skilgreind út frá sýnilegum og áþreifanlegum einkennum eins og að börnin fái ekki heyrnartæki, hugtakaþekking sé slök eða barn sé skilið eftir án eftirlits frekar en þekkingu á þroskasálfræði, tengslamyndun og öðrum atriðum sem ekki eru jafn sýnileg.

Þessi niðurstaða er í samræmi við ýmsar erlendar rannsóknir sem hafa sýnt að erfitt er að meta hvenær um vanrækslu sé að ræða. Ástæðurnar eru margar, eins og t.d. hvað telst viðunandi umönnun og hversu gildishlaðið hugtakið vanræksla er. Í vinnu með vanrækslu sakna starfsmenn þess oft að hafa ekki eitthvað eitt ákveðið atriði sem hægt er að benda á, eins og gjarnan er í málum þar sem líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi hefur verið beitt, á meðan vanrækslan er oftast langvarandi, krefst vinnu yfir langan tíma og afleiðingar vanrækslunnar koma ekki endilega í ljós strax. Barnaverndarstarfsmennirnir sem eru í sambandi við fjölskylduna í marga mánuði og jafnvel ár, geta líka „dregist inn í“ vonleysi og hjálparleysi fjölskyldunnar og vanrækslan verður hluti af umhverfinu sem þeir hætta að bregðast við (Tanner og Turner, 2003). Hjá starfsmönnum sem stanslaust eru að takast á við erfið barnaverndarmál er líka hætt á að þroskuldurinn gagnvart vandamálunum hækki, og það sem áður var skilgreint sem vanræksla sé það ekki lengur og því sé ekki brugðist við. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að vanræksla af ólíku tagi, svo sem höfnun og afskiptaleysi, getur haft alveg jafn alvarlegar afleiðingar fyrir barn og líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi (Lagerberg, 2001; Dartington, 1995).

Eileen Munro (1999) hefur fjallað um að mat barnaverndarstarfsmanna byggist oft í reynd á innsæisrökum (intuitive reasoning) fremur en greinandi rökum (analytic reasoning). Í því felst að í stað þess að greina málin út frá meðvituðu og rökföstu ferli er notað „hugrænt ferli“ sem leiðir til svara, lausna og hugmynda án meðvitaðs, rökfasts ferils. Einn veikleiki innsæisraka er að þeim hættir til að hallast í átt að því sem er sýnilegast, handfast, tilfinningalegt og annaðhvort það fyrsta eða það nýjasta. Munro bendir á að góðar skýrslur og „tékklistar“ geti verið mikilvæg hjálpartæki til að fá skýrari mynd og hjálpa til við að horfa á atriði sem annars myndi verða litið framhjá.

Skilgreiningar á barnaverndarmálum og mat á stöðu barnanna, og því hvort

umönnun þeirra og aðbúnaður sé viðunandi eða geti haft skaðleg áhrif á þau, sem e.t.v. er ekki hægt að greina fyrr en í framtíðinni, er verkefni sem krefst mikillar þekkingar og markvissra vinnubragða. Lagerberg og Sundelin (2000) benda á að rannsóknarniðurstöður virðast sýna að ólíkir faghópar, svo sem félagsráðgjafar, starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, sálfræðingar og lögfræðingar, hafi ólík viðhorf til þess hvað sé börnum skaðlegt. Sjóarmiðin eru jafnvel ólík milli einstaklinga innan sama faghóps. Niðurstöður í rannsókninni hér eru því samhljóða öðrum rannsóknum og undirstrika nauðsyn þess að starfsmenn í barnavernd hafi góða menntun og þekkingu á grundvallarþörfum og þroska barna, áhættuþáttum í umhverfi þeirra og hvernig megi bæta aðbúnað þeirra sem ekki búa við nauðsynlegt öryggi og atlæti.

6.3 Sýnileiki barnsins

Í þessari rannsókn kom fram að tiltölulega lítil áhersla var lögð á að tala við börnin sjálf heldur var leitað upplýsinga um þau hjá öðrum aðilum sem taldir voru þekktja þau eða vita meira um þau, svo sem foreldrar og kennarar.

Lögin leggja áherslu á að rætt sé við börn sem orðin eru 12 ára þegar verið er að fjalla um mál þeirra og að meta skuli hvort börnunum er skipaður talsmaður eða ekki. Hugmyndin að baki talsmanni í lögunum var að rödd barnsins heyrðist gegnum einhvern aðila sem ekki væri jafnframt að tryggja að önnur sjónarmið, s.s. foreldra, heyrðust. Starfsmennirnir í þessari rannsókn höfðu mjög ólíkar skoðanir á því hvort og þá hvenær ætti að skipa barninu talsmann. Sumir töldu sig vera þann talsmann sem barnið þyrfti og aðeins á einum stað kom fram að sérstök stefna væri ríkjandi og að öllum börnum sem orðin væru 12 ára væri skipaður talsmaður.

Það hversu tiltölulega sjaldan starfsmenn minnst á að tala sjálfir við börnin er nokkuð í samræmi við niðurstöður ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið á því hvort barnaverndarstarfsmenn tali við börnin sjálf eða ekki.

Í könnun sem Halldóra Gunnarsdóttir, Rúnar Halldórsson og Stefanía Sörheller gerðu hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík árið 2000 kom fram að almennt hafi starfsmenn ekki talað við börnin og að upplýsingar um þau séu yfirleitt komnar frá öðrum. Svipaða niðurstöðu var að finna í könnun Steinhildar Sigurðardóttur á umgengni fósturbarna við kynforeldra sína (2002).

Í nýlegri danskri rannsókn á m.a. könnunarferli barnaverndarmála kemur fram að rætt hafði verið við 20% barnanna (Christensen og Egelund, 2002). Þar kemur fram að helstu upplýsingar um barnið eru fengnar hjá öðrum, fyrst og fremst hjá móður sem er aðal samstarfsaðilinn, en einnig frá öðrum sem þekkja barnið vel, svo sem kennurum eða leikskólakennurum. Dönsku barnaverndarstarfsmennirnir telja sig fá nægar upplýsingar um barnið frá öðrum en um leið verður barnið síður sýnilegt í sjálfu ferlinu.

Sú áhersla sem nú er víðast hvar lögð á að barnið sjálft taki virkan þátt í barnaverndarmálinu sjálfu er hluti af þeirri þróun að líta á börnin sjálf sem virka þátttakendur og sjálfstæða einstaklinga. Kitzinger (1990) bendir á að til þess að þátttaka þeirra verði raunveruleg þarf að skilgreina stöðu þeirra upp á nýtt og ekki líta á þau aðeins sem hluta af foreldrum sínum og þá fyrst og fremst mæðrum sínum.

6.4 Starfið miðar að foreldrunum

Umræða og áherslur starfsmanna í þessari rannsókn snúa fyrst og fremst að foreldrunum og þeirra erfiðleikum og vangetu þeirra til að sinna þörfum barnanna. Áherslur þeirra snúa að því á hvern hátt hægt sé að hjálpa foreldrunum til að breyta þeim aðstæðum sem börnin búa við. Undantekning er málið með þroskaskertu móðurina, þar sem umræðan snýst ekki um hvernig hún geti breytt umönnun sinni, heldur því á hvern hátt hægt sé að styðja hana með ólíkum praktískum aðgerðum til að hafa barnið áfram hjá sér.

Þegar rætt var um mál unglingsins breyttust áherslur. Þar er rætt um móðurina og sýndur skilningur á því að erfitt sé að vera með svona erfiðan unglings og að hún þurfi aðstoð, f.o.f. á þann hátt að unglingsurinn fari að heiman.

Þessi ríka áhersla sem lögð er á að horfa á vandamál foreldranna og reyna að hjálpa þeim til að takast á við uppeldishlutverkið á annan hátt en áður er að nokkru leyti sú sama og fram kemur í markmiðsgrein barnaverndarlaganna. Ef hins vegar þessi áhersla er skoðuð í samhengi við þá litlu áherslu sem lögð er á að ræða við börnin sjálf og kanna þeirra hug og vilja, má spyrja hvort markmið laganna um að hagsmunir barnanna skuli vera í fyrirrúmi sé haft að leiðarljósi, eða hvort búið sé að greina og skoða hverjir hagsmunir barnsins séu í raun og veru.

Víða í umræðunni kom fram að meta þyrfti getu og færni móður/foreldra, svo og möguleika á að ná betri færni í foreldrahlutverkinu. Ekki kom þó skýrt fram hvað starfsmenn telja að felist í foreldrafærni eða hvað það er sem börn þurfi til að dafna og ná þroska. Kari Killén (1994) hefur m.a. fjallað um þá þætti sem hún telur að felist í foreldrafærni, þar sem hún m.a. talar um mikilvægi þess að hafa raunsæja mynd af ólíkum þörfum barnsins og færni þess, geta sett þarfir þess í forgang o.fl.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að foreldrahæfnin er ekki eingöngu tengd við gáfur heldur geta þættir eins og hvaða fyrirmyndir þeir hafa sjálfir haft í eigin æsku, félagslegur arfur, persónuleiki o.fl. einnig haft sit að segja. Lagerberg og Sundelin vísa í bók sinni *Risk og prognos i socialt arbete med barn* í rannsókn Booths og Booths frá árinu 1997, þar sem fram kom að í stað þess að einblína á vangetu seinfærra foreldra til að sinna foreldrahlutverkinu, þurfi að virkja hið félagslega umhverfi foreldranna til að veita stuðning og taka þátt í ábyrgðinni á uppeldi barnsins. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001) benda einnig á að margar erlendar rannsóknir sýni að þroskaskerðing ein og sér segi ekki til um foreldrahæfni, en sé hins vegar áhættuþáttur sem huga þurfi að. Niðurstöður rannsóknar þeirra, sem fjallar um seinfærar/þroskaheftar mæður og börn þeirra á Íslandi, eru þær sömu og undirstrikar að þessar mæður þurfa tækifæri og stuðning til að sinna foreldrahlutverkinu.

Þrátt fyrir að í öllum málunum í þessari rannsókn hafi vaknað spurningar um að koma barni fyrir utan heimilis er einnig vert að undirstrika hversu sterka áherslu starfsmenn leggja á að barn verði hjá foreldri sínu. Stærsti hluti starfsmanna telur að hagsmunum barns sem verið hefur í fóstri sem síðan rofnar sé betur borgið hjá móður en á nýju fósturheimili þrátt fyrir alvarlega sögu móður um drykkju og aðeins tveggja ára reynslu af „edrúmennsku“. Það að alast upp hjá þroskaheftri móður, sem hefur átt í erfiðleikum með að þiggja aðstoð, telur tæpur helmingur þátttakenda heldur ekki nægjanlega ástæðu til að barnið fari af heimilinu, allavega ekki þegar það er orðið 10 ára. Sú áhersla sem starfsmenn lögðu á “rétt“ kynforeldra til að hafa barn sitt hjá sér og umræða um vandamál foreldranna og að ástæður þeirra virtust ráða miklu í þessu vali starfsmanna og þessi sjónarmið fengu meira rými í umræðunni heldur en vangaveltur um þarfir barnsins og stöðu þess.

6.5 Úrræðin og þekkingin á reynslunni af þeim

Þau úrræði sem starfsmenn nefna og vilja grípa til, bæði stuðningur við börnin og foreldrana, má trúlega í mörgum tilvikum frekar líta á sem ákveðna óskhyggju um úrræði sem starfsmenn myndu vilja geta nýtt í starfi sínu en það sem endilega er boðið upp á í hverju máli. Úrræði barnaverndarnefnda á hverjum stað eru mjög mismunandi og einnig er aðgangur að öðrum sérfræðingum sem stundum taka að sér greiningar- og meðferðarvinnu fyrir nefndirnar breytilegur milli staða. Á nokkrum af þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni voru fáir fagmenn sem þekktu til barnaverndarvinnu á staðnum og því erfitt að benda á úrræði sem ekki væru í höndum nefndarinnar sjálfar þó svo að bent væri á þannig úrræði við úrlausn málanna. Þá var einnig athgylisvert að starfsmenn á minni stöðum þar sem úrræði voru fá ræddu meira um hvers konar úrræði þyrfti að útbúa fyrir barnið og/eða fjölskylduna heldur en starfsmenn á stöðum þar sem úrræði voru fleiri.

Þrátt fyrir skort á rannsóknum á þessu sviði virtust starfsmenn hafa trú á að stuðningsúrræði á vegum barnaverndarnefnda myndu geta hjálpað barninu og fjölskyldunni til að takast á við þann vanda sem við væri að etja.

Mikil þörf er á frekari rannsóknum á úrræðum barnaverndarnefnda og þeim stuðningi sem veittur er, eins og t.d. persónulegum ráðgjöfum og stuðningsfor-eldrum og almennri ráðgjöf. Ein könnun sem gerð var á vinnu með 6 – 12 ára börn í Reykjavík (Halldóra Gunnarsdóttir, Rúnar Halldórsson og Stefanía Sörheller, 2000) sýndi að þau börn sem þátt tóku í könnuninni höfðu notið þess stuðnings sem þau fengu, en þar sem aðstæður heima breyttust ekki varð árangur stuðningsins í mörgum tilvikum ekki viðvarandi. Í könnun sem gerð var af Dögg Hilmarsdóttur og Erlu Hallgrímsdóttur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík árið 2001 var reynt að meta ákveðin stuðningsúrræði. Þar er þeim spurningum varpað fram hvort annars vegar sé skortur á hæfu starfsfólki til að taka að sér hin ólíku stuðningshlutverk og hins vegar hvort starfsmenn varpi of mikilli ábyrgð yfir á ófaglærða aðila. Þetta viðhorf birtist að hluta hér, en þá verður einnig að hafa í huga að hér var um tilbúið mál að ræða, þar upplýsingar voru takmarkaðar. Þá er einnig rétt að benda á að á nokkrum stöðum var í umræðunni lögð mikil áhersla á að greina vandann og gera verður ráð fyrir því að niðurstaða sem fengist úr slíkri greiningu gæti gert notkun stuðningsúrræða markvissari.

6.6 Trú starfsmanna á að ná samvinnu við foreldra um nauðsynleg úrræði

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að starfsmenn leggja mikla áherslu á samstarf við foreldra og þeir ganga ætíð út frá því að sú samvinna muni nást. Það að beita þvingun virðist framandi og er ekki rætt fyrr en vandamálin eru orðin mjög alvarleg og langvarandi. Þetta viðhorf verður að skoðast sem jákvætt og merki um þá áherslu sem lögð er á að breyta aðstæðum barnsins í samvinnu við foreldra og í samræmi við þá miklu áherslu sem ríkt hefur í þessu starfi á undanförunum árum um að efla og styrkja foreldra og börn (empowering). Niðurstöðurnar sýna einnig að starfsmönnum finnst oft erfitt að ná þessari samvinnu og stundum virðist einstigið á milli samvinnu og valdboðs eða forsjárhyggju verða mjótt, auk þess sem stöðugt þarf að hafa í huga hvort samvinnan við foreldra þjóni hagsmunum barnsins.

Í þjálfun og kennslu barnaverndarstarfsmanna hefur verið lögð áhersla á að afskipti barnaverndaryfirvalda af lífi fjölskyldna sé formleg og í umboði opinbers stjórnvalds, sem hefur ákveðnar skyldur þegar könnun máls hefst. Erlendis hefur því verið haldið fram að barnaverndarstarfsmenn hafi ákveðið fas/viðmót í starfi sínu sem endurspeglir þetta vald og formlegheit og þau séu einstaklingsmiðuð (Jordan, 1997). Þeir eigi einnig erfitt með að breyta vinnubrögðunum í þá átt að fara raunverulega að deila ábyrgð, vinna meira að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu gegnum ákveðið samningaferli og vinna þannig á meira óhefðbundinn hátt (Lupton og Nexon, 1999). Spyrja má hvort hluti af þessu viðhorfi sjáist hjá íslenskum barnaverndarstarfsmönnum og lýsi sér í ákveðinni forsjárhyggju sem greina megir í þessari rannsókn, þ.e. að starfsmenn séu fljótir að koma með hugmyndir að því sem þeir telja að foreldrar þurfi og eigi að gera.

Hér er e.t.v. spurning um að læra og beita nýjum aðferðum í samvinnu, aðferð sem gerir að verkum að starfsmaður taki við hugmyndum og tillögum frá bæði börnum og foreldrum, gangi inn í þær og endurskilgreini ef nauðsynlegt er og reyni, með börnunum og foreldrunum, að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hver vandinn sé og hvaða úrræði væru heppilegust.

Mona Sandbæk (2001) bendir á mörg börn sem barnaverndarnefnd hefur afskipti af og eru send á meðferðar- eða fósturheimili koma aftur heim, eða eru ítrekað send á nýja staði, þar sem stöðugt nýtt fólk tekur þátt í umönnun þeirra.

Hið opinbera er því ekki trygging fyrir öryggi og samfellu í uppeldisaðstæðum barnsins. Þátttaka kynforeldra getur því oft verið mikilvægur þáttur í að tryggja börnunum ákveðinn stöðugleika, hvort sem barnið er heima eða á stofnun eða fósturheimili.

Niðurstöður þessarar rannsóknar kalla á áframhaldandi rannsóknir um hinar ólíku hliðar samvinnunnar og hverju hún skilar fyrir barnið og fjölskylduna.

6.7 Ákvörðun og skipulag

Eins og áður hefur komið fram tóku ný barnaverndarlög gildi á meðan söfnun upplýsinga fyrir þessa rannsókn stóð yfir. Upplýsingarnar sem fengust um sjálfstýrð fyrirkomulagið eru því að mestu leyti hugsaðar sem grunnur að samannburði á því kerfi sem þá var við lýði og svo hinu nýja kerfi, þar sem stór hluti þvingunarákvarðana er nú kominn í hendur dómstóla. Nokkur atriði er samt ástæða til að minnst á og þau eru:

Ólíkt umboð starfsmanna og ólíkt starf nefndanna sem afleiðing af því

Barnaverndarlögin gera ráð fyrir því að barnaverndarnefnd geti falið starfsmönnum ákveðin hlutverk eða verkefni. Eina verkefnið sem nefndin hefur ekki heimild til að fela starfsmönnum er ákvörðun um þvingun, en að öðru leyti stendur nefndin frjálst að því að útbúa þessar reglur. Rannsóknin sýnir að þær nefndir sem þátt tóku hafa valið ólíkar leiðir til að skipuleggja starf sitt. Það er líka ljóst að aðstæður nefndanna og starfsmanna eru mjög mismunandi. Þar sem fáir starfsmenn eru er e.t.v. meiri þörf á að ræða málin og þau ólíku skref sem eru tekin en þar sem er stór hópur fagmanna sem e.t.v. vinnur eingöngu að barnaverndarmálum. Á minni stöðum eru málin fá og þar sem hvert einstakt mál er sérstakt, þrátt fyrir að rót vandans kunnir að vera svipuð, fæst lítil þjálfun í að meta málin og vinna að lausnum.

Það vakna þó nokkrar spurningar um hvort fjölskyldunum sé ætíð ljóst að barnaverndarstarfsmenn eru að vinna í umboði nefndar og hafi ákveðnar heimildir og skyldur sem þeim er ætlað að uppfylla. Það er einnig spurning hvort fjölskyldunum sé ljóst að svokallaðir meðferðarfundir, eða tillögur starfsmanna, séu ígildi þess sem ákveðið væri á barnaverndarfundum á þeim stöðum þar sem aðeins þvingunarmál eru rædd í barnaverndarnefnd.

Greinilegt er að víða finnst starfsmönnum ákveðinn styrkur í að geta rætt erfið mál við formann eða nefndina alla á fundi. Málin verða skýrari og komast í formlegri farveg. Hins vegar kemur líka fram hjá starfsmönnum að stundum sé nefndin ósammála þeim og mál sem starfsmönnum finnist skýr og lausnirnar liggi í augum uppi, mæti öðrum sjónarmiðum hjá nefndinni. Ef það gerist ítrekað að starfsmaður fer með mál fyrir nefnd með tillögur sem æ ofan í æ er blásið á, getur það haft alvarlegar afleiðingar varðandi áframhaldandi samstarf við fjölskylduna. Starfsmaðurinn verður ótrúverðugur í augum fjölskyldunnar og starfsmanni finnst vinna sín verða tilgangslaus og hefur á tilfinningunni að hann eigi að vinna gegn eigin sannfæringu, nokkuð sem hlýtur að skila sér til fjölskyldunnar og barnsins. Hér er ekki spurning um að nefnd geti ekki, og eigi ekki, að vera gagnrýnin á vinnu starfsmanns heldur að fjölskyldunni sé gerð skýr grein fyrir því hvar ákvörðunarvaldið liggur og að starfsmenn færi fagleg rök fyrir tillögum sínum.

Málsmeðferð

Alls staðar er lögð áhersla á fremur formlega málsmeðferð og á öllum stöðum nema einum fengu nefndarmenn öll gögn skrifleg fyrir fundinn. Þetta þýðir að þeir geta sett sig vel inn í málin áður en umræða um þau hefst og ákvarðanatökan verður markvissari. Það sama gildir um aðila málsins, sem einnig hafa haft möguleika á að kynna sér þau sjónarmið sem starfsmenn leggja áherslu á. Segja má að greinargerðin sjálf verði eitt af því sem undirstrikar þá samvinnu sem þarf að vera til staðar milli barns/foreldra og starfsmanns, þar sem eðlilegt má telja að fjölskyldan hafi almennt fengið tækifæri til að kynna sér greinargerðina áður en hún er endanlega tilbúin, og að athugasemdum og skoðunum hennar sé fléttað inn í endanlega gerð greinargerðarinnar. Þetta gerir líka kröfu um öguð og markviss vinnubrögð starfsmanna, sem hlýtur að leiða til að málið sjálft og öll sjónarmið verði sýnilegri og því auðveldara að ræða þau.

Almennt er einnig gert ráð fyrir að aðilar máls mæti hjá nefndinni. Nokkuð misjafnt var hve mikil áhersla var lögð á að barnið sjálft mætti og er það í nokkru samræmi við það sem áður er sagt um sýnileika barnsins og það hvort almennt sé talað við börnin sjálf í barnaverndarmálum. Það að ekki þyki sjálf-sagt að foreldrar og eða börn mæti á fund nefndanna vekur líka spurningu um hvort fjölskyldunum finnist þær í raun fá tækifæri til að setja fram sín sjónarmið og að á þau sé hlustað. Hérna er líka spurning um hvort nefndirnar líti fyrst og fremst á það sem hlutverk starfsmanna að vera í samvinnu við aðilana eða hvort samvinnan nái einnig til nefndanna sjálfra.

Allajafna virðist ríkja traust milli starfsmanna og nefndar. Í þeim tilvikum sem það virtist ekki vera, var einnig ákveðin tilhneiging til að koma með tillögur að stuðningi, í málum sem nefndin fjallaði um, sem líklegt væri að nefndin myndi samþykkja, jafnvel þó að starfsmaður teldi sig hafa fagleg rök fyrir einhverju öðru.

Áherslur í röksemdafærslum

Í Noregi er nokkur umræða um hvort aukin afskipti lögfræðinga af barnaverndarmálum og sterkari kröfur um málsmeðferð hafi orðið á kostnað félags- og sálfræðilegra þátta (Grinde, 2000). Nokkur skoðanamunur er á þessu milli formanna annars vegar, sem telja að jafnvægi sé milli þessara þátta í málsmeðferðinni, og starfsmanna hins vegar, sem telja að lagaleg atriði vegi nú þyngra en sálfræði- og félagsleg rök. Í því samhengi má velta því fyrir sér hvort starfsmenn þurfi að skoða og þjálfa sig í að rökstyðja hugmyndir sínar betur út frá faglegum forsendum og undirbúa sínar greinargerðir á annan hátt nú þegar mál fara fyrir almenna dómstóla. Einnig má spyrja hvort ekki sé ástæða til að lögfræðingar sem vinna í þessum málaflokkum fái sérstaka kennslu um barnavernd. Þá ber einnig að leggja áherslu á að skapa þarf starfsmönnum svigrúm til að undirbúa málin fyrir dómstóla og svara kröfum og beiðnum lögmannna án þess að það verði á kostnað þess að tala við börnin, kanna málin og ná samvinnu um ákjósanlegar leiðir til úrbóta.

6.8 Ábendingar

Það er von mín að niðurstöðurnar í þessari rannsókn geti nýst þeim sem vinna að barnaverndarmálum að skoða eigin vinnubrögð. Einnig að þær muni nýtast þeim sem eru að vinna að stefnumótun í málaflokknum og menntun fagmanna. Nokkur atriði sem ég tel brýnt að unnið verði að eru:

Skýrari skilgreiningar á því hvað barnaverndarmál eru.

Gátlistar við könnun mála.

Þjálfun í að ræða við og draga fram skoðun barnanna og stöðu þeirra.

Þjálfun í að ná raunverulegri samvinnu við foreldra og samstarfsaðila með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi.

Kennsla og þjálfun í að meta foreldrahæfni.

Kennsla um barnavernd fyrir lögfræðinga, sálfræðinga og aðra sem koma að barnaverndarmálum.

Aukin sérhæfing í barnaverndarmálum fyrir félagsráðgjafa og aðra sem hlotið hafa grunnmenntun í málaflokknum.

Viðauki:

Nafn/nr. **Dagsetning**

Menntun

Hef unnið við barnavernd í**ár**

Tvíburarnir Pétur og Páll

1. hluti

Pétur og Páll eru eineggja tvíburar. Þeir fæddust fyrir tímann og voru veikbyggðir. Annar þeirra var lengi í hitakassa. Móðir þeirra var þreytt eftir erfiða meðgöngu og fæðinguna sem tók langan tíma. Hún var ekki fær um að vera mikið hjá börnunum á meðan þau voru á spítalanum og taldi hvort eð er að þau yrðu hennar ekki vör. Þegar börnin voru ársögmul hafði ungbarnaeftirlitið samband við barnaverndarnefnd vegna þess að þau töldu móður úrvinda, að faðirinn hefði lítinn áhuga á börnunum og að fjölskyldan væri neikvæð varðandi tilboð um aðstoð.

Telur þú á grundvelli þeirra upplýsinga sem til eru að hér sé um vandamál að ræða sem barnaverndarnefnd eigi að hafa afskipti af?

(Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Þetta er ekki mál sem krefst rannsóknar eða aðgerða af hendi barnaverndarnefndar núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort hér er um barnaverndarmál að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....
.....
.....
.....
.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi börnin utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

2. hluti

Pétur og Páll 3ja ára

Þegar Pétur og Páll eru 3ja ára kemur tilkynning til barnaverndarnefndar frá nágretta vegna þess að „hræðilega mikil hróp og öskur heyrast frá foreldrum og börnum“ úr íbúðinni. Börnunum er lýst sem „stjórnlausum“. Þegar barnaverndarstarfsmaður fer á heimilið virðist honum börnin vera ógagnrýnin á fullorðna og „líma“ sig á þá; að foreldrarnir einblíni á neikvæðu hliðar drengjanna og að samspilið milli foreldra og barna sé litað af hávaða og skömmum. Drengirnir og sömuleiðis heimilið virðist skítugt og óhirt. Drengirnir ráða sér að mestu leyti sjálfir án afskipta foreldra. Drengirnir leika sér saman, en leikur þeirra er fábrotinn, þeir reiðast auðveldlega og fara þá að slást. Þeir eru illa talandi en skilja hvor annan.

Til hvaða viðbragða leiða hinar nýju upplýsingar?

Breyta þessar nýju upplýsingar mati þínu á því hvað barnaverndarnefnd ætti að gera? (Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Það er ekki þörf á könnun eða aðgerðum núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort um barnaverndarmál er að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi börnin utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	-----	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu		Barnið stutt utan heimilis

3. hluti

Pétur og Páll 7 ára

Pétri og Páli var útvegað leikskólaláss. Leikskólinn taldi Pál þurfa heyrnar-tæki, en foreldrar töldu það óþarfa. Þegar drengirnir eru 7 ára hefur skólinn samband við barnaverndarnefnd. Drengirnir eru ofvirkir, yfirgangssamir, trufla hin börnin og eru skildir útundan í leik. Mál- og hugtakabekking er léleg. Þeir eru oft skítugir og illa lyktandi og hin börnin bregðast við því. Foreldrar mæta ekki á foreldrafundi.

Þegar barnaverndarstarfsmaður kemur í heimsókn er mikið drasl í íbúðinni. Faðirinn situr hálfklæddur við bjórdrykkju. Hann telur drengina þurfa að taka sig á. Móðir þeirra bregst ekki við þeim að öðru leyti en með því að öskra á þá. Báðir foreldrarnir benda á að drengirnir séu fæddir fyrir tímann og séu þess vegna viðkvæmir, en telja ekki að fjölskyldan þurfi á utanaðkomandi aðstoð að halda.

Hvernig metur þú stöðuna?
Fylltu út næstu síðu.

Pétur og Páll – 7 ára

1. Hvað telur þú þurfa að gera? (Settu hring utan um a, b, eða c.)
 - a. Beita stuðningsúrræðum á heimilinu. Ef svo er, hvaða? (Sbr. 21. gr. a., b., d., e.)
 - b. Vista drengina utan heimilis sbr. 21. gr. f.
 - c. Leggja til forsjárviptingu sbr. 25. gr.
2. Settu kross á línuna hér fyrir neðan með tilliti til þess hvaða lausn þú telur heppilegasta, þ.e. stuðning á heimilinu (a) eða vistun utan heimilis (b, c).

**Stuðningsúrræði
á heimilinu**

**Barnið stutt
utan heimilis**

3. Hver eru rökin fyrir stuðningsúrræðum á heimilinu?
.....
.....
4. Hver eru rökin fyrir stuðningi utan heimilis?
.....
.....
5. Á hvað leggur þú mesta áherslu í mati þínu?
.....
.....
.....
6. Ef barnið væri stutt utan heimilis, myndir þú líta á það sem stuðningsúrræði (sbr. 21. gr. f) eða forsjárviptingu (sbr. 25. gr.)?
.....
.....
.....

7. Er eitthvað annað sem þú ert upptekinn af/bregst við í þessu eða svipuðum málum?

.....
.....
.....

Nafn/nr. *Dagsetning*

Menntun

Friðrik

I. hluti

Foreldrar Friðriks skildu þegar hann var 4ra ára. Friðrik býr hjá móður, nýjum eiginmanni hennar og tveimur hálf systkinum. Eiginmaður móður beitir hana ofbeldi og hann hefur hlotið dóm. Ástandið á heimilinu er erfitt. Þegar í leikskóla var Friðrik órólegur og árásargjarn. Þegar hann byrjaði í skóla var tekið eftir honum vegna þess hve órólegur hann var og hann lenti oft í slagsmálum. Hann vantar mikið í skólann og þrátt fyrir stuðning gengur námið erfiðlega. Hann lendir í útistöðum við nemendur og kennara og 11 ára gamall er hann fluttur í annan skóla til að „byrja upp á nýtt”.

Eftir því sem Friðrik eldist verður stöðugt erfiðara að ráða við hann. Hann fylgir ekki leiðbeiningum, kröfum né skipunum og hann lemur og sparkar. Þegar Friðrik er 12 ára hefur móðir hans samband við barnaverndarnefnd.

Telur þú á grundvelli þeirra upplýsinga sem til eru að hér sé um vandamál að ræða sem barnaverndarnefnd eigi að hafa afskipti af?

(Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Þetta er ekki mál sem krefst rannsóknar eða aðgerða af hendi barnaverndarnefndar núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort hér er um barnaverndarmál að ræða.

- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

2. hluti

Friðrik 12 ára

Þegar Friðrik er 12 ára flytur hann til föður síns, en finnst hann ekkert sérlega velkominn hjá honum. Hann lendir í útistöðum við jafnaldra, truflar, og ógnar og bekkurinn er hræddur við hann. Hann stundar skólann illa. Í frítíma sínum er Friðrik með eldri krökkum sem eru í erfiðum málum og hann byrjar að prófa hass og áfengi. Þegar Friðrik er 13 ára ræðst hann á skólafélaga, lemur og sparkar í hann þannig að það líður yfir hann. Hann er rekinn úr skóla og málið tilkynnt til barnaverndarnefndar.

Til hvaða viðbragða leiða hinar nýju upplýsingar?

Breyta þessar nýju upplýsingar mati þínu á því hvað barnaverndarnefnd ætti að gera? (Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Það er ekki þörf á könnun eða aðgerðum núna.

- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort um barnaverndarmál er að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	-----	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu		Barnið stutt utan heimilis

3. hluti

Friðrik 15 ára

Friðrik er nú 15 ára og lögreglan kallar á fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan yfirheyrslu. Friðrik hafði verið handtekinn kvöldið áður vegna þess að hann misþyrmdi miðaldra manni sem hafði reynt að stöðva hann og jafnaldra félag hans þegar þeir voru að eyðileggja bíl. Drengirnir lömdu manninn sem missti meðvitund. Hann var fluttur á sjúkrahús en er ekki í hættu lengur. Málið er tilkynnt til barnaverndarnefndar.

Hvernig metur þú stöðuna?
Fylltu út næstu síðu.

Friðrik 15 ára

1. Hvað telur þú þurfa að gera? (Settu hring utan um a, b, eða c.)
 - a. Beita stuðningsúrræðum á heimilinu. Ef svo er, hvaða? (sbr. 21. gr. a., b., d., e.)
 - b. Vista Friðrik utan heimilis sbr. 21. gr. f.
 - c. Leggja til forsjárviptingu sbr. 25. gr.
2. Settu kross á línuna hér fyrir neðan með tilliti til þess hvaða lausn þú telur heppilegasta, þ.e. stuðning á heimilinu (a) eða vistun utan heimilis (b, c).

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

3. Hver eru rökin fyrir stuðningsúrræðum á heimilinu?

.....

.....

4. Hver eru rökin fyrir stuðningi utan heimilis?

.....

.....

5. Á hvað leggur þú mesta áherslu í mati þínu?

.....

.....

.....

6. Ef barnið væri stutt utan heimilis, myndir þú líta á það sem stuðningsúrræði (sbr. 21. gr. f) eða forsjárviptingu (sbr. 25. gr.)?

.....

.....

.....

7. Er eitthvað annað sem þú ert upptekinn af/bregst við í þessu eða svipuðum málum?

.....
.....
.....

Nafn/nr. **Dagsetning**

Menntun

Lísa

Lísa er 8 ára og hefur verið í fóstri frá því hún var 2¹/₂ árs gömul. Foreldrar hennar voru þá sviptir forsjá vegna vímuefnaneyslu og óstöðugleika sem bitnaði á umönnun barnsins. Lísu hafði skort örvun, hún var óörugg og tengsla-myndun var léleg. Hún sýndi ókunnugum engin viðbrögð, sýndi foreldrum lítinn áhuga og var illa talandi.

Lísa tók miklum framförum á fósturheimilinu. Hún er í dag dálítið óörugg. Hún er tengd fósturforeldrum sínum og „límir sig” oft á þau. Það tók hana langan tíma að aðlagast leikskólanum, en henni gekk betur þegar hún byrjaði í skólanum. Þar er hún rétt undir meðallagi faglega og á erfitt með að einbeita sér. Hún á góða vini í skólanum og nágrenninu og hún er hluti af fósturfjölskyldunni og umhverfi/fjölskyldu hennar.

En fósturmóðirin veikist. Alvarleg bakmeiðsl hindra hana líkamlega, hún er með stöðuga verki sem taka alla hennar orku og hún gefst upp sem fósturmóðir. Fósturfaðir ræður ekki við meira en vinnu sína og að hugsa um fósturmóðurina og getur ekki borið ábyrgð á Lísu. Vegna þessara aðstæðna hefur móðir óskað eftir að fá Lísu til sín aftur.

Báðir foreldrar hafa verið án vímuefna í tvö ár eftir langa meðferð. Þau fóru úr meðferðinni einu sinni og aftur í sitt gamla umhverfi en fóru svo aftur í langa meðferð. Báðir foreldrar eru í hlutastarfi, en fá auk þess fjárhagsaðstoð. Bæði hafa þau umgengni við Lísu, þó að umgengnin hafi á köflum verið óregluleg. Þegar þau hitta hana er samband þeirra við hana gott. Umgengnin fer fram á fósturheimilinu eða þar í grennd.

Foreldrar búa ekki saman lengur en eru í ágætu sambandi. Móðir býr í 2ja her-

bergja íbúð og faðir býr í nágrenninu. Foreldrar vilja styðja hvort annað komi Lísu til móður. Þau segjast hafa lítið samband við stórfjölskyldur sínar og vinir og kunningjar eru fáir þar sem þau hafa sagt skilið við sitt fyrra umhverfi.

Hvernig metur þú stöðuna?

Fylltu út næstu síðu.

Lísa 8 ára

1. Hvað telur þú rétt að gera núna? (Settu hring utan um a eða b.)
 - a. Leggja til að Lísu fari aftur til móður.
 - b. Finna nýtt fósturheimili fyrir Lísu.
2. Settu kross á línuna hér fyrir neðan miðað við hve nálægt þú ert lausn um að Lísu fari aftur til móður (a) eða að finna henni nýtt fósturheimili (b).

—————
 Aftur til móður Nýtt fósturheimili

3. Hvað mælir með að hún fari til móður?

.....

4. Hvað mælir með nýju fósturheimili?

.....

5. Hvað leggur þú mesta áherslu á í mati þínu?

.....

6. Er eitthvað annað sem þú ert upptekinn af/bregst við í þessu máli eða svipuðum málum?

.....
.....
.....

Nafn/nr. **Dagsetning**

Menntun

Eiríkur

1. hluti

Eiríkur er 6 mánaða og býr hjá móður sinni. Ekkert samband er við föður. Móðir þekkir fáa og fjölskylda hennar hefur takmarkaða möguleika á að styðja hana. Móðir er þroskaskert og fær örorkubætur. Hún hefur takmarkaðan skilning á þörfum barnsins og ungbarnaeftirlit hefur áhyggjur af umönnun Eiríks. Móðir tekur ábendingum og ráðleggingum gjarnan sem gagnrýni á sig og umönnunarhæfni sína og starfsmönnum ungbarnaeftirlits finnst því erfitt að eiga í samskiptum við hana. Ungbarnaeftirlitið hefur því samband við barnaverndarnefnd.

Telur þú á grundvelli þeirra upplýsinga sem til eru að hér sé um vandamál að ræða sem barnaverndarnefnd eigi að hafa afskipti af?
(Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Þetta er ekki mál sem krefst rannsóknar eða aðgerða af hendi barnaverndarnefndar núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort hér er um barnaverndarmál að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

2. hluti

Eiríkur 2ja ára

Þegar Eiríkur er 2ja ára gamall telur leikskólinn hann sýna einkenni þroska-ahömlunar. Hann er áhyggjufullur, hefur lítið frumkvæði gagnvart öðrum börnum, máltöku er ábótavant, hugtakaþekking er slök og hann hefur mikla þörf fyrir að vera í sambandi við fullorðna. Leikskólinn hefur áhyggjur af umönnun hans, bæði hvað varðar ytri aðbúnað, svo sem fatnað og hreinlæti, svo og getu hans til að tengjast, öryggistilfinningu hans og örvun. Leikskólinn fær aukastuðning til að sinna þörfum Eiríks.

Til hvaða viðbragða leiða hinar nýju upplýsingar?

Breyta þessar nýju upplýsingar mati þínu á því hvað barnaverndarnefnd ætti að gera? (Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Það er ekki þörf á könnun eða aðgerðum núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort um barnaverndarmál er að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.

D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu		Barnið stutt utan heimilis

3. hluti

Eiríkur 10 ára

Þegar Eiríkur er 10 ára hefur skólinn samband við barnaverndarnefnd. Skólinn lýsir Eiríki sem áhyggjufullum og viðkvæmum dreng með lélega sjálfsmynd og hann á erfitt með að einbeita sér. Hann hefur ennþá mikla þörf fyrir samneyti við fullorðna, og á lítil samskipti við önnur börn. Krökkunum finnst Eiríkur „sérstakur“ og hann er félagslega einangraður. Eiríki gengur illa í náminu. Sálfræðipróf sýnir að greind hans er innan eðlilegra marka, en hann á í miklum félags- og tilfinningalegum erfiðleikum. Sálfræðingurinn telur Eirík hafa mikla þörf fyrir örvun og umönnun. Samband Eiríks og móður er náíð, en fötlun hennar leiðir til þess að henni tekst ekki að mæta þörfum Eiríks þrátt fyrir aðstoð og hann er á sumum sviðum að fara fram úr henni í þroska. Hún vill samvinnu um ný stuðningsúrræði fyrir Eirík til að fá að hafa hann heima áfram. Sálfræðingurinn telur að móður muni reynast æ erfiðara að sinna Eiríki eftir því sem hann eldist og kemst á táningsárin.

Hvernig metur þú stöðuna?

Fylltu út næstu síðu.

Eiríkur 10 ára

1. Hvað telur þú þurfa að gera? (Settu hring utan um a, b, eða c.)
 - a. Beita stuðningsúrræðum á heimilinu. Ef svo er, hvaða? (sbr. 21. gr. a., b., d., e.)
 - b. Koma Eiríki í vistun utan heimilis sbr. 21. gr. f.
 - c. Leggja til forsjársviptingu sbr. 25. gr.
2. Settu kross á línuna hér fyrir neðan með tilliti til þess hvaða lausn þú telur heppilegasta, þ.e. stuðning á heimilinu (a) eða vistun utan heimilis (b, c).

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

3. Hver eru rökin fyrir stuðningsúrræðum á heimilinu?
.....
.....
4. Hver eru rökin fyrir stuðningi utan heimilis?
.....
.....
5. Á hvað leggur þú mesta áherslu í mati þínu?
.....
.....
.....
6. Ef barnið væri stutt utan heimilis, myndir þú líta á það sem stuðningsúrræði (sbr. 21. gr. f) eða forsjársviptingu (sbr. 25. gr.)?
.....
.....
.....

7. Er eitthvað annað sem þú ert upptekinn af/bregst við í þessu eða svipuðum málum?

.....
.....
.....

Nafn/nr **Dagsetning**

Menntun

Kristín

1. hluti

Dagamma Kristínar, sem er 7 mánaða, hefur samband við barnaverndarnefnd. Dagamma telur móður Kristínar eiga við áfengisvandamál að stríða. Hún virðist öðru hvoru undir áhrifum þegar hún kemur með eða sækir stelpuna, stundum kemur hún seint og einu sinni kom hún ekki þannig að Kristín gisti hjá dagmömmunni. Faðir Kristínar býr ekki með fjölskyldunni. Hann er í siglingum, en þegar hann er í landi kemur hann öðru hvoru með stelpuna eða sækir hana. Hann virðist hlýr og umhyggjusamur og er aldrei drukinn. Dagmömmunni finnst þó erfitt að vera í samskiptum við hann, hann virðist hlé-drægur og feiminn.

Telur þú á grundvelli þeirra upplýsinga sem til eru að hér sé um vandamál að ræða sem barnaverndarnefnd eigi að hafa afskipti af? (Settu hring utan um A, B, C eða D.)

- A. Þetta er ekki mál sem krefst rannsóknar eða aðgerða af hendi barnaverndarnefndar núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort hér er um barnaverndarmál að ræða.
- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.

D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúræði á heimilinu	Barnið stutt utan heimilis

2. hluti

Kristín 4ra ára

Kristín er 4ra ára og er í leikskóla sem nú hefur samband við barnaverndarnefnd. Kristín er mjög virk og hress stelpa, en heimilislífið er litað af áfengisneyslu móður. Kristín þarf oft að fara ein á fætur og finna sér eitthvað að borða ef einhver matur er til. Stundum kemur hún ein í leikskólann. Starfsmenn leikskólans grunar að Kristín sé stundum ein heima á kvöldin. Pabbinn sækir hana af og til og Kristínu virðist þykja vænt um hann. Leikskólinn veit hins vegar lítið um hann. Amma hennar sækir hana stundum, en leikskólinn heldur að hún eigi einnig við áfengisvandamál að stríða.

Til hvaða viðbragða leiða hinar nýju upplýsingar?

Breyta þessar nýju upplýsingar mati þínu á því hvað barnaverndarnefnd ætti að gera? (Settu hring utan um A, B, C eða D).

- A. Það er ekki þörf á könnun eða aðgerðum núna.
- B. Meiri upplýsinga er þörf til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort um barnaverndarmál er að ræða.

- C. Barnaverndarnefnd verður að hefja könnun með aðgerðir í huga.
- D. Það þarf að grípa til aðgerða strax.

Hvað leggur þú sérstaklega áherslu á í mati þínu?

.....

.....

.....

.....

.....

Teljir þú þörf á aðgerðum, settu þá kross á línuna hér fyrir neðan í samræmi við mat þitt á því hvort beri að veita aðstoð á heimilinu eða hvort vista eigi barnið utan heimilis.

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stuðningsúrræði á heimilinu		Barnið stutt utan heimilis

3. hluti


Kristín 6 ára

Kristín er orðin 6 ára. Við upphaf skólagöngu var hún send í sálfræðiathugun. Sálfræðingurinn taldi Kristínu vel gefna og duglega stelpu. Henni gengur vel bæði í námi og félagslega. Hún hefur þó allt of miklar skyldur heima þar sem allt á heimilinu er stundum á tjá og tundri vegna áfengisneyslu móður. Kristín sér því um ýmis praktísk mál. Hún ákveður sjálf hvenær hún vill vera hjá ömmu og gista þar eða vera heima. Amman á einnig við ýmis félagsleg og geðræn vandamál að stríða. Kristín er tengd föður sínum, en á tímabilum neitar móðir honum að koma í heimsókn til þeirra og að vera í sambandi við stelpuna.

Hvernig metur þú stöðuna núna?
Fylltu út næstu síðu.

Kristín 6 ára

1. Hvað telur þú þurfa að gera? (Settu hring utan um a, b, eða c.)
 - a. Beita stuðningsúrræðum á heimilinu. Ef svo er, hvaða?
(sbr. 21. gr. a, b, d, e).....
 - b. Koma Kristínu í vistun utan heimils sbr. 21. gr. f.
 - c. Leggja til forsjárviptingu sbr. 25. gr.
2. Settu kross á línuna hér fyrir neðan með tilliti til þess hvaða lausn þú telur heppilegasta, þ.e. stuðning á heimilinu (a) eða vistun utan heimilis (b, c).



3. Hver eru rökkin fyrir stuðningsúrræðum á heimilinu?
.....
.....
4. Hver eru rökkin fyrir stuðningi utan heimilis?
.....
.....
5. Á hvað leggur þú mesta áherslu í mati þínu?
.....
.....
.....

6. Ef barnið væri stutt utan heimilis, myndir þú líta á það sem stuðningsúrræði (sbr. 21. gr. f) eða forsjársviptingu (sbr. 25. gr.)?
.....
.....
.....

7. Er eitthvað annað sem þú ert upptekinn af/bregst við í þessu eða svipuðum málum?
.....
.....
.....

Viðtöl við formenn nefnda

Skoðið sérstaklega 5 síðustu málin sem nefndin hefur fjallað um. (Í hve mörgum tilvikum var úrskurðað?)

I Málin sjálf

1. Hvaða mál eru lögð fyrir nefnd – hver eru helstu vandamálin? (Neysla, vanræksla, geðræn vandamál, hegðunarbrot o.s.frv.)
2. Er vandinn fyrst og fremst barnsins eða foreldranna?
3. Hvað rök skiptu mestu máli í ákvarðanatökunni? (Var staðan „núgu alvarleg“? Voru stuðningsaðgerðir fullreynðar? Saknaðir þú einhvers í stuðningi eða mati?)
4. Hvaða spurningar eða vangaveltur koma upp í málunum?
5. Var nefndin í vafa um hvað væri það besta fyrir barnið?
6. Hvað skipti mestu máli við ákvarðanatökuna?
7. Var eitthvað sérstakt í þessum málum miðað við önnur „venjuleg“ mál sem úrskurðað hefur verið um eftir sömu greinum?

II Meðferð málsins

8. Hvað fór langur tími í hvert mál (lestur gagna, kynning málsins fyrir nefndinni og umræða um niðurstöðu)?
9. Tímalengd alls. Hve margir dagar liðu frá því að málin voru lögð fyrir nefnd og þar til aðilar fengu niðurstöðu þess? Var eitthvað sérstakt sem flýtti/seinkaði málsmeðferð?
10. Hverjir mættu hjá nefndinni (aðilar, starfsmenn, lögmennt, aðrir)?
11. Hver kynnti málið?
12. Hver var þáttur starfsmanns þegar málið var kynnt?
13. Var barnið sýnilegt í ferlinu? Hvernig var barnið gert sýnilegt?
 - a. Lýsing barnaverndarstarfsmanns?
 - b. Skýrslur frá sérfræðingum/öðrum?
 - c. Aðrir sem nefndin fékk á sinn fund?
 - d. Talsmenn?
 - e. Annað?
14. Mætti barnið fyrir nefndina?
 - a. Með lögmann eða talsmann?
 - b. Ræddi nefndin, eða hluti nefndarinnar við barnið (þá hver)?
15. Var óskað eftir að aðrir kæmu á fund nefndarinnar (ættingjar, kennarar, lögregla, aðrir)?
16. Lágu fyrir skýrslur sérfræðinga? Hver hafði valið sérfræðing?
 - a. Var sérfræðingurinn tengdur/vann fyrir barnaverndarnefnd?
 - b. Óskaði bvn. eftir sérfræðingnum?
 - c. Var sérfræðingurinn kallaður á fund nefndarinnar?
 - d. Lágu fyrir eldri skýrslur sérfræðinga?
17. Lágu aðrar sérfræðiskýrslur fyrir (frá sálfræðideild, BUGL, geðdeildum, öðrum meðferðarstofnunum)?
18. Var ákvörðunin samhljóða?

19. Ef ekki, hver voru rökin á móti?
20. Var lítið á málið sem „sérstakt“ eða venjulegt? Hvað var sérstakt við það Annað sem máli gæti skipt?

III Eftir ákvörðunina

21. Veit nefndin hvernig framkvæmd ákvörðunar tókst?
22. Hefur nefndin fylgt málinu eftir á einhvern hátt? Er til þess ætlast?
23. Var málinu áfrýjað? Hvað gerðist svo?
24. Ef málinu var áfrýjað, var niðurstaða nefndar samþykkt eða henni breytt? Ef svo var, hvernig?
25. Var einhver munur á mati nefndar og Barnaverndarráðs/dómstóls?
26. Var eitthvað frábrugðið venjulegum málum sem afgreidd eru skv. þessari grein?

IV Skipulag og málsmeðferð

27. Samsetning nefndar (hver er fundarstjóri, fjöldi nefndarmanna, bakgrunnur nefndarmanna)?
28. Hefur nefndin fleiri hlutver? Er hún jafnframt félagsmálanefnd?
29. Ef svo er, hefur það áhrif á ákvarðanir í barnaverndarmálum að nefndin sinni jafnframt félagsþjónustu?
30. Hvernig eru mál lögð fyrir nefndina (skriflegar greinargerðir, munnlegur málflutningur, aðilar kallaðir fyrir, annað)?
31. Hvar eru fundir haldnir? Hvernig er herbergið, hver tekur á móti aðilum, hver situr hvar?

32. Dagskrá fundarins. Er lögð áhersla á formlegan málflutning eða meira óformleg samtöl?
33. Hvernig skiptist tíminn? Málið kynnt, aðilar mæta, umræður o.fl?
34. Hvernig er niðurstaða fundarins kynnt aðilum (aðilar fá bréf, lögmönnum, aðilum eru send bréf, annað)?

V Almenn reynsla af barnaverndarmálum

35. Eru málin nógu vel undirbúin af starfsmönnum til að hægt sé að taka ákvörðun? Saknar þú einhvers og þá hvers?
36. Hvert er mat þitt á því efni sem lagt er fram – rökstuddur grunur, faglegt mat?
37. Hefur umsögn þeirra sem kallaðir eru til, skýrslur sérfræðinga, mikið að segja í málinu? Hvers vegna?
38. Hvernig metur þú almennt sambandið milli lögfræðilegs og félags-/sálfræðilegs mats í barnaverndarmálum?
39. Heldur þú að fyrir liggi mismunandi lögfræðilegt og félags-/sálfræðilegt mat hjá barnaverndarnefnd, Barnaverndarráði og dómstólum?
40. Skv. barnaverndarlögum á ákvörðun að byggja á því sem best er fyrir barnið. Oft er því þó haldið fram að barnið sjáist ekki nógu skýrt við málsmeðferðina. Hvernig er matið milli sjónarmiða og hagsmuna foreldra annars vegar og barnanna hins vegar?
41. Heldur þú að mismikið tillit sé tekið til sjónarmiða foreldra annars vegar og barna hins vegar á hinum ólíku stöðum (barnaverndarnefnd og Barnaverndarráði og dómstólum)?
42. Annað sem skiptir máli í mati og málsmeðferð í barnaverndarmálum?

Heimildir

Arad, B.D.,(2001): „Parental features and quality of life in the decision to remove children at risk from home“ í *Child Abuse & Neglect* 1/2001.

Backe-Hansen, E. (2001): *Rettferdiggjøring av omsorgsovertakelse. En beslutningsteoretisk analyse av barneverntjenestens argumentasjon i en serie typiske saker om små barn.* NOVA.

Backe-Hansen, E., (2001): „ Morsbilder i barnevernet“ í *Tidsskriftet Norges Barnevernd*, nr.2-2001.

Backe-Hansen, E., (ritstj.) (2000): *Vurderingsgrunnlaget i alvorlige barnevernssaker* NOVA skriftserie 3/20.

Barnavernd á Íslandi, (2000): *Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefnda á Íslandi árin 1996-1999*, Barnaverndarstofa.

Barnaverndarráð (2001): *Ársskýrsla Barnaverndarráðs 2000*, Reykjavík. Barnaverndarráð.

Barnaverndarstofa (2002): *Ársskýrsla 2001*. Reykjavík, Barnaverndarstofa.

Bunkholdt, Vigdis, (2002): Mellom relasjonell kontinuitet og relasjonell stabilitet: Et dilemma for barnevernet í *Norges Barnevern nr. 2/2002*.

Christensen, E. og Egelund, T.,(2002): *Børnesager. Evaluering af den forebyggende indsats*, Socialforskningsinstituttet 02:10.

Christoffersen, M., (2002): *Social støtte til børn. En undersøgelse af børn, der modtog forebyggende hjælp iht. Serviceloven for første gang i 1998*, Arbejdsrapport 9:2002, Socialforskningsinstituttet.

Dögg Hilmarsdóttir og Erla Hallgrímsdóttir: (2001) *Upplifun á stuðningsúrræðum, tilsjón, persónulegri ráðgjöf*. Verkefni 4. árs nema í félagsráðgjöf við HÍ.

Egelund, T., (2002): *Metodeanvendelse i kommunernes forebyggende arbejde med børn og unge. 2. delrapport i evaluering af den forebyggende indsats over for børn og unge*, Arbejdsrapport 3:2002, Socialforskningsinstituttet.

Falck og Havik (ritstj.) (2000): *Barnevern og fylkesnemnd*, Kommuneforlaget.

Félagsmálaráðuneytið (1942): *Félagsmál á Íslandi*, Reykjavík

Finch, J., (1987): „Research Note. The Vignette Technique in Survey Research“ í *Sociology*, árg. 21, nr. 1, bls. 105-114.

Framework for the Assessment of Children in Need and their Families, Department of Health, Department for Education and Employment, Home Office 2000.

Frumvarp til barnaverndarlaga (lagt fyrir Alþingi á 1277. löggjafarþingi 2001–2002)
Gallup (2001): *Viðhorfsrannsókn*, Gallup.

Grinde, T.V. (1989): *Barn og barnevern i Norden. Samfunnets respektive familiens ansvar for barna*, Tano.

Grinde, T.V. (2003): *Nordisk barnevern: Likheter i lovgivning – forskjeller i praksis. Om kultur, normer og holdninger*; Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring. Skriftserie 2/03.

Guðjón Friðriksson (1994): *Saga Reykjavíkur. Bæring vaknar 1870-1940. Síðari hluti*, Íðunn.

Guðrún Kristinsdóttir, (1991): *Child Welfare and Professionalization*, Umeå Social Work Studies 15, University of Umeå.

Halldóra Gunnarsdóttir, Rúnar Halldórsson, Stefanía Sörheller, (2000): *Barnavernd í Reykjavík. Könnun á vinnu með 6-12 ára börnum í barnaverndarmálum*, Félagsþjónustan í Reykjavík.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001): *Ósýnilegar fjölskyldur, seinfærar/proskaheftar mæður og börn þeirra*, Háskólaútgáfan.

Hantrais, Linda (1999): „Contextualization in cross-national comparative research“, í *International Journal of Social Research Methodology*, nr. 2, bls. 93-108.

Hestbæk, Anne-Dorthe (1998): *Tvangsanbringelser i Norden. En komparativ beskrivelse af de nordiske landes lovgivning*, Socialforskningsinstituttet 98:15.

Heterington, R., Cooper, A., Smith, P. and Vilford, G. (1997): *Protecting Children, Messages from Europe*, Russell House Publishing Limited.

HMSO (1995). *Child Protection Messages from Research. Studies in Child Protection*. HMSO.

Hydén, Margareta (2000): „Forskningsintervjun som relationell praktik“ í *Kjönn og fortolkende metode. Metodiske Muligheter i kvalitativ forskning*, Haavind, H., (ritstj.), Gyldendal Norsk Forlag AS.

Jordan, B., (1997): *Social Work in an Unjust Society*, Harvester Wheatsheaf.

Killén, K., (1994): *Sveket Omsorgssvikt er alles ansvar*, Kommuneforlaget

Kitzinger, J., (1990): „Who are You Kidding? Children, Power and the Struggle Against Sexual Abuse“, í James, A., and Prout, A., *Constructing & Reconstructing Childhood*, The Farmer Press, London.

Lagerberg, D., (2001): „Definition av samhällelig omsorgsbrist och skadlig behandling av barn“ í *Barnmishandle. Att förebygga och åtgärder*, SOU 2001:72.

Lagerberg, D. og Sundelin, C.,(2000): *Risk och prognos i socialt arbete med barn. Forskningsmetoder och resultat*, Forlagshuset Gothia.

Lauritsen, Lena Renate (2000): Samvær mellom biologiske foreldre og barn etten en tvangsadopsjon <http://www.jus.uit.no/ansatte/lauritsen/Artikkel.kritiskjuss.2000nr3htm>

Lichtwarck, W. og Clifford, G., (1996): *Samarbeid i Barnevernet. Ideologi, endring og konflikt*, Tano.

Little, M., (1999): „The re-focusing of children’s services: the contribution of research“ í Lupton, Carol og Nexon, Paul: *Empowering practice? A critical appraisal of the family group conference approach*, The Policy Press.

Masson, J.: „Introducing non-punitive approaches into child protections: legal issues“ í *Child Protection and Family Support. Tensions, contradictions and Possibilities*, Parton, N. (ritstj.) Routledge 1997.

Munro, Eileen (1999) : „Common errors of reasoning in child protection work“ í *Child Abuse & Neglect*, Árg. 23, nr. 8.

Ólafur Þór Jóhannesson (1999): *Fósturfjölskyldur; könnun á viðhorfum og högum tíu fósturfjölskyldna*, Óbirt námsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Parton, N.(1997): „Child Protection and Family Support. Current debates and future prospects“ í *Child Protection and Family Support. Tensions, Contradictions and Possibilities*, Parton, N. (ritstj.), Routledge.

Roer-Strier, Dorit (2001): Reducing risk for children in changing cultural contexts; recommendations for intervention and training í *Child Abuse & Neglect*, árg. 25. hefti 2, bls. 231-248

Sandbæk, M., (1995): *Fikk barna hjalp? - en studie av barns kontakt med hjelpeapparatet, sett med de foresattes øyne*, BVU 1995.

Sandbæk, M., (red.)(2001): *Fra mottaker til aktør. Brukernes plass i praktisk sosialt arbeid og forskning*, Gyldendal Norsk Forlag AS.

Sandbæk, M., (2002): *Barn og foreldre som sosiale aktører i møte med hjelpetjenester*, NOVA, Rapport 14/02.

Sigríður Jónsdóttir (1993): *Fósturbörn: Börn sem fara í varanlegt föstur á vegum Barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar á árunum 1971–1987*, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Sigurlína Davíðsdóttir (1999): *Mat á meðferðinni að Torfastöðum í Biskupstungum*, Barnaverndarstofa.

Sigurlína Davíðsdóttir (1999): *Bakkaflöt og Stóra-Gröf. Mat á meðferð*, Barnaverndarstofa

Tanner, Karen og Turney, Danielle: „What do we know about child neglect? A critical review of the literature and its application to social work practice“ in *Child and Family Social Work* 2003, 8, bls. 25–34.

Taylor, S.J. og Bogdan, R., (1998): *Introduction to Qualitative Research Methods. A Guidebook and Resource*, John Wiley & Sons, Inc.

Thoburn, T., Brandon, M. og Lewis, A. (1997): „Need risk and significant harm“ í *Child Protection and Family Support*, Parton, N. (ritstj.) Routledge.

Triseliotis, J. (2002): „Long-term foster care or adoption? The evidence examined“ í *Child and Family Social Work* 2002, nr. 7, bls. 23–33.

Woodcock, Johanna (2003) „The Social Work Assesement of Parenting: An Exploration“ í *The British Journal of Social Work* 33, bls. 87-106.

Lög:

Lög um barnavernd nr. 43/1932.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530 2600
Bréfasími: 530 2601
Netfang: bvs@bvs.is
Veffang: www.bvs.is